

GEYMIÐ
BÓKASKRÁNA.
HÚN GÆTI
KOMIÐ SÉR VEL
DEGAR VELJA
Á BÓK.




DÆMI UM AÐSTÆÐUR



OG

BÓKA
2015
TILHÖNDI



UMHVERFI



SEM HÆFA



LETRI



GÓÐRA



BÓKA

Kæru bókaunnendur,

Fnn á ný birtast Bókatiðindi ársins, að venju sneisafull af áhuga-
verðum bókum af öllum stærðum og gerðum. Í mínum huga er ljóst
að hér geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Bókaútgáfa stendur að
ýmsu leyti á tímamótum og má sjá merki þess hér, því á árinu kemur út
fjöldi raf- og hljóðbóka af ýmsu tagi. Eftir sem áður eru þó mikill meirihluti
útgefna bóka prentaður, og verður eflaust svo um fyrirsjáanlega framtíð,
þó svo bæði raf- og hljóðbækur verði fyrirferðameiri er fram í sækir.

Í heildina eru skráðar hátt í 800 bækur, sem koma út á árinu. Það er
nokkur fjölgun frá síðasta ári og sérstaklega er ánægjulegt að sjá verulega
fjölgun í flokki bóka fyrir ungmenni, en í þeim flokki er aukningin yfir 60%
milli ára. Eins er gleðilegt að sjá að enn fjölgar útgefnum barnabókum,
sem eru í ár liðlega 200. Barnabókaútgáfa á Íslandi hefur verið með miklum
blóma á undanförunum árum og sá markaður farið stækkandi, sem er góðs
viti fyrir þann örmarkað sem íslenskir bókaútgefendur starfa á. Í raun má
segja að um kraftaverkamarkað sé að ræða, þegar litið er til þess mikla
fjöldna bókatitla sem gefnir eru út á ári hverju. Og það eigum við ykkur
bókaunnendum allt að þakka. Að út komi hátt í 800 nýjar bækur á árinu
ber vitni óbilandi trú útgefenda og rithöfundna, enda lítum við á okkur sem
bókþjóð.

Það er ekki sjálfgefið að starfrækja jafn öflugan bókamarkað og þessi
Bókatiðindi vitna um á jafn litlu málsvæði og því íslenska, og einn horn-
steina hans er hið svokallaða jólabókaflóð sem nú er skolið á af fullum
þunga. Bókaútgefendur horfa á törnina framundan fullir af bjartsýni.
Íslendingar vilja helst bækur í jólagjafir, og ljóst að úrvalið í ár er með glæsi-
legra móti, þannig að bóka fólk á öllum aldri á von á góðum glaðningi.

Í ár höldum við áfram að laga útlit Bókatiðindanna til þess að gera þau
enn aðgengilegri lesendum. Við vonum að nýja útlitið eigi eftir að falla vel
í kramið.

Gleðileg bókajól!

Egill Örn Jóhannsson

Formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

Merking tákna í Bókatiðindum

Undir kápumyndum allra bóka
má nú finna tákna sem vísa til
útgáfuforms. Táknkýringar
má finna neðst á öllum
kynningarblaðsíðum.

GOR	Gormabók
HSP	Harðspjalda bók – allar blaðsíður úr hörðum pappír
HLB	Hljóðbók
IB	Innbundin bók – kápspjöld úr hörðum pappír
KIL	Kilja
RAF	Rafbók
SVK	Sveigjanleg kápa – líkt og kilja en í annarri stærð

Efnisyfirlit

Barna- og unglingsbækur

■ Íslenskar.....	3
■ Þýddar.....	9

Ungmennabækur

■ Íslenskar.....	18
■ Þýddar.....	20

Skáldverk

■ Íslensk.....	21
■ Þýdd.....	27
■ <i>Ljóð og leikrit</i>	34
■ <i>Listir og ljósmyndir</i>	38
■ <i>Saga, ættfræði og héraðslýsingar</i>	40
■ <i>Ævisögur og endurminningar</i>	42
■ <i>Matur og drykkur</i>	45
■ <i>Fræði og bækur almenns efnis</i>	46
■ <i>Útivist, tómstundir og íþróttir</i>	58
■ <i>Höfundaskrá</i>	61
■ <i>Útgefendaskrá</i>	65
■ <i>Bóksalaskrá</i>	67
■ <i>Titlaskrá</i>	68
■ <i>Skrá yfir raf- og hljóðbækur</i>	71

BÓKATIÐINDI 2015

Útgefandi:



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA

Félag íslenskra bókaútgefenda
Barónsstíg 5
101 Reykjavík
Sími: 511 8020
Netf: fibut@fibut.is
Vefur: www.fibut.is

Hönnun kápu:

Gunnar Karlsson og Ámundi Sigurðsson

Ábm.:

Benedikt Kristjánsson

Upplag:

125.000

Umbrot, prentun

Oddi,

og bókband:

umhverfisvottað fyrirtæki



Dreifing:

Íslandspóstur hf.

ISSN 1028-6748

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 21.-22. NÓV. 2015

Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.bokmenntaborgin.is

Barnabækur

ÍSLENSKAR



Af hverju eru jöklar og ís á jörðinni?

Helgi Björnsson

Myndir: Þórarinn Már Baldursson

Einu sinni haldi jökull allt Ísland og náði langt út í sjó en núna minnka jöklarnir hratt og sumir þeirra hverfa jafnvel bráðum. Þessi fræðandi bók geymir 45 spurningar og svör um jökla og loftslagsmál eftir einn helsta jöklafræðing okkar og hentar fróðleiksfúsum lesendum frá átta ára aldri.

55 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Bestu barnabrandararnir

Bara góðir!

Ýmsir

Frábærlega skemmtilegir brandarar sem koma öllum í gott skap, jafnt ungum sem eldri. Bók sem þessi ætti að vera alls staðar innan seilingar. Og hana nú!

80 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Björt í sumarhúsi

Þórarinn Eldjárn og Elín Gunnlaugsdóttir

Myndskr.: Sigrún Eldjárn

Björt í sumarhúsi er nýr íslenskur söngleikur. Björt fer með ömmu og afa sínum í sumarhús og lendir þar í ýmsum ævintýrum.

Bókinni fylgir geisladiskur með tónlist og texta flutt af einvala hópi listamanna. Sagan höfðar til barna á öllum aldri.

52 bls.

Töfrahurð

IB



Bjössí bolla

Órabelgur og prakkari

Magnús Ólafsson


Lesari: Magnús Ólafsson

Bjössí bolla er skemmtilegur prakkari sem elst upp í sveit. Hann gerir at í öllum og hefur orðið viðfrægur í meðförum Magnúsar Ólafssonar leikara. Bókin er hljóðskreytt og Bjössí sjálfur syngur líka nokkur þekkt lög. Bráðskemmtileg bók fyrir alla.

🔊 34 mín.

Hljóðbók

HLB



Dóttir veðurguðsins

Helga Helgadóttir


Myndskr.: Þórir Karl Celín

Þegar faðir nefnir börnin sín Blævi, Logn og Storm, er þú nokkuð annað hægt en að kalla hann Veðurguð? Til að fræðast meira um dóttur Veðurguðsins verður þú að lesa dagbókina hennar, þú mátt það sko alveg.

116 bls.

Sögur útgáfa

IB



Dúkka

Gerður Kristný

Myndir: Linda Ólafsdóttir

Eftir tíu ára afmælið getur Kristín Katla loksins keypt sér dúkkuna sem allar stelpur eru með æði fyrir. En af hverju finnst bróður hennar dúkkan óþægileg? Og getur verið að hún geri fleira en stelpurnar órar fyrir? Æsispennandi saga fyrir lesendur frá átta ára aldri sem fær hárin til að rísa í hnakkanum.

97 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Eitthvað illt á leiðinni er

Myndskr.: Ýmsir höfundar

Ritstj.: Markús Már Efraím

Það er eitthvað undir rúminu, í myrkrinu, í kjallaranum, í þokunni, fyrir utan gluggann. *Eitthvað illt og það er á leiðinni.*

Átján hrollvekjur eftir yngstu rithöfunda landsins, myndskreyttar af átta færustu listamönnum landsins.

Sögur sem fá hárin til að rísa.

64 bls.

Turninn útgáfa

IB



Eldum sjálf

Dögg Hjaltalín

Eldum sjálf er matreiðslubók fyrir börn með uppskriftum sem þau geta spreytt sig á sjálf. Einfaldleikinn var hafður að leiðarljósi við val á uppskriftum í bókina svo allir í fjölskyldunni geti átt ánægjulega stund í eldhúsinu.

36 bls.

Bókaútgáfan Salka

GOR



Ég elska máva

Þórir Karl Celín

Pandóra tekur upp á ýmsu, mætir með rottu í skólann og skreppur með mávinn sinn að dorga. Anton fylgist spennur með og saman velta þau fyrir sér dúfum, ljósverum og hetjum frá ýmsum tímum. Hér sendir einn af dádustu höfundum okkar frá sér heillandi frásögn sem kallast á við verðlaunasöguna *Ertu Guð, afi?*

185 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Freyja og Fróði hjá tannlækni

Freyja og Fróði í sundi

Kristjana Friðbjörnsdóttir


Myndir: Bergún Íris Sævarsdóttir

Gullfallegar bækur um fjörug systkini sem takast á við ævintýri hversdagsins. Hvað er skemmtilegt að gera í sundi? Og hvernig er að fara til tannlæknis? Gagnlegar og skemmtilegar sögur fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára.

32 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Frozen – Hár og fönður

Hárskraut/Ráð/Umhirða/Greiðslur

Walt Disney

Stórskemmtileg hugmynda- og fönðurbók. Lærðu að gera glæsilegt hárskraut í anda prinsessanna í Arendell, láta hárið líta út fyrir að vera þykkara, hvernig á að nota burstu, greiður og krullujárn og hvernig er best að skreyta hárið með slaufum, borðum og blómum.

72 bls.

Edda útgáfa

IB



Frozen – Veislubókin

Boðskort, skraut, leikir, veitingar

Walt Disney

Langar þig að halda veislu sem væri boðleg hinum konunglegu systur Önnu og Elsu? Hér eru 22 frábærar FROZEN veisluhugmyndir!

64 bls.

Edda útgáfa

SVK



Vísindabók Villa

Geimurinn og geimferðir

Vilhelm Anton Jónsson og Sævar Helgi Bragason

Þriðja bókin í þessari vinsælu seríu. Fyrri tvær slógu rækilega í gegn og var sú fyrsta tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Saman útskýra Villi og Sævar Helgi Bragason, formaður Stjórnuskoðunarfélags Seltjarnarness, himintunglin og geimferðirnar á skemmtilegan og ljóslifandi hátt.

97 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Gummi fer í fjallgöngu

Dagbjört Ásgeirsdóttir

Myndir: Karl Jóhann Jónsson

Þetta er fimmta bókin í bókaraðinni um þá félagu Gumma og Rebba sem lenda í spennandi og stundum hættulegum ævintýrum í sveitinni hjá afa og ömmu. Bækurnar henta einkar vel foreldrum sem vilja efla orðaforða og málskilning barna sinna og eru víða notaðar í námi barna bæði í leik- og grunnskólum.

34 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Halló Ási ánamaðkur / Halló Frikki fiðrildi / Halló Hanna hunangsfluga / Halló Kata könguló

Heiða Björk Norðfjörð

Ási ánamaðkur, Frikki fiðrildi, Hanna hunangsfluga og Kata könguló geta gert ótrúlegustu hluti, m.a. grafið göng djúpt í jörðu, flogið langar leiðir eins og flugvél, búið til gömsætt hungang, spunnið vef og séð í myrkri.

Fróðlegar bækur fyrir yngstu kynslóðina með skemmtilegum myndum.

16 bls.

Skrudda

IB



Herra T og kjúklingurinn hans sem heitir Asni

Huginn Þór Grétarsson og Maaria Päivinen

Myndskr.: Srimalie Bassani

Herra T á kjúkling sem heitir Asni. Asni getur verið ansi þver oft á tíðum. Herra T er kampakátur öllum stundum. Þeir félagar eru alltaf að bralla eitthvað saman. Þeim finnst gaman að fara í göngutúr. En einn annars ágætan dag er Asni horfinn sísvona! Hvað skildi hafa orðið um Asna?

54 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Hugdjörf hetja

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Lorena Azpiri

Prinsinn í þessu ævintýri, sem hefur aldrei stigið út fyrir vegg kastalans, á sér drauma um að drýgja hetjudáðir. En vandinn er sá að hann er uppfullur af gamaldags hugmyndum um riddara sem bjarga varnarlausum prinsessum úr voða. En heimurinn er mikið breyttur síðan þau remsævintýri voru skrifuð ...

46 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Íslensku dýrin

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Katarzyna Kopeć

Íslenski hesturinn, lundinn, þorskurinn og ótal önnur dýr prýða þessa skemmtilegu bók. Bókin er bæði á íslensku og ensku. Börn læra að þekkja dýrin og nöfn þeirra.

30 bls.

Óðinsauga útgáfa

HSP



Jólasveinarnir

Í þá gömlu góðu daga

Helena Hákonardóttir

Í þessari bók er sagt frá þeim uppakomum sem jólasveinarnir lentu í og fólkinu sem á bæjunum bjó. Hér eru á ferðinni skemmtilegar sögur þar sem fléttað er saman lauffléttum fróðleik um íslenska þjóðhætti. Bókin er ætluð börnum á aldrinum 6-12 ára og öllum þeim sem gaman hafa af sögum um íslensku jólasveinana.

112 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Kamilla Vindmylla og unglíngarnir í iðunni

Hilmar Örn Óskarsson

Milla Mylla og félagar eru mætt í sinni fjórðu bók. Hvernig bregðast þau við þegar stóra systir hennar Kötlu fer að haga sér líkt og hún eigi helst heima í japanskri hryllingsmynd? Þeir sem þekkja Millu vita að hún er iðulega í alls konar vandræðum en þó aldrei jafn iðulega og einmitt núna.

144 bls.

Bókabeitan

IB

RAF



Koparborgin

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir

Í gamalli borg stendur Víxlarahúsið þar sem einungis börn hafa búið síðustu þrjár aldir. Þangað leitar Pietro þegar fjölskylda hans deyr í plágunni. Þegar friðhelgi hússins er rofin heldur hann ásamt fleiri börnum inn í leyndardóma háborgarinnar, þangað sem enginn hefur stigið fæti öldum saman.

314 bls.

Björt bókaútgáfa

IB

RAF



Kuggur 3 og 13

Geimferð

Tölvuskrimslíð

Sigrún Eldjárn

Tvær skemmtilegar bækur um Kugg og vini hans, ferð út í geiminn og furðulegt skrimslí.

Rómuð leiksýning Þjóðleikhússins byggist meðal annars á þessum bókum.

32 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Lagarfljótsormurinn

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Rosaríja Battiloro

Þjóðsagan um Lagarfljótsorminn í ríkulega myndskreyttri útgáfu. Allt frá landnámi trúðu Íslendingar á ýmsar vættir á landi og í sjó. Ein þekktasta sagan er af Lagarfljótsorminum en margir hafa verið til frásagnar og sagst hafa séð þessa skelfilegu skepnu.

46 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Mói hrekkjusvín

Landsmót hrekkjusvína

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Myndir: Linda Ólafsdóttir

Þegar Mói hrekkjusvín, Orri prestsins og Byssu-Jói fara á krek getur hvað sem er gerst. Draugar fara á stjá í kirkjunni, peningur hverfa úr söfnunarbauknum og moldríkir kúrekar gera allt vitlaust í bíó. Hér er þriðja og síðasta bókin um Móa og vini hans í aðgengilegri útgáfu fyrir nýja lestrarhesta.

117 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Lára fer í flugvél

Lára lærir að hjóla

Birgitta Haukdal

Myndir: Anahit Aleqsanian

Hin lífsglaða Lára hefur sérstaklega gaman af að læra eitt-hvað nýtt. Hún ferðast með flugvél í fyrsta sinn og með hjálp Atla, besta vinar síns, pabba og bangsans Ljónsa lærir Lára að hjóla. Litríkar og fallegar bækur eftir nýjan íslenskan barnabókahöfund.

48 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Lárus eignast systkini

Edda Lára Lúðvígsdóttir

Myndskr.: María Kristín Kristjánsdóttir

Lárus eignast systkini fjallar um hvernig það er að verða stóri bróðir eða stóra systir allt frá því að litla barnið er væntanlegt og eftir að það er komið í heiminn. Bókin er tilvalin fyrir börn sem eru að verða eldri systkini.

40 bls.

Bókaútgáfan Salka

IB



Leitin að Gagarín

Sif Sigfúsdóttir

Þegar hin þrettán ára gamla Embla hefur leitina að háskúpunni lendir hún í illdeilum við glæpamenn. Hvers vegna elta þeir hana uppi? Hvaða leyndarmál leynast í mýrinni?

Tvö hundruð og fimmtíu árum seinna hafast Ísold og Hrólfrur við í breyttum heimi þar sem dularfull myrk öfl og verur utan úr geimnum eru komnar til jarðarinnar.

200 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Leppur og fjársjóðurinn

Konráð Sigurðsson

Myndskr.: Þórir Karl Celin

Leppur er tré á stórrí eju á suðrænum slóðum. Sagan spannar næstum 300 ár og segir frá orlagaríkri atburðarrás sem breytir Lepp í kistu sem fer á vit ævintýranna. Þetta er fyrsta bókin af sex. Hentar 3-8 ára krökkum.

24 bls.

Konráð Sigurðsson

SVK



Ótrúleg ævintýri afa

Leynardómur erfingjans

Guðni Lindal Benediktsson


Myndir: Ivan Cappelli

Kristján húkir aleinn á köldu sjúkrahúsi þegar afi birtist með nýja og æsispennandi sögu. Þar þarf hann að kljást við alls kyns hræðilegar óvættir og beita mikilli kænsku til að komast til botns í ráðgátunni um dularfulla erfingjann. Sjálfstætt framhald verðlaunabókarinnar *Leitin að Blóðey*.

305 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Leyniturninn á Skuggaskeri

Sigrún Eldjárn

Það er allt að verða vitlaust á Skuggaskeri: Þangað stefnir bálreið kona í leit að dóttur sinni, bátar tynast í þykkri þoku og eitthvað skuggalegt er í bígerð. Þriðja bókin í æsispennandi bókaflökki um börnin sem struku úr Fagradal. Sú fyrsta var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna.

217 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Lítill saga úr orgelhúsi

Guðný Einarsdóttir

Myndskr.: Fanney Sizemore

Skemmtilegt tónlistarævintýri, bók og geisladiskur, sem leiðir börnin í undraheim pípuorgelsins. Sif, minnsta orgelpípan er orðin þreytt á eilíflu rífrildi í orgelhúsinu. Hún fer burt að leita sér að betri stað að búa á. Þá verður uppnám í orgelhúsinu.


Sögumaður er Bergþór Pálsson.

Tónlist: Michael Jón Clarke.

48 bls.

Skálholtsútgáfan

SVK



Mamma klikk!

Gunnar Helgason

Myndir: Rán Flygenring

Lesari: Gunnar Helgason

Frábær bók fyrir alla sem halda að þeir eigi klikkaða mömmu! Stella er alveg að verða 13 ára og glímur við hræðilegan vanda. Einu sinni var mamma hennar frábær og fjörug en nú er hún orðin alveg klikk! En Stella er með áætlun. Áætlun: Breytum mömmu! Hún getur ekki klikkað! Eða hvað?

192 bls. / 5:10 klst.


Forlagið – Mál og menning

IB

RAF

HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Maxímús músíkús heimsækir hljómsveitina

Þrautabók

Hallfríður Ólafsdóttir og Linda Margrét Sigfúsdóttir

Myndir: Þóririnn Már Baldursson

Flestir krakkar þekkja tónelsku músina Maxímús Músíkús og ævintýri hans. Þessi bók geymir þrautir og verkefni sem hægt er að leysa með Maxa og fræðast í leiðinni um hljóðfæri og tónlist. Höfundarnir eru hljóðfæraleikarar og tónlistarkennarar. Límimiðar fylgja bókinni!

32 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Nesti og nýir skór

Úrval úr íslenskum barnabókum

Ritstj.: Sigprúður Gunnarsdóttir, Sólvieg Ebba Ólafsdóttir og Þorbjörg Karlsdóttir

Fátt sameinar okkur betur en sögur og ljóð sem við kynnumst í æsku. Þessi fallega bók geymir úrval úr íslenskum barnabókum og þjóðararfnum. Flesta textana prýða myndir sem hafa fylgt þeim frá fyrstu útgáfu. Sagnabrunnur sem öll fjölskyldan getur sókkt sér í saman.

128 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Randalín, Mundi og afturgöngurnar

Þórdís Gísladóttir

Myndskr.: Þórarinn M. Baldursson

Er það satt að veitingahús í Reykjavík selji kattakjöt? Hver er dularfulla veran sem læðist úti að næturlagi? Þetta er þriðja bókin um Randalín og Munda, sem hafa hlotið Fjöru- og bóksalaverðlaun. Fyndin og spennandi bók fyrir 5 til 10 ára krakka og alla sem kunna að meta skemmtilegar sögur.

96 bls.

Bjartur

IB



Bernskubrek Ævars vísindamanns

Risaeðlur í Reykjavík

Ævar Þór Benediktsson

Áður en Ævar varð vísindamaður var hann bara venjulegur strákur. En á ellefu ára afmælisdaginn hans breyttist allt! Þetta er æsispennandi saga um sjö bandóðar risaeðlur, stórhættulegan ungling, gagnsemi skotbolta, strætóbílstjóra í lífshættu og heimsins bestu féлага.

208 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL



Rusladrekinn

Bergljót Arnalds

Myndir: Jón H. Marinósson

Dag einn gerist dálítið dularfullt. Ruslið sem fólk hefur kastað frá sér safnast saman á tjarnarbotni og lítið skrímsli verður til. Síðan sækir það í sig veðrið! Hvað er þá til ráða? *Rusladrekinn* er bók þar sem spenna, ímyndunarafli og mikilvægur boðskapur tvinnast í kitlandi skemmtilega sögu.

32 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Rökkurhæðir

Atburðarinn

Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir

Eftir undarlega röð atburða lendir Margrét í Hæðabyggð, blokkinni sem í dag gengur undir nafninu Rústírnar. Þar upplifir hún af eigin raun hvernig illskan býr um sig í fjölbýlinu og hefur áhrif á íbúa þess ... en hvernig kemst hún svo heim aftur?

192 bls.

Bókabeitan

IB

RAF



Sitji Guðs englar / Saman í hring / Sænginni yfir minni

Guðrún Helgadóttir

Myndir: Sigrún Eldjárn

Í agnarlitlu húsi í agnarlitlu sjávarþorpi búa sjómanshjón með barnahóp sem á endanum telur sjö fjöruga krakka. Bókaflokkurinn um þessa skrautlegu stórfjölskyldu hefur notið gríðarlegra vinsælda frá því bækurnar komu fyrst út. Hér eru allar sögurnar í glæsilegri stórbók.

290 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB

ENDUR
UTGÁFA



Sjáðu mig, sumar!

Berggrún Íris Sævarsdóttir

Nú er sumar hjá kettinum Kára! Hann teygir sig makindalega í sólinni en afi fussar þegar rignir marga daga í röð. Falleg saga um íslenska sumarið, í allri sinni dyntóttu dýrð. Fyrsta bók Berggrúnar, *Vinur minn, vindurinn*, hlaut tilnefningu til Barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

32 bls.

Töfraland

IB



Skínandi

Birta Þrastardóttir

Einn daginn gerist nokkuð undarlegt. Stjarna hrapar til jarðar og það sem er enn undarlegra, hún virðist gómsætt að sjá. Þegar Áróra fær sér bita kemst hún fljótt að því að það er ekkert grín að vera með stjörnur í maganum.

40 bls.

Crymogea

IB



Skrýtnastur er maður sjálfur

Hver var Halldór Laxness?

Auður Jónsdóttir

Flestir krakkar þekkja nafn Halldórs Laxness en fáir vita nokkuð meira um hann. Hér dregur Auður Jónsdóttir upp einstaka mynd af Halldóri afa sínum, bæði sem litlum dreng og þeim gamla manni sem hún þekkti, í hlýrri og bráðskemmtilegri bók sem öll fjölskyldan mun hafa gaman af.

96 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB

ENDUR
UTGÁFA



Skutlubók Villa

Vilhelm Anton Jónsson

Hér kennir Vísinda-Villi krökkum á öllum aldri að búa til alls kyns skutlur úr einfaldasta efniviði í heimi – einu pappírshlaði! Með ímyndunaraflið að vopni má svo halda endalaust áfram. Bókinni fylgja litríkar arkir til að búa til glæsilegar skutlur.

48 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Snuddustrákurinn

Áslaug Baldursdóttir

Myndskr.: Ana Varela

Bókin fjallar um þriggja ára gamlan strákan sem getur ekki verið án snuðanna sinna. Í bókinni er lesandinn leiddur í gegnum það ferli að hætta að nota snuð. Bókin er ætluð sem skemmtileg og fallega myndskreytt afþreying fyrir börn auk þess að nýtast sem hjálpartæki fyrir foreldra sem eru að venja barn sitt af snuði.

30 bls.

Öðinsauga útgáfa

HSP



Spurningabókin 2015

Hversu marga fætur hafa sporðdrekar?

Bjarni Þór Guðjónsson og Guðjón Ingi Eiríksson

Á hvaða hljóðfæri spilar Lís Simpson? Hversu margar fætur hafa sporðdrekar? Hvaða lag var valið óskalag íslensku þjóðarinnar árið 2014? Hvaða ár fæddist Neymar? Hvað heitir heimildarmyndin um Ólaf Stefánsson handboltakappa? Í hvaða landi eru flugeldar aðallega framleiddir? Hver er aðalsöguhetjan í Family Guy? Þessar spurningar og margar fleiri til er að finna í þessari bráðsmellnu bók sem allir ættu að spreyta sig á.

80 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Staðreyndabók Sveppa

Sverrir Þór Sverrisson

Troðfull bók af sturluðum staðreyndum og alls konar fróðleik sem fjörugir krakkar á öllum aldri hafa gaman af. Viltu vita meira um mannlíkamann, geiminn, Kína, spretthörðustu dýrin, Svamp Sveinsson eða Minecraft? Svörin eru hér. Þetta er fjórða bók Sveppa sem meðal annars hefur unnið til Bókmenntaverðlauna barnanna.

104 bls.

Bókafélagið

IB



Stafrófið

Heiða Björk Norðfjörð

Íslenska stafrófið frá A–Ö fyrir yngstu kynslóðina. Bókin er myndskreytt skemmtilegum og litríkum myndum úr íslenskum veruleika.

64 bls.

Skrudda

IB



Stelpur

Tú skref að sterkari sjálfmynd

Kristín Tómasdóttir

Í þessari stórfróðlegu og skemmtilegu bók leggur met-söluhöfundurinn Kristín Tómasdóttir fram tíu leiðir fyrir unglingsstelpur að sterkari sjálfmynd. Ómissandi bók fyrir allar unglingsstelpur!

407 bls.

Veröld

IB



Stína

Lani Yamamoto

Verðlaunabókin Stína stórasæng er nú komin út á ensku. Undurfögur saga af Stínu sem tekst að vinna á kuldanum með forvitnina og vináttuna að vonni.

22 bls.

Crymoge

IB



Stúfur og snjókarlinn An Icelandic Winter's Tale: Stúfur and the Snowman

Brian Pilkington

Þýð.: Sigprúður Gunnarsdóttir

Einn sólbjartan vetrarmorgun byggir Stúfur svo glæsilegan snjókarl að hann dauðlangar að sýna Grýlu hann. En það er hægara sagt en gert! Fyndin og fjörug jólasaga fyrir káta krakka og alla sem hafa gaman af snjókörlum. Ensku útgáfunni fylgir kynning á íslenskum jólasíðum.

28 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Trunt, Trunt

Sögur af tröllum, álfum og fólki

Steinar Berg

Bókin inniheldur 12 sögur fyrir börn á öllum aldri. Skemmtileg og þroskandi lesning um tröll, álfa og fólk, ríkulega skreytt teikningum eftir sex íslenska myndlistarmenn. Örnefni og staðarheiti skipa stóran sess og andi þjóðsagna svífur yfir vötnum.

90 bls.

Fossatún ehf

IB



Ugla og Fóa

og maðurinn sem fór í hundana

Ólafur Haukur Símonarsson

Ugla og Fóa eru fyrstu hundarnir sem ég kynntist að einhverju ráði. Fyrir mér höfðu hundar verið hávaðasamir, loðnir ferfætlingar sem gátu gert ákveðið gagn úti í sveit en áttu ekkert erindi inn í borg. Að tveir púðluhundar yrðu félagar mínir og vinir – nei, því hefði ég aldrei trúað. Ég er maðurinn sem fór í hundana.

72 bls.

Sögur útgáfa

IB



Vala fer í húsdýragarðinn

Vala vill leika

Þórunn Gyða Björnsdóttir

Tvær skemmtilegar bækur um Völu litlu. Hún lendir í ýmsum ævintýrum þegar hún fer með afa í húsdýragarðinn og henni tekst að finna sér leikfélaga þegar enginn má vera að því að leika við hana. Bækurnar eru ætlaðar börnum frá 0 til 5 ára.

24 bls.

Ormasögur ehf

IB



Vikkala Sól

og hamingjukrúsin

Kristín Margrét Kristmannsdóttir

Myndskr.: Herdís Björk Þórðardóttir

Sagan af Vikkölu Sól er lítil saga með stórt hjarta. Hún minnir á það sem við öll viljum en gleymum oft að sjá í hinu stóra og smáa ... hamingjuna!

Holl áminning um að kjósa að sjá hamingjuna í hverju spori. Lífið verður bjartara og skemmtilegra í gleði.

38 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Viltu vera vinur minn?

Bergrún Íris Sævarsdóttir

Listilega myndskreytt saga um vináttu. Lítil einmana kanína ákveður að byggja brú í von um að finna vini hinum megin við lækinn. Hún kemst þó að því að oftast er grasið grænna þeim megin sem við ræktum það.

32 bls.

Töfraland

IB



Vinabókin

Jóna Valborg Árnadóttir

Myndir: Elsa Nielsen

Pabba Sólu finnst hún vera svo mikið pínu-pons. Þegar Sóla kynnist hinum dularfulla Skorra hefur það ófyrirséðar afleiðingar og pabbi sér stelpuna sína í nýju ljósi. Ævintýrleg frásögn sem sýnir á fjórlegan hátt hvernig vináttu breytir heiminum.

48 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Víti í Vestmannaeyjum

Gunnar Helgason

Myndir: Rán Flygenring


Fyrsta sagan í rómuðum metsölubókaflokki Gunnars Helgasonar um Jón Jónsson og félagar hans. Skemmtileg og fjörug saga sem segir frá hörkuspenningi atburðum, bæði inni á fótboltavellinum og utan hans.

271 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL

ENDUR
ÚTGÁFA





Það er svo mikið í húfi hjá Stúfi

Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Myndskr.: Sigrún Hanna

Það liður yfir leikskólakennarann og skólastjórinn vill hringja í forsetann þegar í ljós kemur að jólasveinninn og jólasérfræðingurinn Stúfur er mættur í eigin persónu. En allt ætla um koll að keyra þegar örliðill jólaengill flýgur inn um gluggann. Smátt og smátt áttar Stúfur sig á leyndarmálinu um jólin.

48 bls.

Skálholtsútgáfan

SVK



Dín eigin goðsaga

Ævar Þór Benediktsson

Myndir: Evana

Langar þig að slást í för með norrænu guðunum, lenda í bardaga við hræðilegar ófreskur og fylgjast með upphafi heimsins? Það getur þú gert hér því í þessari bók ert ÞÚ söguhetjan og ræður ferðinni! Sjálfstætt framhald met-sölubókarinnar *Dín eigin þjóðsaga* sem sló rækilega í gegn í fyrra.

487 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Þrettán skrátnir jólasveinar

Ómar R. Valdimarsson

Myndskr.: Dagmar Agnarsdóttir

13 fallegar sögur um skrátna jólasveina og skemmtilega aðstoðarmenn og -konur sem lenda í ýmsum hremmingum en ná með hugkvæmni, dugnaði og smá heppni að sjá til þess börnin fá eitthvað í skóinn. Glæný nútímaævintýri um Lunda, Svölu, Nammiló og alla hina hjálparkokkana sem draga fram það besta í gömlu, góðu jólasveinunum okkar.

52 bls.

Unga ástin mín

IB



Ævintýragarðurinn

Jóna Guðbjörg Torfadóttir

Í *Ævintýragarðurinum* koma Ása, Signý og Helga hvergi við sögu. En þar er samt norn, tröll og líka úlfur. Getur verið að slíkur heimur leynist í garðinum sem þær Solla og Dóra villast um á leið sinni í skólann? Þær ætla að sýna stóru systur að þær rata alveg aleinar en hér eru ævintýrin við hvert fótmál.

28 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Öddubækurnar

Jenna og Hreiðar


Myndir: Halldór Pétursson

Þroskasaga Öddu, munaðarleysingjans sem ung læknishjón tóku að sér, hefur heillað börn á öllum aldri allt frá því að fyrsta bókin um Öddu kom út árið 1946. Öddubækurnar eru skemmtilegar aflestrar, skrifaðar á vönduðu máli sem öll börn skilja og prýddar sígildum teikningum Halldórs Péturssonar. Alls eru bækurnar sjö – og koma nú út í fyrsta sinn allar saman í pakka.

672 bls.

Ugla

IB



Örkin hans Nóa

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Zsófia Döme

Hvernig í ósköpunum kom Nói tveimur dýrum af hverri tegund inn í örkina? Og hvernig ætli hafi lyktað inni í skipinu? Eitthvað hlýtur að hafa farið úrskeiðis! Hér er á ferð raunsæisútgáfa af sögunni um Örkina hans Nóa. ATH. Ekki fyrir mjög viðkvæm börn.

54 bls.

Öðinsauga útgáfa

IB

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL NÝRRAR BARNA- OG UNGLINGABÓKA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 21.-22. NÓV. 2015

Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.bokmenntaborgin.is

Barnabækur

PÝDDAR



501 Feluhlutur

Geturðu fundið þá alla?

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson


Tilvalin bók til að þjálfra athyglisgáfu og einbeitingu. Börnin una sér tímunum saman við að leita uppi þá sem eru að fela sig og kynnst um leið fjölmörgum flauelsmjúkum og krúttlegum félögum.

Góð bók fyrir börn frá þriggja til 10 ára.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



Bert og hrukkóttá kerlingin

Sören Olsson og Anders Jacobsson

Myndskr.: Kwok-Hei Mark

Þýð.: Jón Danielsson

Bert er yfir sig ánægður. Foreldrar hans eru að fara í frí. Nú hefur hann alla íbúðina fyrir sig í tvær vikur. En svo kemur í ljós að amma á að búa hjá honum. Og til að bæta gráu ofan á svart býður hún frændum hans, ógeðsbrjálæðingunum Tompa og Klúdda, í heimsókn.

140 bls.

Bókaforlagið Bifröst

IB



Bra-bra brandarar


Ýmsir höfundar

Sjúklega skemmtileg lesning fyrir hressit fólk á öllum aldri sem vill láta kitla í sér hláturtaugarnar. Hér er að finna samansafn af 1.000 myndnustu bröndurum sem nokkurn tíma hafa verið sagðir í Andabæ!

192 bls.

Edda útgáfa

SVK



Brúnar

Hákon Øvreås

Myndir: Øyvind Torseter

Þýð.: Gerður Kristný

Fyrir alla krakka yfir sex ára aldri sem óska þess að þau gætu breyst í ofurhetju á nóttunni til að takast á við vanda-mál dagsbirtunnar. Hjartastyrkjandi og myndin saga um vin-áttu, sorg, hugrekki og hlátursköst. *Brúnar* hlaut Barna- og unglingabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2014.

131 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Dagbók Kidda klaufa 7

Besta ballið

Jeff Kinney

Þýð.: Helgi Jónsson

Kiddi klaufi hefur slegið í gegn hjá íslenskum börnum og unglingum. Sennilega foreldrum líka! Bækurnar hafa selst mjög vel og eru gríðarlega vinsælar á öllum bókasöfnum landsins. Hér kemur sjöunda bókin um kappann.

224 bls.

Tindur

IB



Depill í feluleik

Eric Hill

Þýð.: Birna Klara Björnsdóttir

Komdu í feluleik með Depli og vinum hans. Á hverri síðu er einhver í felum, með því að lyfta flípanum kemstu að því hver það er!

20 bls.

Bókaforlagið Bifröst

HSP



Doktor Proktor og prumpuduftið Doktor Proktor og tímabaðkarið

Jo Nesbø

Myndir: Per Dybvig

Þýð.: Eiríkur Örn Norðdahl og Jón St. Kristjánsson

Nýi besti vinur Lísu og Búa er (brjálaði) próffessorinn doktor Proktor. Með honum lenda þau í þeim frumlegustu, hættulegustu og myndnustu ævintýrum sem um getur. Ærslafengnar sögur fyrir krakka sem hafa gaman af prumpi.

192/272 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Dóta læknir

Frozen

Walt Disney

Tvær skemmtilegar úr smiðju Disney fyrir yngstu lesendurna. Hvor bók hefur að geyma skemmtilega sögu annars vegar um lækninn ráðagóða hana Dótu og hins vegar um systurnar kátu frá Arendell.

16 bls.

Edda útgáfa

HSP



Dýr í sveit

14 sveitahljóð

Þýð.: Lúther Jónsson

Börnin elska að ýta á takkana til að hlusta á sveitahljóðin og skoða fallegar myndir í þessari skemmtilegu bók.

12 bls.

Steinegg

HSP



Dýrasögur

Fjögur sígild ævintýri með fallegum myndum

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Hér eru ævintýrin um Bamba, Úlfinn og kiðlingana sjö, Ljóta andarungann og Grísina þrjá, færð í einfaldan og aðlaðandi búning með litríkum og skemmtilegum myndum.

Góð bók fyrir yngstu börnin.

77 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



Dýrin

Í þessari bók er meðal annars að finna hröðustu, stærstu og mikilfenglegustu dýr jarðar. Sérlega fallega teiknaðar myndir af yfir 300 dýrum eru í bókinni.

Dýrin er bók fyrir öll börn sem hafa áhuga á dýrum og fjölbreytileika þeirra.

64 bls.

Unga ástin mín

IB



Dýrin á Hóli

Falleg askja með skemmtilegri myndabók af dýrunum á Hóli og litríku mjög stóru púsluspili sem eykur orðaforða, málþroska og samhæfingu.

14 bls.

Unga ástin mín

HSP



Einar Áskell

Einar Áskell og ofreskjan

Útsmoginn Einar Áskell

Gunilla Bergström

Þýð.: Sigrún Árnadóttir

Þessar tvær sígildu bækur um hinn kostulega Einar Áskel hafa verið ófánlegar í fjölda ára. Nú hafa þær loks verið endurprentaðar – nýrri kynslóð til mikillar gæfu, enda þurfa öll börn að kynna þessari klóku hversdagshetju.

32/30 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB

ENDUR
ÚTGÁFA



Farartækjafjör

Lífleg hljóðbók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hljóðbók, sex hressileg farartækjahljóð. Maggi marköttur býður þér í skemmtiferð með farartækjum af ýmsu tagi og fræðir þig um hlutverk þeirra. Þú kemst líka að því hvernig heyrir í þeim.

Fjörug bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.

10 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Fjör á Regnbogabæ

Færanleg myndaspjöld

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Litrik og lifandi bók sem kennir börnum að þekkja tölur og liti. Skemmtileg saga úr sveitinni með hjörtum og glaðlegum litmyndum. Litlir fingur una sér vel við að renna færanlegum myndaspjöldunum fram og aftur og tengja þau saman.

Góð bók fyrir börn frá tveggja ára aldri.

8 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Flata kanínan

Bárður Oskarsson

Þýð.: Heiðrún Hödd Guðmundsdóttir

Hundur og rotta finna flata kanínu á fönnum vegi...

Hvað gerir maður við flata kanínu?

Eiga þau að ganga framhá og láta sem ekkert sé?

36 bls.

Draumsýn

IB



Seiðfólkið

Flóttinn

Jo Salmson

Myndskr.: Natalia Batista

Þýð.: Anna R. Ingólfssdóttir

Hvað ef þú ert einn af óvininum? Sól kemst að því að hún er af Seiðfólkinu og neyðist til að flýja. Getur Arel hjálpað vinkonu sinni þrátt fyrir að vera náskyldur konunni sem sem rændi Sól? Önnur bókin um *Seiðfólkið*.

124 bls.

Bókabeitan

IB



Seiðfólkið

Fólkið sem hvarf

Jo Salmson

Myndskr.: Natalia Batista


Þýð.: Anna R. Ingólfssdóttir

Getur vináttan sigrað allt? Sól og Úlfur, Arel og Enó. Í sam-einingu hafa þau ákveðið að það verði að stöðva stríðið sem er yfirvofandi. En hvernig fá þau fullorðna fólkið til að hlusta? Lokabókin í bókaflaknum um *Seiðfólkið* sem fékk Norrænu barnabókaverðlaunin.

124 bls.

Bókabeitan

IB



Frábærir límmiðar og leikir – Farartækin

Fullt af þrautum og leikjum. Meira en 50 litríkir og stórir límmiðar

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Kynnstu fjölbreyttum og flottum farartækjum í þessari bráðskemmtilegu bók sem er full af litríkum myndum ásamt margs konar þrautum og leikjum og fleiri en 50 límmiðum. *Góð afþreying fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



Frábærir límmiðar og leikir – Sveitin

Fullt af þrautum og leikjum. Meira en 50 litríkir og stórir límmiðar

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Kynnstu bráðskemmtilegum búgarði í þessari frábæru bók sem er full af litríkum myndum ásamt margs konar þrautum og leikjum og fleiri en 50 límmiðum. *Góð afþreying fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



Fræðabrunnur

Gáðu í gluggam, þar er svarið!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

135 gluggar með texta og myndum. Alfræðibók með 135 gluggum og mörg hundruð fróðleiksmolum. Hún opnar leið inn í spennandi heim staðreynda, upplýsinga og þekkingar. *Krakka Atlas* er í sama bókaflakki.

Tilvalin fyrir alla krakka sem hafa áhuga á almennum fróðleik.

16 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



Fúsi fífuskott

Skemmtilegu snábarnabækurnar

Carl Memling

Þýð.: Björgvin E. Björgvinsson

Fúsi fífuskott er kanínudrengur sem þarf að læra fáein grundvallaratriði áður en hann er tekinn í tölu fullorðinna. Fúsi yfirgefur hreiðrið sitt og móðir hans leiðir hann fyrstu skrefin. Loks stendur hann fullorðinn úti á hörðum lendum lífsbaráttunnar.

24 bls.

Bókaútgáfan Björk

SVK



Fyrstu 100 tækin

Hjálpaðu barninu að auka málþroskann með því að tengja 100 ný orð við fallegar ljósmyndir af tækjum.

14 bls.

Unga ástin mín

IB



Gjafmilda tréð

Shel Silverstein


Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

„Einu sinni var eik ... og hún elskaði lítinn dreng.“ Þannig hefst þessi ógleymanlega og margverðlaunaða bók sem heillað hefur lesendur um víða veröld. Hjartnæm dæmisaga um gjafmildi og ást fyrir börn á öllum aldri. Einstaklega fallega skrifuð og myndskreytt bók sem farið hefur sigurför um heiminn.

64 bls.

Ugla

IB



Grimmi tannlæknirinn

David Walliams

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Leikarinn og sjónvarpsstjarnan David Walliams er nú einn vinsælasti barnabókahöfundur heims. Grimmi tannlæknirinn er gnstandi myndin hryllingssaga sem kosin var barnabók ársins í Bretlandi 2013. Bók sem fær börnin til að lesa meira og meira!

440 bls.

Bókafélagið

IB



Godheimar 6

Gulleplín

Peter Madsen

Þýð.: Bjarni Fr. Karlsson

Loksins, loksins! Sjötta bókin í bókaflökknum um Godheima hefur ekki áður komið út á íslensku. Epli Iðunnar tryggja ásunum eilífa æsku og því verður mikið uppnám í Ásgarði þegar í ljós kemur að bæði Iðunn og eplin eru horfin. Skyldi Loki hinn lævis vita eitthvað um málið?

48 bls.

Forlagið – Iðunn

IB



Gulli gullfiskur

Mo O'Hara

Þýð.: Helgi Jónsson

Þegar Markús, stóri bróðir hans Tomma, kemur heim einn daginn með gullfisk, sem hann ætlað að nota í rannsóknir vegna heimaverkefnis í skólanum, verða heldur betur læti. Gulli gullfiskur breytist í skrímli sem enginn ræður við, ekki Markús, ekki Tommi, ekki Palli besti vinur hans, og heldur ekki Sigga systir hans Palla.

Frábær skemmtilestur fyrir yngri lesendur.

90 bls.

Tindur

KIL



Harmonikkubók – Farartækin

Bókin getur orðið 123 cm löng!

Þýð.: Þóra Kristín Jónsdóttir

Það er skemmtilegur leikur að draga bókina sundur og saman eins og harmónikku! Hér geta yngstu börnin lært að þekkja litina og segja fyrstu orðin.

Sniðug bók handa þeim yngstu.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Harmonikkubók – Litirnir

Bókin getur orðið 123 cm löng!

Þýð.: Þóra Kristín Jónsdóttir

Það er skemmtilegur leikur að draga bókina sundur og saman eins og harmónikku! Hér geta yngstu börnin lært að þekkja litina og segja fyrstu orðin.

Sniðug bók handa þeim yngstu.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Hótelráðgátan

Martin Widmark

Myndir: Helena Willis

Þýð.: Íris Baldursdóttir

Um hábjartan dag hverfur verðmætur hundur af hótelinu í Víkurbæ og allir viðstaddir liggja undir grun. Ráðgátubækurnar um Spæjarastofu Lalla og Maju eru sjálfstæðar sögur af ráðagóðum og snjöllum bekkjarsystkinum. Sprellandi fjör og flottar myndir, bók sem hentar spæjurum á aldrinum 6–10 ára.

80 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Hrollur – Hefnd garðdverganna

R.L. Stine

Þýð.: Marta Hlín Magnadóttir

Þabbi Jóa og Mindýjar elska yfirgengilegt garðskraut. Á næturnar er einhver á ferli fyrir utan húsið þeirra. Einhver sem hvískrar kvikindislega og vinnur alls konar skemmdarverk. Það er auðvitað ekki fræðilegur möguleiki að kjánalegt garðskraut valdi öllum þessum usla. Er það nokkuð?

144 bls.

Bókabeitan

KIL RAF



Hrollur – Kvikmyndin

Columbia Pictures

Þýð.: Birgitta Elín Hassell

Zach er nýfluttur í smábæ. Þegar hann reynir að hjálpa Hönnu leysir hann óvart úr læðingi öll skrímli sem faðir hennar, rithöfundurinn R.L. Stine, hefur skapað. Það ætti samt ekki að vera flókið að koma skrímlium aftur í bækurnar með höfundinn sjálfan sér við hlið. Er það nokkuð?

144 bls.

Bókabeitan

KIL RAF



Hrollur – Sá hlær best – sem síðast hlær

R.L. Stine

Þýð.: Ingibjörg Valsdóttir

Þegar Linda eignast forlata búktalarabruðu verður hún fljótlega fær búktalari en brúða tvíbursystur hennar, Kristu, lætur ekki að stjórn. Eða svo segir Krista. Það vita jú allir að það er búktalarinn sem stýrir dúkkunni. Búktalara-brúður geta ekkert stjórnað sér sjálfar. Er það nokkuð?

144 bls.

Bókabeitan

KIL RAF



Hvað get ég gert þegar erfitt er að sofa?

Bók fyrir börn til að sigrast á svefnavanda.

Dawn Huebner

Þýð.: Árný Ingvarsdóttir og Thelma Gunnarsdóttir

Væri ekki frábært ef þú gætir skriðið upp í rúm, hjúfrað þig undir sænginni og sofnad án nokkurs vesens eða ótta? Án þess að sperra eyrun við hvert hljóð eða hugsa um vonda karla? Bók byggð á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar sem fræðir og hvetur 5-12 ára börn til að sofa sjálf og sofa vel. Sjá nánar á: www.hvadgeteggert.is

96 bls.

Hvað get ég gert sf

SVK



Hæfileikakeppnin – Hruturinn Hreinn

Martin Howard

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Sjónvarpsstjarnan hrúturinn Hreinn og vinir hans í Flóamýri kalla svo sannarlega ekki allt ömmu sína eins og fram kemur í þessar bók. Bráðskemmtileg bók með stóru lettri fyrir unga og efnilega lesendur.

96 bls.

Unga ástin mín

KIL



Í leik og litum – Kobbi kanína Í leik og litum – Skotta kisa

Þýð.: Heiða Þórbergs

Skemmtum okkur við lausn þrauta og limum límmiða.

Tvær skemmtilegar þrautabækur með límmiðum sem henta öllum krökkum.

30 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Jólasyrpa 2015

Walt Disney

Jólin eru á næsta leiti og íbúar Andabæjar hlakka til! Árlæg Jólasyrpa Disney kemur öllum í rétta jólaskapið. 254 bls.

Edda útgáfa

IB



Kafteinn Ofurbrók og endurkoma Túrbó 2000 klósettsins

Dav Pilkey

Þýð.: Bjarni Guðmarsson

Georg og Haraldur töldu sig hafa sturtað klósettvandræðum sínum varanlega niður þegar Túrbó 2000 klósettið var gjörsigrað á Úranusi. Því miður vaknar klóið kaldlynda til lífsins og leitar hefnda. Ellefta skáldverkið í flokknum gefur hinum fyrri ekkert eftir í spennu og gríni. 223 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Kata kanína – Glöð eða döpur

Sníðu myndinni af Kötunni til að sjá hvort hún er glöð eða döpur. Þú ræður!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Lestu fyrir barnið frásögnina á hverri síðu og leyfðu því svo að ákveða hvort Kata er glöð og brosandí eða döpur í bragði. Kærkomið tækifæri til að ræða um tilfinningar við börnin.

Tilvalin bók fyrir yngstu börnin.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Keli hvolpur – Gláður eða dapur

Sníðu myndinni af Kela til að sjá hvort hann er gláður eða dapur. Þú ræður!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Lestu fyrir barnið frásögnina á hverri síðu og leyfðu því svo að ákveða hvort Keli er gláður og brosandí eða dapur í bragði. Kærkomið tækifæri til að ræða um tilfinningar við börnin.

Góð bók fyrir börn frá eins árs aldri.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Kiktu á litina

Aimée Chapman

Þýð.: Bjarki Karlsson

Nýstárleg bók sem kynnir litina og hvetur barnið til að kanna veröldina í kringum sig. Spegillinn í bókinni leikur þar skemmtilegt hlutverk! 10 bls.

Unga ástin mín

HSP



Kulur vinur Snúðs og Snældu

Uppfærð og ennþá skemmtilegri!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Gimba litla er týnd. Hún varð viðskila við fjárhópinn og nú ratar hún ekki til baka. Kulur er sendur af stað til að leita að henni. Hann lendir í ýmsu og verður var við grimman úlf sem liggur í leyri. Að lokum finnur hann Gimbu og tekst að bjarga henni.

Fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

ENDUR
ÚTGÁFA

Kort

Aleksandra Mizielinscy og Daniel Mizielinscy

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson

Þessi fallega bók geymir ríkulega myndskreytt kort af fjöldamörgum löndum í öllum heimsálfum, auk fjölbreyttra upplýsinga um náttúru og mannlíf. Bókin hefur slegið í gegn um allan heim, enda í senn listrænt afrek og sannkölluð fróðleiksnáma um jörðina okkar fyrir fólk á öllum aldri.

109 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Kópur vinur Snúðs og Snældu

Uppfærð og ennþá skemmtilegri!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hvolpurinn Kópur er góður vinur Snúðs og Snældu. Við fylgjumst með viðburðaríkum degi í lífi hans og hvernig hann fær makleg málgjöld fyrir að hrekkja kettlinginn Brand.

Fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

ENDUR
ÚTGÁFA

Kracka Atlas

Glæsileg kortabók með 120 gluggum

Þýð.: Örnólfur Thorlacius


Undraverður heimur glæsilegra bygginga, framandi dýra og sérkennilegs landslags sem er að finna víðs vegar um jörðina. Kortin eru ríkulega myndskreytt og þegar gluggarnir eru opnaðir kemur í ljós hvar þessar furður veraldar er að finna.

Tilvalin bók fyrir krackka sem hafa áhuga á heiminum.

16 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB

ENDUR
ÚTGÁFA

Kvöldsögur fyrir krackka

15 bráðskemmtilegar sögur fyrir svefniun

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Kúrðu þig í bólinu með þetta frábæra sögusafni!

Háttatíminn verður skemmtilegur með þessum fimmtán ævintýrum.

Tilvalin bók fyrir krackka á aldrinum tveggja til níu ára.

Hentar vel fyrir börn sem eru að byrja að lesa sjálf.

96 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



Leikir úr Andabæ

Walt Disney

Stórskemmtileg leikjabók fyrir alla fjölskylduna! Hér er að finna einfalda og flóknari leiki og góðar hugmyndir að afþreyingu sem halda óskiptri athygli þátttakenda. Tilvalin bók í afmælið, ættarmótið og útileguna. Höfum gaman saman!

96 bls.

Edda útgáfa

SVK



Leitin mikla í ævintýraheimum

Þýð.: Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Chuck Whelon

Krakkar leita að persónum og hlutum úr eftirlætis ævintýrinu þeirra – allt frá glerskó Öskubusku til töfralampa Aladdíns. Svörin er svo að finna aftar í bókinni. Þetta frábæra rit er í anda *Hvar er Valli?* bókanna, þó eilítið viðráðanlegra fyrir krakka (það er ekki eins erfitt að finna hlutina).

30 bls.

Öðinsauga útgáfa

IB



Leyndarmál Lindu 2

Saga af ekki-svo vinsælli partistelpu

Rachel Renée Russell

Þýð.: Helgi Jónsson

Uppskrift að stórslysi: 4 partí. Bættu við 2 vinum og 1 ástarsorg. Deildu með 1 vondri stelpu sem ætlar að RÚSTA Lindu. Blanda vel saman, loka augum og gretta sig.

Vertu með frá upphafi. Hér kemur ný bók um Lindu og leyndarmál hennar. Fjórið heldur áfram!

280 bls.

Tindur

IB



Leynilögreglufélag nr. 2: Aðgerð þrumuský

Jørn Lier Horst

Þýð.: Sigurður Helgason

Myndskr.: Hans Jørgen Sandnes

Fagurlega myndskreytt barnabók með sögu eftir hinn vinsæla glæpasagnahöfund Jørn Lier Horst.

Bókin er sú fyrsta í nýjum barnabókaflokki um vinina Tiril og Oliver og hundinn Ottó sem saman leysa ýmis dularfull mál.

112 bls.

Draumsýn

KIL



Litir

Þessi einstaka bók um litina gleður litil augu með skrautlegum síðum, ómþýðum setningum og frábærum fingrafaramyndum.

14 bls.

Unga ástin mín

IB



Dóra landkönnuður

Litla jólatréð

Þýð.: Illugi Jökulsson

Ný bók fyrir yngstu lesendurna um hina geysivinsælu Dóru landkönnuð. Litla tré er dapurt. Það er minnsta tréð í skóginum og óttast að jólasveinninn muni aldrei velja sig til að vera jólatré skógardýranna. Dóra og Klossi ákveða að hjálpa til. Geta þau látið drauma Litla trés rætast?

24 bls.

Sögur útgáfa

IB



Litli Bangsi og Litirnir

Lærðu litina með litla bangsa

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Litrik bók með hreyfanleg augu sem lífga bókina.

Þegar þú hefur hlustað á sögunnar hjálpar Bangsi litli þér að þekkja litina og notar til þess litríkar og fallegar myndir. Bókin lífnar við þegar henni er velt til og frá og stór augun taka að hreyfast.

Tilvalin bók fyrir yngstu börnin.

10 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Matreiðslubókin mín og Mikka

Walt Disney

Loksins er þessi vinsæla bók aftur áanleg! Nú gefst tækifæri til að endurvekja gömul kynni – eða spreyta sig í fyrsta sinn á Pönnukökum frá Undralandi, Eggjasnapsi bjarnarins Balla, Muffins dverganna sjö og ýmsum fleiri spennandi og ljúffengum réttum.

96 bls.

Edda útgáfa og Setberg bókaútgáfa

Dreifing: Edda útgáfa

IB

ENDUR
ÚTGÁFA



Minecraft

Bardagahandbók

Byggingarhandbók

Byrjendahandbók

Rauðsteinshandbók

Stephanie Milton, Nick Farwell, Matthew Needler o.fl.

Þýð.: Hjalti Nönnuson

Ómissandi bækur fyrir Minecraft-spilara, hvort sem þeir vilja byggja glæsivillur, berjast við óvini, skapa ótrúlegustu hluti eða einfaldlega lifa af í hörðum heimi.

96 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Mjallhvít – Límmyndaleikur

Leikjabók með yfir 100 límmyndum og myndum til að losa af spjaldí

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Mjallhvít sleppur frá vondu drottningunni og hittir dvergana sjö! Hér er ævintýrið um Mjallhvít endursagt með fallega myndskreyttum þrautum og leikjum.

Skemmtileg afþreying fyrir börn frá þriggja ára aldri sem hafa gaman af ævintýrum.

16 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



Mómó

Michael Ende

Þýð.: Jórunn Sigurðardóttir

Í rústum hringleikahúss í útjaðri stórrar borgar býr stelpa sem heitir Mómó. Dag einn birtast grámenninginn í borginni, nánast ósýnileg en með stórhættulegt ráðabrug sem enginn getur stöðvað nema hún. Ævintýrasagan um Mómó hefur selst í meira en sjö milljónum eintaka á fjölda tungumála.

280 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB

ENDUR
ÚTGÁFA



Múminálfar

Gönguferð um Múmíndal

Múminálfar læra litina

Múminálfar læra orð

Tove Jansson

Þýð.: Æsa Guðrún Bjarnadóttir, Sverrir Jakobsson og Bjarni Guðmarsson

Gönguferð um Múmíndal er skemmtileg flipabók fyrir forvitna krakka, hinar tvær eru fallegar harðspjaldabækur ætlaðar þeim sem eru að læra fyrstu orðin.

10/14/14 bls.

Forlagið – Mál og menning

HSP



Náðu forskoti

Jo Chambers

Náðu forskoti eru frábærar reikningsbækur sem hjálpa 3-8 ára börnum að ná betri færni í reikningi. Fimm bækur eru í flokknum, sem eru sniðnar fyrir 3-4 ára, 4-5 ára, 5-6 ára, 6-7 ára og 7-8 ára. Límmiðar eru í hverri bók.

32 bls.

Unga ástin mín

SVK



Neðansjávangátan

Jörn Lier Horst

Þýð.: Sigurður Helgason

Þriðja bókin um þrjá krakka sem lenda í ótrúlegum ævintýrum. Spennandi bók í stíl bóka Enid Blyton fyrir stálpaða krakka.

153 bls.

Bókaormurinn

Dreifing: Draumsýn

KIL



Óvættaförl 1 – Elddrekin Fernó

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Þetta er fyrsta bókin í flokknum Óvættaförl um konungsríkið Avantíu. Illviljaður töframaður hefur lagt ill álög á verndarvætti Avantíu. Aðeins sönn hetja getur frelsað þá úr álögunum og hindrað að þeir leggi landið í auðn. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

120 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL

**ENDUR
ÚTGÁFA**



Óvættaförl 2 – Sæslangan Sepron

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Þetta er önnur bókin í flokknum Óvættaförl um konungsríkið Avantíu. Avantíu er ógnað af sínum fornu verndarvættum sem fjandsamlegur töframaður hefur lagt á ill álög. Tom verður að berjast við sæslönguna Sepron til að bjarga landi sínu og þjóð. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

128 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL

**ENDUR
ÚTGÁFA**



Óvættaförl 3 – Bergrisinn Arkta

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Þetta er þriðja bókin í flokknum Óvættaförl um konungsríkið Avantíu. Avantíu er ógnað af sínum fornu verndarvættum sem fjandsamlegur töframaður hefur lagt á ill álög. Tom verður að berjast við bergrisann Arkta til að bjarga landi sínu og þjóð. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

128 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL

**ENDUR
ÚTGÁFA**



Óvættaförl 4 – Kentárinn Tagus

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Þetta er fjórða bókin í flokknum Óvættaförl um konungsríkið Avantíu. Avantía þarfnast hetju. Verndarvættirnir, sem áður héldu hlífiskildi yfir landi og þjóð, eru á valdi töframansins illa. Kentárinn Tagus ógnar öllu lífi á sléttunum. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

116 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL

**ENDUR
ÚTGÁFA**



Óvættaförl 5 – Hrímpursinn Nanúk

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Þetta er fimmta bókin í flokknum Óvættaförl um konungsríkið Avantíu. Avantíu er ógnað af sínum fornu verndarvættum sem fjandsamlegur töframaður hefur lagt á ill álög. Tom verður að berjast við hrímpursinn Nanúk til að bjarga landi sínu og þjóð. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

130 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL

**ENDUR
ÚTGÁFA**



Óvættaförl 6 – Eldfuglinn Epos

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Þetta er sjötta bókin í flokknum Óvættaförl um konungsríkið Avantíu. Avantíu er ógnað af sínum fornu verndarvættum sem fjandsamlegur töframaður hefur lagt á ill álög. Tom verður að berjast við eldfuglinn Epos til að bjarga landi sínu og þjóð. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

124 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL

**ENDUR
ÚTGÁFA**



Óvættaförl 18 – Sporðrekamaðurinn Stingur

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Þetta er átjándi bókin í flokknum Óvættaförl um konungsríkið Avantíu, en jafnframt sjötta bókin sem fjallar um Myrkraríkið. Góðvættum Avantíu er haldið nauðugum í konungsríki vonða galdrakarlsins Malvels. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

115 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL



Óvættaförl 19 – Dauðaberinn Nixa

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason

Þetta er fyrsta bókin í flokknum Óvættaförl um verndargrip Avantíu. Taladon hefur snúið aftur! En Tom til skelfingar er faðir hans vofo. Til að bjarga Taladon verður Tom að berjast við draugaóvættina og ná saman brotunum úr verndargrip Avantíu. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

130 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL



Óvættaförl 20 – Vofuheturinn Ekvínus

Adam Blade

Þýð.: Sigrún Ástríður Eiríksdóttir

Vofuheturinn Ekvínus ryðst í gegnum skóga Forboðna landsins og rænir lifandi verur lífskraftinum. Tom verður að ná broti úr verndargripnum úr vörslu hans – að öðrum kosti verður faðir hans vofo um alla framtíð. Líttlestrarbók fyrir krakka á aldrinum 7–11 ára.

118 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL



Óvættaförl 21 – Hellaþursinn Rashúk

Adam Blade

Þýð.: Árni Árnason


Hellaþursinn Rashúk liggur í leyni í Dauðatindum.

Vofuóvætturinn þefar uppi hræðslulyktina af fórnarlömbum sínum og breytir þeim í stein. Tom þarf á öllu hugrekki sínu að halda til að komast yfir brotið úr verndargrip Avantíu sem Rashúk hefur.

120 bls.

ÍDNÚ útgáfa

KIL



Prinsessusögur

Fjögur sígild ævintýri með fallegum myndum

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Hér eru ævintýrin um Mjallhvít, Öskubusku, Stígvélaða köttinn og Litlu hafmeyna færð í einfaldan og aðlaðandi buning með litríkum og skemmtilegum myndum.

Tilvalin bók fyrir yngstu börnin.

77 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



Rauðhetta – límmyndaleikur

Leikjabók með yfir 100 límmyndum og myndum til að losa af spjaldi

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Rauðhetta er á leiðinni til ömmu sinnar í Töfraskóginum!

Hér er ævintýrið um Rauðhettu endursagt með fallega myndskreyttum þrautum og leikjum. *Skemmtileg afþreying fyrir börn frá þriggja ára aldri sem hafa gaman af ævintýrum.*

16 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK



Reimastelpan

Auðveld leið til að læra að reima skóna þína

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Skemmtileg saga um hvað það skiptir miklu máli að geta reimað skóna sína hjálparlaust. Leiðbeiningarnar leynast í sögunni og með reiminni, sem er áföst bókinni, er hægt að ná góðri æfingu í þessari göfugu list. *Tilvalin bók fyrir alla krakka sem vilja læra að reima.*

8 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Reimastrákurinn

Auðveld leið til að læra að reima skóna þína

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Skemmtileg saga um hvað það skiptir miklu máli að geta reimað skóna sína hjálparlaust. Leiðbeiningarnar leynast í sögunni og með reiminni, sem er áföst bókinni, er hægt að ná góðri æfingu í þessari göfugu list. *Tilvalin bók fyrir alla krakka sem vilja læra að reima.*

8 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Risaædlur

14 risahljóð

Þýð.: Lúther Jónsson

Börnin elska að ýta á takkana til að hlusta á risaædlurnar og skoða myndirnar í þessari skemmtilegu bók.

12 bls.

Steinegg

HSP



Skósveinarnir

Leitið og finnið

Trey King

Þýð.: Gunnar Kr. Sigurjónsson

Skósveinarnir – Leitið og finnið – er stórskemmtileg myndabók fyrir krakka á öllum aldri!

Skósveinarnir eru alls staðar! En þú finnur þá aldrei þegar þeirra er þörf. Eða getur þú það? Reyndu að koma auga á: Skósveina, ribbalda, skrýtna hluti og ýmislegt fleira í þessari litríku bók sem reynir svo sannarlega á athyglina.

Bókaútgáfan Hólar

SVK



Skósveinarnir

Skáldsaga fyrir krakka

Brian Lynch

Þýð.: Gunnar Kr. Sigurjónsson

Frá því að þeir birtust fyrst hafa Skósveinarnir leitað að rétta illmenninu til að þjóna. Í leit sinni að hinum fullkomna foringja, hafa þeir þjónað risaædlum, konungum og skrimslum. En nú er kominn tími á nýjan húsbónda. Ef þeir gætu aðeins fundið hann! Sláist í hóp með Kevin, Stuart og Bob í ferðalagi þeirra auga heiminn og takið þátt í varmennaráðstefnunni, í leit að fyrirritlegasta og versta kallinum (eða kellunni!) til að leiða þá féлага.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Skrímslið á Síkjaheiði – Hrúturinn Hreinn

Martin Howard

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Stórskemmtileg saga um Hrútin Hrein og vini hans í Flóamýri sem sífellt lenda í hinum ýmsu ævintýrum. Fyndin bók með stóru letri fyrir unga lesendur.

96 bls.

Unga ástin mín

KIL



Skrítin skógardís í skóginum ógurlega

Jana Bauer

Myndskr.: Caroline Thaw

Þýð.: Huginn Þór Grétarsson

Einn fremur skjáðan laugardag sést eitthvað mjög skritið fljúga í átt að Skóginum ógurlega. Teketill hangir neðan úr litlum loftbelg. Hann festist í bláberjarunna og lokið opnast með hvelli. Út skríður lítil vera. Skrítin Skógardís.

Bráðskemmtileg bók fyrir krakka á aldrinum 7-13 ára.

104 bls.

Öðinsauga útgáfa

IB



Skúli skelfir

Heimsmetabók Skúla skelfis

Skúli skelfir fær lús

Skúli skelfir gabbar tannálfinn

Skúli skelfir og töfratömsósan

Francesca Simon

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Skemmtilegar sögur af skelfilegum dreng! Þaulhugsuð hrekkjabrögð Skúla skelfis vekja hlátur hjá fúllyndasta fólki.

108/96/96/109 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Skúli skelfir og múmían

Francesca Simon

Myndir: Tony Ross

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Finnur, litli bróðir Skúla skelfis, á svakalegt múmíudót sem Skúli ágirnist mjög en má ekki leika sér með. Þá þarf að beita klækjabrögðum! Litrík og skemmtileg bók fyrir byrjendur í lestri, allt frá fimm ára aldri.

80 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Slökkviliðsbíllinn

Skemmtileg og full af fróðleik! Hljóðbók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Slökkviliðsbílar hafa alltaf heillað krakka á öllum aldri. Hér er margs konar fróðleikur um slökkviliðið og búnað þess og sírenuvelið fylgir með ef þrýst er á hnappinn.

Tilvalin bók fyrir verðandi slökkviliðsmenn.

Setberg bókaútgáfa

RAF



Snúður og Snældu

Uppfærð og einþá skemmtilegri!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Snúður er einn heima og leiðist að hafa engan til að leika sér við. Það breytist heldur betur þegar Snældu frænka hans kemur í heimsókn. Uppátæki þeirra eiga sér lítil takmörk og óvist að húsráðendur verði hrifnir þegar þeir koma heim og sjá verksummerkin!

Fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

ENDUR
ÚTGÁFA



Snúður og Snælda í jólastapi

Uppferð og ennþá skemmtilegri!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Snúður og Lappi bjóða bestu vinum sínum til jólaveislu. Það gengur á ýmsu í gleðskapnum og allir skemmta sér konunglega. Mýsnar á loftinu taka þátt í gleðinni og koma óvænt til hjálpar þegar jólatréð stendur í björtu báli.

Fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

ENDUR
UTGÁFA

Snúður og Snælda í útilegu

Uppferð og ennþá skemmtilegri!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Sumarleyfið er byrjað og Snúður og Snælda ákveða að fara saman í útilegu. Alls konar ævintýri biða þeirra og eftir mishæppnaða veiðiferð uppgötva þau að í stað þess að reyna að veiða dýrin í skóginum er miklu skemmtilegra að vera vinur þeirra.

Fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

ENDUR
UTGÁFA

Snúður og Snælda og Lappi í skólanum

Uppferð og ennþá skemmtilegri!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Það er líf og fjör fyrsta daginn sem Lappi, Snúður og Snælda koma í skólann eftir sumarleyfið. Lappi reynir að einbeita sér að náminu en Snúður og Snælda hafa miklu meiri áhuga á að skemmta sér við alls konar prakkarastrik.

Fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

ENDUR
UTGÁFA

Snúður og Snælda skemmta sér

Uppferð og ennþá skemmtilegri!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Snúður og Snælda bregða sér á skíði en lenda í blindbyl og vita ekkert í hvaða átt þau eiga að halda. Allt í einu brestur snjórin undan þeim og þau hrapa niður í kolsvart hlydýpi. Hvar skyldu þau hafa lent?

Fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

ENDUR
UTGÁFA

Snúður skiptir um lit

Uppferð og ennþá skemmtilegri!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Vínatta er dýrmæt og fátt mikilvæga en að eiga trausta vini. Snúður grípur til örþrifaráða þegar hann verður þess var að bestu vinir hans snúa við honum baki af því að hann er svo eigingjarn.

Fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg bókaútgáfa

SVK

ENDUR
UTGÁFA

Sólbjört Valentína – af frumskógarfuglum og konunglegum nærbuxum

Irmgard Kramer

Myndir: Nina Dulleck

Þýð.: Herdís Hübner

Húsið sem Sólbjört Valentína keypti fyrir vasapeningana sína vill fána. Og það engan venjulegan þjóðfána heldur fána úr silkimjúkum, konunglegum nærbuxum. Sólbjört Valentína verður að taka til sinna ráða því annars hendir húsið fjölskyldu hennar á götuna!

172 bls.

Bókabeitan

IB



Strákurinn í kjólnum

David Walliams

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Drepfyndin metsölubók um strák sem leynir á sér. Þetta er fyrsta skáldsaga David Walliams og sú sem að skaut honum á stjörnuhimin barnabókanna. Ákaflega hlý og skemmtileg saga. Bók sem hvetur börnin til frekari yndislesturs!

240 bls.

Bókafélagið

IB



Súper NEO

Hetjusaga hlaðin OFURKRAFTI og fjölmörgum fundnum og spennandi atvikum!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson


SÚPER-NEO er ofurhetja á lítilli stjórn í margra ljósára fjarlægð. Hann er verndari barna sem lenda í vandræðum á jörðu niðri og kemur til bjargar á leifturhraða þegar á þarf að halda.

Bráðskemmtileg bók fyrir krakka frá þriggja ára aldri.

28 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB



Sveitabæjarfjör

Lifleg hljóðbók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hljóðbók með sex skemmtilegum dýrahljóðum.

Fjárhundurinn Fróði fylgir þér í skemmtilega skoðunarferð um sveitabæinn. Hann segir þér frá vinum sínum á bænum og leyfir þér að heyra í þeim.

Fjörug bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.

10 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Sögur úr norrænni goðafræði


Þýð.: Bjarki Karlsson

Í þessari eigulegu bók má lesa bráðskemmtilegar endursagnir á helstu goðsögum norrænna manna. Hér kynnumst við þrumuguðinum Þór, bragðarefnum Loka, jötnum, dvergum, skrímslum og hrímþursum, auk sögunnar af bardaga Sigurðar við drekann Fáfni. Textinn er í senn vand- aður og auðlesinn í þýðingunni verðlaunaskáldsins Bjarka Karlssonar.

280 bls.

Rósakot ehf

IB



Talnabók Trausta

Skemmtilegu snábarnabækurnar

Edith Kunhardt

Þýð.: Björgvin E. Björgvinsson

Talnabók Trausta sýnir að allt í kringum okkur er eitthvað sem hægt er að telja. Með því að fylgja Trausta í einn dag sjáum við hve mikilvægt er að átta sig á fjölda og þekkja tölurnar. *Talnabók Trausta* ýtir undir eftirtekt og æfir okkur í að telja það sem fyrir augu ber.

24 bls.

Bókaútgáfan Björk

SVK



Tikk Takk Klukkubók

Skemmtileg bók til að læra á klukku

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Fylgdu krúttlegu tigrístvíburunum Tikk og Takk eftir einn dag með öllu þeirra gamni og gauragangi og hjálpaðu þeim að fylgjast með því hvað tímanum líður.

Tilvalin bók fyrir yngstu börnin sem vilja læra á klukku.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Tommi og Tölurnar

Lærðu tölurnar með Tomma

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Litrík bók með hreyfanleg augu sem lífga bókina.

Þegar þú hefur hlustað á sögunnar notar Tommi litríkar og fallegar myndir til að hjálpa þér að telja og þekkja tölurnar. Bókin lifnar við þegar henni er velt til og frá og stór augun taka að hreyfast.

Tilvalin bók fyrir yngstu börnin.

10 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Tonje Glimmerdal

Maria Parr

Þýð.: Sigurður Helgason

Margverðlaunuð barnabók eftir höfund hinnar vinsælu barnabókar *Vöfluhjarta*.

Tonje Glimmerdal er eina barnið í Glimmerdal og í hennar huga er ekkert heilagt.

Lestur bókarinnar leiðir hugann að Heiðubókunum eftir Johanna Spyri og ekki síður að veröld Astrid Lindgren.

281 bls.

Draumsýn

KIL



Seiðfólkið

Töframáttur

Jo Salmson

Myndskr.: Natalia Batista

Þýð.: Anna R. Ingólfssdóttir

Hvað ef þú býrð yfir hættulegum eiginleika? Seiðfólkið í norðri býr yfir töframætti. Þýðir það að Sól geti einnig beitt töfrum? Sól er ekki viss en Enó er forvitinn. Töframátturinn hræðir Arel meira en nokkuð annað. Bókaflokkurinn í heild hlaut Norrænu barnabókaverðlaunin.

124 bls.

Bókabeitan

IB



Uppáhaldsform Depils

Eric Hill

Þýð.: Birna Klara Björnsdóttir

Það er gaman að læra um formin með Depli!

10 bls.

Bókaforglafið Bifröst

HSP



Við könnum kroppinn

Doris Rübél

Þýð.: Halldóra Björt Ewen

Hvernig? Hvað? Hvers vegna? Börn spyrja ótal spurninga. Hvers vegna fæ ég tannpínu? Hvað er hiksti? Til hvers notum við vöðva? Hvernig líta beinin í mér út?

Fróðleiksbók með aðgengilegum texta sem börnin geta lesið sjálf eða er lesinn fyrir þau. Undir fróðleiksflípum leynast þekkingarmolar.

16 bls.

Bókaforglafið Bifröst

GOR



Viltu vita meira um himingeiminn?

Viltu vita meira um jörðina?

Viltu vita meira um líkamann?

Viltu vita meira um vísindin?

Viltu vita meira... bókaflokkurinn inniheldur flípaþækur sem fræða, svara spurningum og vekja forvitna krakka til umhugsunar um allt milli himins og jarðar.

Þýðendur og ráðgjafar við þýðingu eru ungir íslenskir vísindamenn.

Rósakot ehf

IB



Vinir í sveitinni

Skemmtileg hljóðbók með haldfangi fyrir unga lesendur með fjórum dýrahljóðum.

10 bls.

Unga ástin mín

IB



Vinirnir í sveitinni

Litrík lyftimyndabók um lífið í sveitinni

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Barnið fer í ævintýralega ferð um sveitabæinn og gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn á hverri blaðsíðu.

Lifleg bók fyrir yngstu börnin.

12 bls.

Setberg bókaútgáfa

HSP



Þekkir þú Línu langsokk?

Astrid Lindgren

Myndir: Ingrid Vang Nyman

Þýð.: Þuríður Baxter

Tommi og Anna trúa varla sínum eigin augum þegar þau sjá Línu langsokk þramma heim að Sjónarhóli í fyrsta sinn. Þau héldu að krakkar gætu ekki haldið á alvöru hestum – en Lína getur það, enda sterkasta stelpa í heimi. Fyrsta sagan um þetta sjálfstæða og uppátækjasama stelpuskott er fánleg á ný, og heillar unga lesendur nú sem fyrr.

32 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB

ENDUR
ÚTGÁFA



Ævintýralandið

Ritstj.: Nick Ellsworth


Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir

Safn 15 sígildra og fagurlega skreyttra ævintýra sem flytja barnið inn í heillandi töfraheim. Börnin elska að lesa og hlusta á sögunar um Rauðhettu, Gullbrá og birnirna þrjá, Aladdin og töfralampann og Öskubusku og fleiri og fleiri. Falleg og eiguleg bók.

160 bls.

Unga ástin mín

IB



Ævintýri Bangsímóns

Walt Disney

Ævintýri Bangsímóns hefur að geyma sígildar sögur um þennan geðþekka bangsa og vini hans.

Allt eru þetta hugljúfar og skemmtilegar sögur úr töfraheimi Bangsímóns sem íslensk börn kunna vel að meta.

192 bls.

Edda útgáfa

IB

ENDUR
ÚTGÁFA

Ungmennabækur

ÍSLENSKAR



Skuggasaga Arftakinn

Ragnheiður Eyjólfsdóttir

Pegar dularfulla húshjálpin hverfur sporlaust og skuggalegur óvættur birtist fær Saga loks skýringu á því hvers vegna hún er öðruvísi en aðrar stelpur. Um leið er það upphafið að ótrúlegu ævintýri. *Skuggasaga – Arftakinn* er margslungin og spennandi furðusaga sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2015.

412 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Drauga-Dísa

Gunnar Theodór Eggertsson

Pegar Dísa lendir upp á kant við vinsældaklökuna í níunda bekk flýr hún upp í sveit. Þrjú hundruð árum fyrir situr strákur í sama dal og bíður þess að ófreskja skríði úr egg. Hvorugt þeirra veit að brátt munu þau í sameiningu setja af stað atburðarás sem slær við öllum skrímslasögum sem heimurinn þekkir.

287 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Þriggja heima saga

Drögurverð

Hrafnsauga

Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson

Hrafnsauga og *Drögurverð* eru fyrsta og önnur bókin í Þriggja heima sögu, æsispennandi sagnaflokkur þar sem blóðgaldrar, falin leyndarmál og gleymdar óvættir ógna heimunum öllum.

Forlagið – Vaka-Helgafell

RAF

ENDUR
ÚTGÁFA



Flottu fótboltaþækurnar

Bestu karlarnir

Bestu konurnar

Björn Þór Sigbjörnsson og Illugi Jökulsson

Flottustu og flinkustu fótboltaþætjur heims! Þækurnar um 30 bestu konurnar og 30 bestu karlana. Hvaðan koma þau? Hverjir eru hættulegustu keppinautarnir? Helstu æviatriði og sterkustu hliðar snillinganna. Líflægur og fræðandi texti. Flottar myndir, nóg af staðreyndum, fjórlegt útlit.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Flottu fótboltaþækurnar

Skytturnar þrjár

Stelpurnar okkar

Illugi Jökulsson og Björn Þór Sigbjörnsson

Fótboltaþætjur! Skytturnar þrjár og íslenska kvennalandsliðið. Messi, Neymar og Suárez í hinu sigursæla liði Barcelona, skipa grimmostu sóknarlínu sögunnar. Íslenska kvennalandsliðið hefur náð frábærum árangri og eru leikur okkar í lokakeppnum EM 2009 og 2013 tvímælalaust hápunktur í fótboltasögu Íslands.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Fólkið í klettunum

Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir

Fólkið í klettunum er æsispennandi ævintýrasaga um menn og álfa og tvo heima sem hafa verið aðskildir frá upphafi jarðar. Næsti inngangur gæti verið í næsta umhverfi við þig, inni í hrauni eða í klettum. Guðbjörg er nýr höfundur á Íslandi. Hægt er að nálgast verk eftir hana á amazon.com

361 bls.
Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir

KIL RAF



Fótboldaspurningar 2015

Bjarni Þór Guðjónsson

Hvaða lið leikur heimaleiki sína á Vilhjálmsvelli? Hvert var síðasta atvinnumannalið Denis Bergkamp? Frá hvaða landi er Thibaut Courtois? Hvaða fugl þrýðir merki Vals? Hversu oft hefur Manchester United orðið Evrópumeistari? Með hvaða liði lék Pep Guardiola lengst af? Hvaða lag syngja stuðningsmenn Liverpool hástöfum áður en heima-leikir þess hefjast? Þetta og margt fleira í þessari frábæru fótboldaspurningabók.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Hafnfirðingabrandarinn

Bryndís Björgvinsdóttir

*** „Vel skrifuð, drepfyndin og spennandi saga sem bæði unglingar og fullorðnir ættu að geta gleymt sér í.“ *HPÓ / Fréttablaðið*. Ein af bókum ársins 2014; besta íslenska ungmennabókin að mati bóksala og hlaut auk þess Fjöruverðlaunin, Íslensku bókmenntaverðlaunin og Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur.

432 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL

RAF

ENDUR
ÚTGÁFA



Halloween

Drauga- og hryllingssögur fyrir harðgerð börn og unglunga

Guðjón Ingi Eiríksson og Gunnar Kr. Sigurjónsson

Hrekkjavökuhrekkurinn-Bjölluhljómurinn-Endastöðin-Gamla tréð-Kærastran-Draugatak-Kirkjugarðurinn-Fjallgangan-Hringurinn-“Bjargaðu mér“-Skólakjallarinn-Einn heima-Húsið á hæðinni-Græni stóllinn. Allt magnaðar sögur sem fá hjartað til að slá aðeins örur um hrið. Lestu ef þú þorir!

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Leitni að tilgangi unglingsins

Bryndís Björgvinsdóttir, Arnór Björnsson og Óli Gunnar Gunnarsson

Drepfyndin bók eftir hina einu og sönnu *UNGLINGA* úr Gaflaraleikhúsinu og höfund verðlaunasögunnar *Hafnfirðingabrandarans*. Bók fyrir alla unglunga, alla sem þekkjá unglunga og alla sem hafa áhuga á undarlegri hegðun þeirra, ástinni, nýjustu trendunum og því sem öllu máli skiptir: sorgum og sigrum.

289 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Mórún

Í skugga skrattakolls

Davíð Þór Jónsson

Lesari: Davíð Þór Jónsson

Á botni hins ísi lagða Sviðnavatn, liggur varningur sem ráðið gæti niðurlögum allra viti borinna kynþátta. Vatnsins er stöðugt gætt af völdugri systurreglu. Eftir siendurtekna árásir öflugs en ósýnlegs óvinnar er Mórún Hróbjarts álfa-mær og bogliðaforingi fengin til að skerast í leikinn.

194 bls. / 4:30 klst.

Kaldá

KIL

RAF

HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Nóttin langa

Stefán Máni

Alexander og Védís eru par um tvítugt. Þau eru félagar í alþjóðlegu leynisamtökunum Nafnlausum varúlfum. Þegar Alexander kemur heim í risibúðina eitt síðdegið er Védís horfin. Hún skildi ekki eftir skilaboð og svarar ekki í símann. Kom eitthvað fyrir? Eða er hún farin frá honum?

216 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Priggja heima saga

Ormstunga

Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson

Hörkuspennandi framhald bókana *Hrafnsauga* og *Draumsverðs* sem hlotið hafa frábærar viðtökur hjá gagnrýndum. Priggja heima saga er magnaður sagnaflokkur fyrir alla sem hafa gaman af furðusögum. **** „... fullvaxin fantasía fyrir allan aldur.“ FB / Fréttablaðið

583 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Spennandi fróðleikur

15 Svakegir sjóræningjar

30 Dýr í útrýmingarhættu

Illugi Jökulsson

Bækurnar úr þessari skemmtilegu ritröð hafa slegið í gegn, sérstaklega hjá börnum og unglingum. 12 bækur eru komnar út. Frábærar myndir, fræðandi texti, spennandi staðreyndir. Hér segir frá 15 svakegum sjóræningum og 30 dýrum í útrýmingarhættu. Lestu fleiri spennandi bækur úr þessari geysivinsælu ritröð.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Spennandi fróðleikur

15 Ógurleg eldgos

30 Frægustu vikingarnir

Kolbeinn Ottarsson Proppé og Illugi Jökulsson

Bækurnar úr þessari skemmtilegu ritröð hafa slegið í gegn, sérstaklega hjá börnum og unglingum. 12 bækur eru komnar út. Frábærar myndir, fræðandi texti, spennandi staðreyndir. Hér segir frá 30 frægustu vikingunum og 15 ógurlegum eldgosum. Lestu fleiri spennandi bækur úr þessari geysivinsælu ritröð.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Spennandi fróðleikur

15 Grimmustu risaeðlurnar

30 Undur veraldar

Illugi Jökulsson og Helgi Hrafn Guðmundsson

Bækurnar úr þessari skemmtilegu ritröð hafa slegið í gegn, sérstaklega hjá börnum og unglingum. 12 bækur eru komnar út. Frábærar myndir, fræðandi texti, spennandi staðreyndir. Hér segir frá 30 merkustu undrum veraldar og 15 grimmustu risaeðlunum. Lestu fleiri spennandi bækur úr þessari geysivinsælu ritröð.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Stelpur

Tú skref að sterkari sjálfsmynd

Kristín Tómasdóttir

Í þessari stórfróðlegu og skemmtilegu bók leggur met-söluhöfundurinn Kristín Tómasdóttir fram tíu leiðir fyrir unglingstelpur að sterkari sjálfsmynd. Ómissandi bók fyrir allar unglingstelpur!

407 bls.

Veröld

IB



Sölvasaga unglings

Arnar Már Arngrímsson

Nú á dögum eru einungis fíklar og alkar sendir í sveit og Sölvi er hvorugt. Hvers vegna er hann þá þíndur í sveitina? Mun hann finna sig umkringdur rispuðum vínplötum og rykföllum bókum? Munu rapptextarnir hans ná einhverju flugi eða færi best á að brenna allt draslið?

255 bls.

Sögur útgáfa

IB



Vetrarfrí

Hildur Knútsdóttir

Það er að koma vetrarfrí. Bergljót hlakkar til að fara í party, Bragi bróðir hennar ætlar að gista hjá vini sínum og foreldrarnir ætla út úr bænum. En allar áætlanir fara fyrir lítið þegar furðuleg plága brýst út og fólk hugsar um það eitt að bjarga lífi sínu. Æsispennandi saga sem sendir hroll niður eftir bakinu.

263 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB


BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 21.-22. NÓV. 2015

Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.bokmenntaborgin.is

Ungmennabækur

PÝDDAR



Anna í Asparblæ

L.M. Montgomery

Þýð.: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Anna Shirley ræður sig sem skólastjóra í Menntaskólanum í Summerside. Þar þarf hún að kljást við illvíga stórfjölskyldu en uppgötvar fljótt vin í eyðimörkinni þegar hún flytur inn í hús systranna Kötú og Kattýjar í Asparblæ. Þessi bók um Önnu í Grænuhlíð kemur út í fyrsta sinn í íslenskri þýðingu.

325 bls.

Ástríki útgáfa

SVK



Divergent

Arfleifð

Veronica Roth

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Ekki missa af lokunum á Divergent-þrileikum! Ofbeldi og valdabarátta hafa splundrað fylkjakerfinu sem Tris Prior ólst upp við svo hún grípur fegins hendi tækifærið til að kanna heiminn utan borgarmarkanna. Kannski eiga þau Tobias möguleika á að skapa sér líf þar ...

503 bls.

Björt bókaútgáfa

KIL

RAF

ENDUR
UTGÁFA



Eleanor og Park

Rainbow Rowell

Þýð.: Marta Hlín Magnadóttir

Eleanor á ömurlegan fósturpabba og þarf að deila herbergi með þremur yngri systkinum. Park finnst hún skritin en eftirlætur henni samt sætið við hliðina á sér í rútunni ... Ein vinsælasta ungmennabók síðasta árs. Sjálfur John Green gefur henni 5 stjörnur.

358 bls.

Björt bókaútgáfa

KIL

RAF

ENDUR
UTGÁFA



Hvít sem mjöll

Salla Simukka


Þýð.: Erla E. Völudóttir

Önnur bókinn í isköldum finnskum þrileik sem slegið hefur í gegn um allan heim. Hin sautján ára Mallhvít er í ástarsorg og þráir það helst að fá að vera í friði, en líkt og í *Rauð sem blóð* virðast háskaleg ævintýri leita hana uppi. Vandræðin hefjast þegar sérkennileg stúlka birtist og segist vera hálf-systir Mjallhvítar.

212 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Illur seiður

Norn er fædd

Carol Gardarsson

Þýð.: Einar Örn Stefánsson

Íslensk fjölskylda flyst til Manitoba í Kanada í lok 19. aldar. Á leið yfir sléttur miklu villist ung kona frá eiginmanni sínum með nýfætt stúlkubarn. Stúlkan Elísa kemst af en eftir þetta brennimerkt sem norn.

255 bls.

Bókaútgáfan Salka

KIL



Skref fyrir skref

Louis Sachar

Þýð.: Sigurlaug Gunnarsdóttir

Þegar Handarkriki snýr aftur til Austin setur hann sér fimm markmið. Að útskrifast. Að vinna. Að spara pening. Að forðast ofbeldi og losa sig við Handarkrikanafnið. Bókin er sjálfstætt framhald bókarinnar *Milljón holur*.

257 bls.

Bókstafur

KIL



Skrifa í sandinn

Marjun Syderbø Kjelnæs

Þýð.: Heiðrún Hödd Guðmundsdóttir

Barnabókaverðlaun Norðurlanda 2011.

Verðlaunabók fyrir unglinga sem fjallar um fjölbreytileika lífs þeirra og mismunandi kringumstæður. Beinskeytt og óritskoðað ferðalag inn í hugsunarhátt og tilfinningar unglinga.

173 bls.

Bókaormurinn

Dreifing: Draumsýn

KIL



Skuggabækurnar

Skuggahlíðin

Villa hlíðin

Sally Green

Þýð.: Salka Guðmundsdóttir

Ungmennabækur sem bragð er að! Blendingurinn Nathan er afkvæmi svartanornar og hvítunornar – hann lifir í harðneskjulegum heimi en þráir ekkert frekar en að ráða örlögum sínum sjálfur. Hraði, spennan og heitar tilfinningar. Lokabindi þessa æsilega þrileiks er væntanlegt vorið 2016.

320/336 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Violet og Finch

Jennifer Niven

Þýð.: Birgitta Elín Hassell

Finch er hugfanginn af dauðanum en þráir eitthvað til að lifa fyrir. Violet lifir fyrir framtíðina og telur dagana þar til skólanum lýkur.

Þau hittast á syllubrún á klukkuturni skólans. Þegar þau eru komin niður er óljóst hver bjargaði hverjum – og hver þarf frekari björgun.

352 bls.

Björt bókaútgáfa

IB

RAF



Þegar þú vaknar

Franziska Moll

Þýð.: Herdís M. Hübner

Elena er miður sín þegar Rico, kærastinn hennar, lendir í dái eftir hræðilegt bílslys. Þegar hún finnur í fórum hans lista yfir tíu hluti sem hann langar að gera ákveður Elena að framkvæma þá til að sýna honum af hverju hann er að missa.

232 bls.

Björt bókaútgáfa

IB

RAF

Skáldverk

ÍSLENSK



Aðventa

Gunnar Gunnarsson

Lesari: Róbert Arnfinnsson

Eftirleitarmaðurinn Benedikt heldur inn á öræfin og lendir í aftakaveðri. Bókin *Aðventa* á rætur sínar í veruleikanum og er heillandi frásögn.

Bókin hefur verið þýdd á um 20 tungumál. Stíll Gunnars er hvergi jafn látlaus og blátt áfram fallegur eins og í *Aðventu*, enda er hún meðal helstu verka höfundar.

🔊 2:20 klst.

Hljóðbók.is

HLB



Á flóttan undan vindinum, seinna bindi

Ásgeir Hvitaskáld

Lífsreynsluskáldsaga ungs manns sem fer í ferðalag til að skoða heiminn áður en alvara lífsins tekur við. Ferðalagið leiðir hann að áhrifavöldunum í lífi hans. Ásgeir hefur getið sér gott orð fyrir sín skrif. Þessi einstaka, tveggja binda lífsferðabók er full af leiftrandi lýsingum, hlýju og háði.

252 bls.

Bókaútgáfan Frjálst Orð

KIL RAF



Ástin, drekinn og dauðinn

Vilborg Davíðsdóttir

Í *Ástinni, drekanum og dauðanum* lýsir Vilborg Davíðsdóttir vegferð sinni og hennar heittelskaða. Bókin veitir í senn innsýn í veröld krabbameinsins og djúpa sorg þess sem hefur elskað og misst. En hún er ekki síður óður til kærleikans, hvatning til að lifa í árvekni og sættast við að dauðinn er órjúfanlegur hluti af lífinu.

265 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK RAF



Bíldudals bingó

Elfar Logi Hannesson og Jón Sigurður Eyjólffsson

Í vissum þorpum ganga hels til margir íbúar með gen sem veldur óhentugu heilkenni svo þeir geta engan veginn tekið lífinu alvarlega en gleyma sér þess í stað við barnalegt hugarflug, söng, sögur og fíflalæti. Hér rekja Elfar Logi og Jón Sigurður bernskuminningar sínar úr sjávarþorpi á níunda áratugnum.

233 bls.

Lurkur útgáfa

IB



Blaðamaður deyr

Guðrún Guðlaugsdóttir

Alma glímir við dularfullt mál sem tengist Árna rannsóknarblaðamanni og hinum hættulega sjáanda Marsibil. Rannsóknin snýst um morðmál og vafasaman tilgátusjóð Reyni-staðarklausturs. Alma endurskoðar aðstæður sínar í starfi og einkalífi. Spennandi, safarík bók um óvenjulegt efni í íslenskum veruleika.

249 bls.

GPA

KIL



Blátt blóð

Oddný Eir Ævarsdóttir

Kona leitar að nógu kátu sæði til að frjóvga örvæntingarfull egg, sem fer óðum fækandi. Eftir mishæppnaðar tilraunir endurskoðar hún væntingarnar til móðurhlutverksins í sárrí sorg og veikri von. Oddný Eir segir hér ögrandi og persónulega sögu um ævintýrlega viðureign við djúpa þrá.

98 bls.

Bjartur

KIL



Dimma

Ragnar Jónasson

Lesari: Vigdís Gunnarsdóttir

Lögreglufulltrúinn Hulda rannsakar síðasta sakamálið sitt áður en henni er gert að láta af störfum fyrir aldurs sakir, 64 ára gömul. Ragnar Jónasson toppaði metsölulista Amazon Kindle í Bretlandi og Ástralíu á árinu.

263 bls. / 🔊 6:30 klst.

Veröld

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Djöflaeyjan

Þar sem djöflaeyjan ris og Gulleyjan

Einar Káason

Tvær þekktustu skáldsögur Einars Káasonar saman í einni bók þar sem Reykjavík eftirstríðsáranna lifnar við: Skrautlegt mannlíf í braggahverfi, minnisstæðar söguhetjur og ævintýrlegar upptakomur, enda er frásagnargleði höfundar rómuð. Ein skemmtilegasta fjölskyldusaga íslenskra bókmennta á 20. öld.

431 bls.

Forlagið

KIL

ENDUR
ÚTGÁFA



DNA

Yrsa Sigurðardóttir

Besta íslenska glæpasaga árið 2014.

„Yrsa toppar þarna allt sem ég hef áður séð ...

Hörkuspennandi bók.“ Kolbrún Bergþórsdóttir, *Kiljunn*

476 bls.

Veröld

KIL

ENDUR
ÚTGÁFA



Eitthvað á stærð við alheiminn

Jón Kalman Stefánsson

Lesari: Jóhann Sigurðarson

Tíminn liður ekki í eilífðinni, þar verður tillitslaust afl hans að engu. Hér lýkur ættarsögunni sem hófst í bókinni *Fiskarnir hafa enga fætur* (2013). Hér er sagt frá ástinni, sem er í senn fórn og jafnvægislist, frá lífi og dauða, krepptum hnefa og Elvis Presley sem kann að opna hjörtun.

356 bls. / 🔊 10:30 klst.

Bjartur

IB HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Eldmáni

Elí Freysson

Vígakonan Katja verður viðskila við lærimeistara sinn og þarf nú að standa á eigin fótum. Óvinir hennar hafa endurlífgað fornan mátt og hefja nú opið stríð um völd. Katja stígur inn í hlutverk goðsagnakenndra hetja fortíðar og eldraun hennar nær hámarki í mikilli orrustu milli manna og myrkraafla.

303 bls.

Elí Freysson

KIL



Englaryk

Guðrún Eva Mínervudóttir

Eftir að einkadóttirin Alma hittir Jesú í sumarfríinu fer fjölskyldan í ráðgjöf hjá geðlækni. Hrífandi samtímasaga um mannleg tengsl, hversdagsþrautir og mátt hugsjónanna. Er hægt að feta veg kærleikans án þess að fara í taugarnar á öllum í kringum sig? *Englaryk* hlaut Menningarverðlaun DV 2014.

262 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL ENDUR ÚTGÁFA



Endurkoman

Ólafur Jóhann Ólafsson


Lesari: Þorvaldur Davíð Kristjánsson

Seiðmögnuð skáldsaga um ástina og leitina að hamingjunni, einsemd og söknuð, brotthvarf og endurkomu. Símtal frá Bretlandi kemur róti á huga hálfíslensks læknis í New York. Hefur hann lifað í blekkingu frá barnæsku? Ný skáldsaga eftir einn vinsælasta rithöfund þjóðarinnar.

389 bls. / 9:15 klst.

Veröld

IB RAF HLB Hijóbbók frá Skyrnjun



Eydís

Oddbjörg Ragnarsdóttir

Árið er 1983. Eydís stendur á krossgötum. Lífið er flókið og „eitís“ tímabilið er í algleymingi. Þar sem diskó, herðapúðar og bjórliki gefa tóninn. Fjólublátt ljós við barinn og ekki sjónvarp á fimmtudögum. Höfundur tekst vel að fanga tíðarandann í sinni fyrstu skáldsögu sem er sannfærandi og vel skrifuð.

240 bls.

Listfengi ehf

KIL



Fjallkonan

Ingibjörg Hjartardóttir

Ríkey var tíu ára þegar hún missti föður sinn í snjóflóði. Fimmtíu árum seinna á Ríkey fyrst afturkvæmt á æskustöðvarnar til þess að fylgja móður sinni til hinstu hvílu. Minningar bernskuáranna vakna af dvala og varpa um leið ljósi á ævintýralegt lífshlaup heimskonnunnar Ríkeyjar.

196 bls.

Bókaútgáfan Salka

IB



Flekklaus

Sólveig Pálsdóttir

Lesari: Sólveig Pálsdóttir

Á miðjum níunda áratugnum ferst ung kona í eldsvoða í Reykjavík. Vitni sér tvö ungmenni forða sér á hlaupum en málið er aldrei upplýst. Lögreglumaðurinn Guðgeir er í vanda staddur þegar það lendir á borði hans. „Ný stjarna á himni íslenskra glæpasagna,“ segja Þjóðverjar um Sólveigu Pálsdóttur.

223 bls. / 8:00 klst.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF HLB Hijóbbók frá Hijóbbók.is



Flækingurinn

Kristín Ómarsdóttir

Hrafn er mállaus piltur sem lifir á jadrri samfélagsins og *Flækingurinn* er frásögn af lífi hans einn snjóþungan vetur. Fjórleg, skörp og knýjandi greining á samfélagi, fólki og samböndum. – „Sterk og feykivel skrifuð saga sem ber öll bestu höfundareinkenni Kristínar.“ FB / *Stundin*

365 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK RAF



Geirmundar saga heljarskinns

Íslenskt fornrit

Bergsveinn Birgisson

Geirmundur heljarskinur var sagður göfgastur allra landnámsmanna á Íslandi. Þó hefur sögu hans aldrei verið haldið á lofti – fyrr en nú. Hér er komin Íslendingasagan sem fékk ekki að vera með. Bergsveinn Birgisson, höfundur *Svars við bréfi Helgu*, kynnir okkur fyrir 21. aldar mannum Geirmundi.

254 bls.

Bjartur

IB



Gerill

Snæbjörn Ragnarsson

Vopnaður tveimur Marshall-mögnurum, Fender Stratocaster frá 1976 og innstæðulauðu sjálfstrausti leggur Arngrímur af stað og hamingjan hjálpi þeim sem standa í vegi fyrir honum og hljómsveit hans. Er höfundur að spegla sjálfan sig í húmor og yfirgengilegheitum? Rokk, fylleri og þrísom – eitthvað fyrir alla.

288 bls.

Sögur útgáfa

IB



Gildran

Lilja Sigurðardóttir

Eftir harkalegan skilnað stendur Sonja uppi allslaus og fær ekki að hitta son sinn nema þegar pabba hans hentar. Í örvæntingu leiðist hún út í smygl – og reynist vera snjall smyglari sem kemst upp með ótrúlegustu hluti. Hröð og fantavel skrifuð spennusaga um venjulegt fólk í óvenjulegum aðstæðum.

344 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Góða nótt, Silja

Sigurjón Magnússon

Góða nótt, Silja vakti mikla athygli þegar hún kom fyrst út árið 1997. Sögusviðið er Reykjavík um haust. Jafnvel í hversdagslegustu samskiptum fólks leynast hættur. En í mannhjartanu er ekkert hversdagslegt, þar ríkir alltaf upplausn, voði og ringulreið – og einmitt þar gerist þessi magnaða saga.

184 bls.

Ugla

KIL ENDUR ÚTGÁFA



Hann kallar á mig

Guðrún Sæmundsen


Árið er 2010 og Hera er 28 ára. Hún stendur á tímamótum, verður fyrir áfalli en vill ekki gefast upp. Árið er 1991 og Begga er 9 ára. Næstu tuttugu árin verður lesandi vitni að því hvernig fíkin nær hjartökum á henni. Sögur þeirra tengjast á áhugaverðan hátt. Raunveruleg og áhrifamikil samtímasaga.

208 bls.

Guðrún Sæmundsen

Dreifing: Bókaútgáfan Salka

IB



Hark

Pálmi Gunnarsson

Ó sóle míó! Djöfulsins dýrðarinnar snilld! segir útgerðarmaðurinn ungi þegar hann horfir á sjálfan sig púðaðan í speglinum og ákveður að fagna útgáfu hljómdisks, sem enn er á hugmyndastigi, með útgáfutónleikum í Hallgrímskirkju.

Tónlistarmaðurinn Pálmi Gunnarsson sýnir á sér nýja hlið með þessari bráðskemmmilegu skáldsögu.

208 bls.

Tindur

IB



Heimska

Eiríkur Örn Norðdahl

Lesari: Eiríkur Örn Norðdahl

Undir vökulum augum eftirlitssamfélagsins gera rithöfundarnir og fyrrverandi hjónin Áki og Leníta allt sem þau geta til að ganga hvort fram af öðru. Áleitni og húmorísk saga um að sjá allt og sjást alls staðar, um óstjórnlega forvitni mannsins, hegðoma, ást og svik. Og síðast en ekki síst um framtíðina.

166 bls. / 4:15 klst.

Forlagið – Mál og menning

SVK RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Hendingskast

Sigurjón Bergþór Daðason

Ungur maður fær óvænt upp í hendurnar 30 milljónir króna. Miðaldra hjón verða fyrir því að húsið þeirra er málað appelsínugult í skjóli nætur. Undir lygnu yfirborði kraumar ólga og togstreita – og ísmeygileg kímni.

191 bls.

Veröld

KIL RAF



Hilma

Óskar Guðmundsson

Hefðbundin sjálfsvígarsókn tekur óvænta stefnu þegar lögreglukonan Hilma finnur tengsl við fleiri sjálfsvíg og slys. Þótt þessi mál eigi rætur í fortíðinni er Hilma skyndilega komin í æsilegt kapphlaup við tímann og harðsvíraður glæpamaður er á hælum hennar.

444 bls.

Draumsýn

KIL



Himnaljós

Áslaug Björt Guðmundardóttir

Sannar og mannlegar smásögur sem hitta í lesendur í hjartastað. Hver með sínum hætti varpa sögurnar ljósi á glímu venjulegs fólks við erfiðar spurningar tilverunnar – dansinn við eigin innri djöfla og þá sátt sem að lokum kann að nást. Bókin hlaut Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta 2015.

117 bls.

Áslaug Björt Guðmundardóttir

KIL



Hrólfs saga

Fönnin hlýtur sporin

Iðunn Steinsdóttir

Hér rekur Iðunn Steinsdóttir sögu langafa síns, Hrólfs Hrólfssonar. Hann háði harða lífsbaráttu sem sveitarómagi og síðar vinnumaður í lok 19. aldar. Hrólfur þræði að koma undir sig fótunum og búa konu sinni og börnum betra líf. En landlaus maður átti fárra kosta vil.

152 bls.

Bókaútgáfan Salka

IB



Hryðjuverkamaður snýr heim

Eiríkur Bergmann

Ekkert er alveg sem sýnist í þessari mögnuðu sögu um miðaldra mann sem snýr heim til Íslands í byrjun árs 2008 eftir að hafa þurft að flýja land löngu fyrr út af illskiljanlegum glæp.

Hann reynir að rifja upp gömul kynni við vini og vanda menn og áttar sig á að heimurinn er gjörbreyttur frá þeim heimi sem hann hvarf frá.

270 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Hundadagar

Einar Már Guðmundsson

Lesari: Einar Már Guðmundsson

Leiftrandi skemmtileg saga um stórhug, bresti og breyskleika; um Ísland og umheiminn; um söguleg ævintýri og ævintýralegar sögur; um ástina og ástríðurnar; um eldgos hér sem olli byltingu í Frakklandi – og um hundadagakónginn Jörund. Kannski á fortíðin brýnna erindi við samtíðina en okkur grunar?

341 bls. / 11:30 klst.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Húnbogi og Vera

Kleopatra Kristbjörg

Þessari bók megna engin orð að lýsa. Hún er sannkallað meistaraverk. Vel skrifuð, ljóðræn og listræn.

Það er draumur allra rithöfunda að getað skrifað svona bók sem er Kleopötru svo eðlilegt, það er að tala í dæmisögum og fögrum setningum sem eru eins og ljóð.

239 bls.

Ljósrák

IB



Fugl – VI

Hvað líður sumrinu ...?

Smásögur 2

Eyvindur P. Eiríksson

Eyvindur P. Eiríksson hefur sent frá sér um 30 skáldverk af margvíslegum toga. Hér svifur sjötta Fuglsbókin og þar fara á prent þrettán smásögur áður óbirtar, nema ein. Sú fyrsta er verðlaunasaga Flugleiða og Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn. Efni og efnistösk eru mismunandi og ein smáraun er bæði á íslensku og ensku.

144 bls.

EPE

KIL



Hvað með börnin?

Hugleikur Dagsson

Hugleikur Dagsson mætir með nýja brandarabók, uppfulla af andstyggilegu gríni um fóstureyðingar, trúarbrögð og hægðir. 40% samdi hann á árunum 2012–2014, 35% samdi hann á tveimur dögum fyrir Nova-snappið og restina samdi hann í gær. Ekki fyrir lítil börn. Bara stór börn.

144 bls.

Forlagið – Ókeibæ

SVK



Inn í myrkríð

Ágúst Borgþór Sverrisson

Óvenjuleg spennusaga um ferð manns í myrkríð í eigin sál og til fundar við myrk öfl í samfélaginu.

Ágúst Borgþór Sverrisson hefur árum saman getið sér gott orð fyrir framúrskarandi smásögur sínar og margvísleg önnur skrif.

294 bls.

Draumsýn

KIL



Skálholt I-II

Jómfrú Ragnheiður

Guðmundur Kamban

Lesari: Friðrik Erlingsson


Sagan rekur dramatiska ástarsögu biskupsdóttur í Skálholti og prestssonar frá Hruna. Ragnheiður sver eið að hreinleika sínum en fæðir 40 vikum síðar soninn Þórð Daðason. Höfundur teflir hér fram sammannlegri baráttu ástar og lífs gagnvart refsíglöðu kirkjuvaldi 17. aldar.

420 bls. / 18 klst.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL HLB

Hljóðbók frá Hljóðbók.is



Kamp Knox

Arnaldur Indriðason

Kona rekst á illa farið lík í lóni á Reykjanesi. Margt bendir til að hinn látni tengist herstöðinni á Miðnesheiði; árið er 1979. Erlendur og Marion Briem rannsaka málið. Þétt saga um staði sem flestir vilja gleyma. „Arnaldur sýnir vel færni sína í þessari sögu ...“ Úlfhildur Dagsdóttir / *bokmenntir.is* 323 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL ENDUR ÚTGÁFA



Kata

Steinar Bragi

„Þetta er feykilega kröftug bók!“ Egill Helgason / *Kiljan*. Saga um glæp og eftirköst hans, um óskiljanlega grimmd, ærandi sorg og stríðið milli kynjanna þar sem einungis annað hefur verið gerandi – þangað til núna. *Kata* vakti gríðarlega athygli þegar hún kom út og hlaut einróma lof gagnrýnenda.

515 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL ENDUR ÚTGÁFA



Krabbaveislan

Hlynur Niels Grímsson

Sjúkur læknir í sjúku samfélagi. Er hann rétti maðurinn til að fást við hinn allra erfiðasta sjúkdóm? Hvað hefur hann að gefa sjúklingum sínum? Og hvað sér hann þegar hann horfir sjálfur í spegil? Enginn mun líta heilbrigðiskerfið sömu augum eftir að hafa lesið *Krabbaveisluna*. Bók sem hefur hlotið verðskuldaða athygli.

227 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Lausnin

Eva Magnúsdóttir

Lísa hefur gert óteljandi árangurslausar tilraunir til að verða hamingjusöm. Þess vegna stekkur hún á tilboð frá LAUSNINI sem býður meðferð sem tryggir hamingju – þó að hún viti lítið um hvað í henni felst. *Lausnin* heldur lesendum í heljargreipum frá fyrstu síðu í taugatrekkjandi leit að hamingjunni.

335 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Leiðin út í heim

Hermann Stefánsson

Palli vaknar í rúminu sínu. Hann er einn í herberginu og þar er undarlega kyrrt og hljótt. Hann sest upp í rúminu. ... *Leiðin út í heim* er fimmta skáldsaga Hermanns Stefánssonar rithöfundar sem hlotið hefur verðskuldaða athygli fyrir nýbreytni og frumlega hugsun í skáldskap. Eftir hann hafa komið út ljóð, leikrit og skáldfræðilegir textar.

90 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Litlar byltingar

Draumar um betri daga


Kristín Helga Gunnarsdóttir

Kennslukonan Glóa flýr kaldan klakann og sest að í lukkulandinu Danmörku. En þegar ellin færast yfir leitar hugurinn heim – til formæðra og áhrifavalda. *Litlar byltingar* eru sögbrot af tíu konum – hér óma raddir mæðgna, systra og dætra sem dreymir um betri daga, frjálsar konur og börn sem lífa.

272 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



Líkvaka

Guðmundur S. Brynjólfsson

Engilbert kynnir ungur ofbeldi og djöfulskap mannlífsins. Uppkominn samsamar hann sjálfsmynd sína kenningum Biblíunnar þar sem hann sjálfur er andstæða mannsónarins. Kolsvört hörmungasaga er vörðuð spaugilegum uppákomum, kynlegum kvistum og leiftrandi snilld. *Líkvaka* er þjóðfélagsádeila og guðfræðileg þæling sem á erindi við okkur öll.

196 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Endir 4

Mamma

Hugleikur Dagsson

Myndir: Pétur Antonsson

Fjórða bókin í myndasöguflokknum Endir en Hugleikur Dagsson skrifar um nýjan heimsendi í hverri bók, alltaf með nýjum teiknara. Nú er það undrabarnið Pétur Antonsson sem myndskreytir ósköpin á meistaralegan hátt. Hér segir frá einstæðri móður sem eignast lítið barn sem stækkar. Og stækkar. Og stækkar.

64 bls.

Forlagið – Ókeibæ

SVK



Morðin í Skálholti

Stella Blómkvist

Áttunda bókin um Stellu sem er að vanda harðsnúin, sjálfstæð og herská. Hvert snýr kona sér þegar eiginmaðurinn er sakaður um að hafa myrt þabba hennar og bestu vinkonu? Hvað gera ættingjar stúlku sem hverfur sporlaust og lögreglan segir að muni aldrei koma í leitirnar? Þeir sem engu hafa að tapa snúa sér til Stellu Blómkvist.

288 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL



Nautið

Stefán Máni

Á rólyndislegum austfirskum sveitabæ gerast skelfilegir atburðir. Með einhverjum hætti tengjast þeir ofsa og persónulegum átökum í undirheimum Reykjavíkur. Fégræðgi og hefndarhugur virðast ráða för. En þegar kafað er dýpra leynast skuggaleg leyndarmál á hverju strái. Spennan er nístandi.

246 bls.

Sögur útgáfa

IB



Lóaboratoríum

Nýjar rannsóknir


Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Lóaboratoríum er rannsóknarstofa Lóu Hlínar teiknara og tónlistarkonu. Meðal viðfangsefna eru neyðarlegar uppákomur af ýmsu tagi, útlitgallar, ýktur lífsstíll og margt fleira. Óborganlegur húmor og næmi fyrir ýmsum kímum mannlífsins.

96 bls.

Forlagið – Ókeibæ

SVK



Og svo tjöllum við okkur í rallið

Bókin um Thor

Guðmundur Andri Thorsson

Guðmundur Andri hefur valið ljósmyndir úr fórum Thors til að minnst hans. Af næmi og listfengi dregur hann upp einstæða mynd af skapmiklum og flóknum manni sem jafnframt var hlýr humanisti sem lagði allt í sölnurnar fyrir listina. Einlæg lýsing Guðmundar Andra á Thor og sambandi þeirra feðga er hjartnæm og minnisstæð.

160 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Sjóveikur í München

Hallgrímur Helgason

Lesari: Hallgrímur Helgason

Hér gengur Hallgrímur á hólm við sjálfan sig og lýsir örlagavetri í eigin lífi, sínum fyrsta utan föðurlands og móðurhúsa. Hann tekst á við hræringar í eigin huga, lýsir þeirri ólgu sem gerjast innra með honum og þeim áhrifum sem hann verður fyrir. Skemmtileg og áhrifamikil saga. 325 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Skálmöld

Einar Kárason

Fjórða Sturlungabók Einars en um leið sú fyrsta. Hér segir frá aðdraganda þess að borgarastríð braust út á Íslandi; valdabróti höfðingjanna og afdrifaríkum Örlýgsstaðabardaga. Bók sem hefur hlotið einróma lof. „Lokahlutinn í mögnuðum bálki ... frábær skáldskapur ...“ Jón Yngvi Jóhannsson / Fréttablaðið 192 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL ENDUR ÚTGÁFA



Snjór í myrkri

Sigurjón Magnússon

Yfir minningunni um tónlistarkonuna Lillu grúfir dimmur skuggi. Eftir stuttan en glæsilegan feril finnst hún myrt á hrottafenginn hátt. Lítt þekktur rithöfundur fær það verkefni að skrifa ævisögu hennar. Kvöld eitt verður á vegi hans ung kona sem býr yfir óþægilegri vitneskju ... 182 bls.

Ugla

KIL ENDUR ÚTGÁFA



Sogið

Yrsa Sigurðardóttir

Lesari: Stefán Hallur Stefánsson

Lýst er eftir átta ára stúlku sem hverfur úr skólanum einn haustdag. Undarlegur spádómur unglings kemur upp úr hylki sem innsiglað var fyrir tíu árum, í kjölfarið taka voveiflegir atburðir að gerast í Reykjavík. Og lögreglan er ráðalaus. Bók sem þú leggur ekki frá þér! 372 bls.

Veröld

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Spiritus fassis

Bjarki Bjarnason

Það var sumarið '68. Gunnar á Hlíðarenda starfar í ullarverksmiðju, kynnist þar maðisma og framsóknarrokki og bergir á undrallyfinu Spiritus fassis. En hittir hann Hallgerði?

Þeirri spurningu er svarað í bókinni sem kemur lesandanum sífellt á óvart með frumlegum stíl, myndum og óvæntum söguþræði.

144 bls.

Bókaútgáfan Frá hvirfli til ilja

SVK




Stóri skjálfti

Auður Jónsdóttir

Saga rankar við sér eftir flogakast og þriggja ára sonur hennar er á bak og burt. Næstu daga drottnar effinn yfir huga hennar. Hvað gerðist fyrir flogið? Og hvernig getur Saga botnað nokkuð í tilfinningum sínum þegar minnið er svona glöppótt? Áleitin og spennandi saga sem ber öll bestu einkenni höfundar síns. 298 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



Stúlka með höfuð

Skáldævisaga

Þórunn Jarla Valdímarsdóttir

Hér segir Þórunn frá uppveiti sínum í Reykjavík rokksins og hipparanna, þar sem erfiður skilnaður foreldranna varpaði skugga á gleðina, frjálsu stúdentalífi í Lundi og Mexíkó og litríkum samferðamönnum. Opinská frásögnin er ofin trega og hamingju, léttleika og djúpum söknuði. 324 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Syndarinn

Ólafur Gunnarsson

Illugi Arinbjarnar málarari slær í gegn í New York en leiðist í kjölfarið inn á hættulega braut í list sinni og lífi, auk þess sem fortíðin vitjar hans og skekur lífsgrundvöll hans. *Syndarinn* er fjölskyldusaga sem gerist á seinustu áratugum síðustu aldar og er sjálfstætt framhald *Málarans*. 412 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Sögumaður

Bragi Ólafsson

Á rigningardegi í júní biður maður eftir afgreiðslu á pósthúsi þegar hann kemur auga á fyrrverandi kærasta stúlku sem hann elskaði eitt sinn sjálfur úr fjarlægð. Minningin um hatrið á manninum verður til þess að hann gleymir stund og stað. *Sögumaður* er grátbrosleg saga um sérkennilegan eltingarleik.

170 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Sögur handa öllum

Svava Jakobsdóttir

Svava var brautryðjandi í íslenskum nútímaskáldskap. Smásögur hennar gefa öflugan sýn á íslenskan veruleika og furðuleika og um leið á margbrotna mannlega reynslu og flókið samband einstaklings og samfélags. Hér er að finna sögur sem vöktu sterk viðbrögð á sínum tíma; sögur sem skipta máli.

312 bls.

Forlagið

KIL ENDUR ÚTGÁFA



Tapað – fundið


Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Lögfræðingurinn Halla Bryndís fær í hendurnar ranga ferðatösku þegar hún lendir í London og mikilvægir fundir framundan. Hvað gerir kona sem situr uppi með allt annan fataskáp en sinn eigin?

220 bls.

Veröld

KIL



Táningabók

Sigurður Pálsson

Táningabók er síðasti hluti endurminningaþrileiks Sigurðar Pálssonar. Fyrri bækurnar tvær, *Minnisbók* og *Bernskubók*, voru báðar lofaðar af gagnrýnendum eins og *Táningabók* – sem er þúlið sem vantaði! *Minnisbók* hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin.

288 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL ENDUR ÚTGÁFA



The Ax and the Earth

Ólafur Gunnarsson

Þýð.: Philip Roughton

„Öxin og jörðin geyma þá best.“ Þessi fleygu orð réðu í senn örlögum Hólafæða og íslensku þjóðarinnar á sextánda öld. Söguleg skáldsaga um trú og efa, sjálfstæði og kúgun. Bókin hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2003 og er nú loks fáanleg á ensku. 392 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Uppskriftabók – Skáldverk

Eygló Jónsdóttir, Guðrún Rannveig Stefánsdóttir, Halli Civelek, Kristinn Árnason, Lóa Hlín Hjalmtýsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Skúli Jónsson, Steinunn Lilja Emilsdóttir, Sunna Dís Másdóttir og Þór Fjalnar Hallgrímsson

Samstarfsverkefni tíu höfunda og ritstjóra úr ritlistar- og ritstjórnarnámi Háskóla Íslands. Inniheldur fjölbreytt efni, frá myndasögum til smásagna, reynslusögur, ferðasögur og ljóð. Bókin hefur m.a. hlotið lof fyrir óvissuna sem í henni er falin. Fæst í Bóksölu Stúdenta og á bókasöfnum. 223 bls.

Bleklfélagið, félag meistaranema í ritlist

IB



Útlaginn

Jón Gnarr

Umsj.: Hrefna Lind Heimisdóttir

Lesari: Rúnar Freyr Gíslason

Nýfermdur reykvískur pönkari er sendur í skóla vestur að Núpi. Sá sem snýr aftur tveimur árum síðar er orðinn maður. En enginn venjulegur maður. Örlög útlagans eru óumflýjanleg. Við tekur stefnulaus ferð um borg óttans. Þriðja bók Jóns Gnarr um ævi sína, skrifuð af djúpri einlægni og alkunnum húmor.

384 bls. / 12:50 klst.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun




Veðrabrigði

Svanhildur Þorsteinsdóttir

Þessi bók geymir tólf smásögur sem legið hafa í handriti frá því að höfundurinn, Svanhildur Þorsteinsdóttir, lést árið 1966. Sögurnar eru af ýmsum toga, sumar dapurlegar, aðrar gamansamar og enn aðrar í ævintýrastíl. Bókinni lýkur með endurminningu frá barnsaldri. 162 bls.

S. Stefánsson & Co. ehf

IB



Vegur vindans

Ása Marin

Þegar hrist er upp í veröld Elísu kaupir hún sér flugmiða og göngusandala og stingur af í langferð. Á Jakobsvegnum kynnist hún bæði skrautlegum pílgrímum og skilningsríkum heimamönnum en kemst jafnframt að því að hver verður með sjálfum sér lengst að fara. 198 bls.

Björt bókaútgáfa

IB RAF



Vesturfarasögurnar

Híbyli vindanna og Lífsins tré

Böðvar Guðmundsson

Í þessum geysivinsælu bókum, sem hér eru gefnar út saman, er fjölskyldusaga vesturfarans Ólafs fíólíns rakin og einstök innsýn gefst í líf Íslendinga sem fluttust vestur um haf seint á 19. öld; störf þeirra og kjör, vonir og þrár. Sögulegt skáldverk af bestu gerð, skrifað af samúð og næmum skilningi. 654 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL ENDUR ÚTGÁFA



Þakklæti

Sigurbjörn Þorkelsson

Í bókinni eru 146 ljóð, þar af 112 áður óbirt og 34 úr fyrri ljóðabókum höfundar. Einnig ljóðatengd orð um viðbrögð við áfalli, vonbrigði og glímu, baráttu og erfiðar tilfinningar. 10 Morgunblaðsgreinar, 15 Facebook færslur, 26 ljósmyndir auk eftirmála og annarra orða. Bókin er þó fyrst og fremst öður til lífsins og tjáir þakklæti fyrir undursamlegar gjafir þess. Lifi lífið! 237 bls.

Sigurbjörn Þorkelsson

IB



Þegar Gestur fór
Helgi Ingólfsson

Þegar Gestur fór er söguleg skáldsaga með sakamálaívaði, sjálfstætt framhald verðlaunásögunnar *Þegar kóngur kom*. Nýja sagan gerist 15 árum síðar og margar persónur eru þær sömu sem í fyrri bókinni, orðnar eldri og reyndari, en sumar hafa horfið af sjónarsviði og nýjar rutt sér til rúms. 522 bls.

Öðinsauga útgáfa

IB



Sjálfgotinn fugl – V

Þoka og önnur verk


Leikverk 2

Eyvindur P. Eiríksson

Höfundur hefur opinberað upp. 40 skáldverk alls konar. Í þessum fugli eru átta mislög verk, óbirt áður. Efni er allt frá samtali þriggja kvenna af ólíkum kynnum við sama karlmann yfir í eintal gamals togarasjómans. Fimmta bókinn í Fuglasafnið. Nýtist vel! 178 bls.

EPE

KIL



Þýska húsið

Arnaldur Indriðason

Lesari: Hilmar Guðjónsson

Farandsölumaður finnst myrtur í Reykjavík, skotinn í höfuðið með skammbyssu. Sjónir lögreglu beinast strax að hermönnum sem eru á hverju götuhorni sumarið 1941 en samskipti þeirra við heimafólk, ekki síst konur, eru mörgum þynnrir í augum. Mögnuð saga um svik og brostnar vonir frá meistara Arnaldi. 330 bls. / 12:30 klst.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Öræfi

Ófeigur Sigurðsson

Fáar íslenskar skáldsögur seinni ára hafa vakið meiri athygli en þessi bók enda engri lík. Hér skiptist á fjarstæðukennt grín og kraftmikil ádeila og allt vitnar um djúpa tilfinningu fyrir íslenskri náttúru og mannlífi gegnum aldirnar. Höfundur hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2014 fyrir *Öræfi*. 352 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL ENDUR ÚTGÁFA

Skáldverk

PÝDD



1984

George Orwell

Þýð.: Þórdís Bachmann

Hrollvekjandi framtíðarsaga sem á ekki síður erindi nú en þegar hún var rituð fyrir nær sjötíu árum. Eitt af meistaraverkum nútíma bókmennta eftir einn snjallasta rithöfund Englendinga á 20. öld í nýrri íslenskri þýðingu.

340 bls.

Ugla

KIL



Aftur á kreik

Timur Vermes

Þýð.: Bjarni Jónsson

Má hlæja að Hitler? Adolf Hitler vaknar árið 2011 í almenningsgarði í Berlín eftir að hafa sofið frá 1945. Almenningur telur að um hæfileikaríkan leikara sé að ræða en hann heldur sínu striki. *Aftur á kreik* er furðuleg, ögrandi og drepfyndin satíra sem varpar ógnvænlegu ljósi á samtímann.

384 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Afturgangan

Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Áttunda bók Jo Nesbø í bókaflökknum um Harry Hole. Æsispennandi saga um heim eiturlyfja og spillingar sem hefst á því að Oleg, sonur fyrrverandi unnustu Harrys, er handtekinn, sakaður um morð. Harry trúir ekki að hann sé sekur og tekur málið í eigin hendur.

518 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Alex

Pierre Lemaitre

Þýð.: Friðrik Rafnsson

Hrollvekjandi, myrkur og lævislega fléttaður spennutryllir í anda Hitchcocks; frumleg og ófyrirsjáanleg saga sem rígheldur allt til síðustu blaðsíðu. Pierre Lemaitre er margverðlaunaður höfundur og einn vinsælasti spennusagna-meistarar Frakka, hlaut m.a. Goncourt-verðlaunin 2013.

375 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Auga fyrir auga

Roslund & Hellström

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Dægurlagasöngvarinn John Schwarz er handtekinn eftir að hafa misþyrmt manni á ferju á leið frá Finnlandi til Svíþjóðar. Þegar lögreglan fer að grennslast fyrir um fortíð hans kemur í ljós að John lést á dauðadeild í fangelsi í Ohio í Bandaríkjunum allnokkrum árum fyrr.

472 bls.

Veröld

KIL



Ár hérans


Arto Paasilinna

Þýð.: Guðrún Sigurðardóttir

Dag einn er blaðamaðurinn Kaarlo Vatanen í vinnuferð með samstarfsmanni sínum sem í ógáti ekur á héra. Hérinn stekkur særður út í skóg og Vatanen æðir á eftir honum. Félaginn gefst upp á að biða eftir að Vatanen komi til baka og skilur hann eftir í skóginum. Þar með hefst atburðarás sem á eftir að umturna lífi Vatanens. Hann segir skilið við sitt fyrra líf og næsta árið þvælist hann um Finnland þvert og endilangt ásamt ferðafélaga sínum, héra-num.

Skrudda

KIL



Bernska, Æska, Manndómsár

Lev Tolstoj

Þýð.: Áslaug Agnarsdóttir

Fyrstu þrjár skáldsögur rússneska skáldjöfursins Levs Tolstojs voru þrileikurinn *Bernska*, *Æska* og *Manndómsár*. Þær eru jafnan núorðið gefnar út í einu lagi. Bækurnar byggja á uppveiti skáldsins og flestar persónur þeirra eiga sér fyrirmynd í ævi Tolstojs sjálfs. Hrífandi og djúpvitur uppvaxtarsaga.

544 bls.

Ugla

IB



Biðlund

Nora Roberts

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Biðlund er bókin í samarfríði! Enginn tekur Noru fram þegar alvöru ástarsögur eru annars vegar. Saga þeirra Beckett og Claire er í senn hjartnæm og dramatisk, rómantísk og spennandi. Er hún reiðubúin að hefja nýjan kafla í lífi sínu? Er hægt að byrja upp á nýtt?

360 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Blóð í snjónum

Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Ólafur er leigumorðingi og „afgreiðri“ aðallega fólk sem á það skilið. Líf hans er einmanalegt en loks hittir hann draumadísina – gallinn er sá að hún er gift yfirmanni hans sem hefur einmitt falið Ólafi að koma henni fyrir kattarnef. Snörp og innihaldsrík saga frá meistara glæpasagnanna.

192 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Bonita Avenue

Peter Buwalda

Þýð.: Ragna Sigurðardóttir

Siem Sigerius er vinsæll háskólarektor með fjölbreytt áhugamál og indæla fjölskyldu. Fullkominn maður, fullkomið líf – að því er virðist. En undir sléttu yfirborði krauma eldfim leyndarmál. Ágeng og óútreiknanleg hollensk verðlaunasaga. „Mælsk og margbrotin, óvæginn og á köflum hryllileg.“ *Daily Mail*

549 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Britt-Marie var hér

Fredrik Backman

Þýð.: Jón Danielsson

Lesari: Hildigunnur Þráinsdóttir

Eftir 40 ára hamingjusnauð hjónaband leitar hin smámunasama og þrjúskja Britt-Marie út á vinnumarkaðinn. Hún fær starf á frístundaheimili fyrir börn og unglinga í niðurníddu úthverfi þar þar sem líf hennar tekur óvænta stefnu. Ný og grátbrosleg saga eftir höfund *Maður sem heitir Ove*.

413 bls. / 12 klst.

Veröld

KIL HLB

Hljóðbók frá Hljóðbók.is



Brynhjarta


Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Með stuttu millibili finnast lík tveggja kvenna í Osló og lögreglan dregur þá ályktun að þær hafi verið myrtar af sama ódæðismanninum. Kaja Solness er send til Hong Kong til að hafa uppi á eina norska lögreglumanninum sem er sérfróður um raðmorðingja. Hann heitir Harry Hole.

Forlagið – JPV útgáfa

RAF ENDUR ÚTGÁFA



[bubble]

Anders de la Motte

Þýð.: Jón Danielsson

Framhald spennubókanna vinsælu [*geim*] og [*buzz*]. HP er í felum utan samfélagsins og reynir að losa sig úr járngreipum Leiksins – en hverjir eru vinir og hverjir óvinir? Hver er að spila með hvern? Kraftmikil og frumleg nútímasaga á máli tölvuleikjakynslóðarinnar.

470 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL



Dansað við björninn

Anders Roslund og Stefan Thunberg


Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Frábærlega fléttaður og spennandi tryllir um bræður sem leiðast út í bankarín en um leið áhrifamikil fjölskyldusaga. Saga um bræðrabönd, flókið samband föður og þriggja sona – og móður sem þráir að komast burt. „Áhugaverðasti krimminn á svæðinu.“ Friðrika Benónýs, Fbl.

697 bls.

Veröld

KIL RAF



Daudinn ekur Audi

Kristian Bang Foss

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Allt leikur í lyndi hjá Asger þar til hann missir vinnuna. Á endanum fær hann starf sem aðstoðarmaður fatlaðs manns, Waldemars. Saman halda þeir í stórkostlegt ferðalag til Marokkó þar sem Waldemar vonast til að fá bót meina sinna. Hárbeitt, gráglettin og átakanleg saga sem situr í hjartanu að lestri loknum.

230 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL



Davíðsstjörnur

Kristina Ohlsson

Þýð.: Eyrún Edda Hjörleifsdóttir

Í ísraelskri þjóðsögu segir frá Pappírstráknunum sem ræni börnum að næturlagi. Þegar kennari í Stokkhólmi er drepinn og tveir ísraelskir drengir í borginni hverfa sama dag kemst sagan á kreik. Er lausnina að finna í Ísrael? Hrikalega spennandi!

535 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Djöflastjarnan

Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Í Osló finnst ung kona myrt í íbúð sinni. Einn fingur hennar hefur verið skorinn af og undir öðru augnlokkinu finnst agnarsmár rauður demantur, skorinn í fimm arma stjörnu. Harry Hole er falin rannsókn málsins ásamt Tom Waaler – vinnufélagi sem hann hefur sterklega grunaðan um vopnasmýgl og morð.

Forlagið – JPV útgáfa

RAF ENDUR ÚTGÁFA



Drottningarförnin

Hanne-Vibeke Holst

Þýð.: Halldóra Jónsdóttir

Elizabeth Meyer gæti orðið fyrsti kvenforsætisráðherra Danmerkur. Framundan eru kosningar í skugga morðhótana og mikilla átaka; aðstæður sem neyða hana til sársaukafulls uppgjör. Æsispennandi saga um miskunnarlausa valdabaráttu og þær fórnir sem þarf að færa til að komast til ædstu metorða.

732 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Ef að vetrarnóttu ferðalangur

Italo Calvino

Þýð.: Brynja Cortes Andrésdóttir

Meistaraleg og launfyndin frásaga í mörgum lögum þar sem skipt er um atburðarás, stíl og umhverfi á óvæntum augnablikum í leit tveggja lesenda, karls og konu, að söguþræði sem vekur áhuga þeirra. Ítalski sagnaþulurinn Italo Calvino fer á kostum í þessari óborganlegu bók.

336 bls.

Ugla

KIL



Einhvern daginn

Nora Roberts


Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Nora Roberts er vinsælasti ástarsagnahöfundur Bandaríkjanna. Þetta er önnur bókinn í þrileiknum um Montgomery-bræðurna og hér segir frá Owen, sem heldur að hann hafi stjórna á öllu en gleymir að reikna með Avery. Og á hótelinu eru dulmögnuð öfl á sveimi og vilja hafa áhrif á atburðarásina.

357 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Einn plús einn

Jojo Moyes

Þýð.: Herdís Magnea Hübner

Einn plús einn er hrifandi og ómóttæðileg ástarsaga um tvær ráðvilltar sálir sem hittast við óvenjulegar aðstæður

Þetta er þriðja bókin á íslensku eftir Jojo Moyes, þennan vinsæla metsöluhöfund.

444 bls.

Bókaútgáfan Salka

SVK



Eiturbyrlarinn ljúfi

Arto Paasilinna

Þýð.: Guðrún Sigurðardóttir

Ekkjan Linnea Ravaska hefur hreiðrað um sig uppi í sveit og hyggst eyða þar ævikvöldinu í friði og ró. Henni verður ekki að ósk sinni, því um hver mánaðamót má hún búast við óboðnum gestum sem vilja sinn skerf af ellilífeyri hennar og heimta einnig mat, þjónustu, glens og gaman. Á endanum er ekkjunnin ofboðið. Hún flýr af hólmi með ódámána á hælunum og lendir í ótrúlegustu ævintýrum í víðureign sinni við þá.

203 bls.

Skrudda

KIL



Ekki snúa aftur

Lee Child

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Jack Reacher er kominn til Virginíu til að hitta Susan Turner majór sem nú gegnir hans fyrra starfi. En hún er horfin og það er eitthvað sérkennilegt í gangi. Reacher stendur frammi fyrir alvarlegum ásökunum. Og þegar manni er ógnað er tvennt í stöðunni: Að berjast eða flýja. Hvað gerir Jack Reacher?

398 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Er einhver þarna?

Marian Keyes


Þýð.: Sigurlaug Gunnarsdóttir

„Ég varð að fara aftur til New York og reyna að finna Aidan.“ Anna Walsh er öll í skralli. Hún liggur í betri stofu foreldra sinna, lætur sig dreyma um að fara frá Dublin og komast aftur til New York. En einhverja hluta vegna hefur Aidan ekki samband.

607 bls.

Bókstafur

KIL



Etta og Otto og Russel og James

Emma Hooper

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Etta ætlar að ganga 3200 kílómetra til að sjá hafið. Hún er áttatíu og þriggja ára og hefur aldrei séð það fyrr. Hún skilur eftir miða í eldhúsinu til Ottos – og á einhvern hátt skilur hann hvers vegna. Töfrandi saga um hvunnagshtjúr, ævilanga vináttu og ást, og að láta drauma sína rætast.

303 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Ég á teppi í þúsund litum

Anne B. Ragde

Þýð.: Silja Aðalsteinsdóttir

Hér dregur norskri metsöluhöfundurinn Anne B. Ragde upp litríka mynd af þversagnakenndri móður sinni sem lést árið 2012. Ragde segir frá uppvaxtarárum sínum í Brándheimi fyrir og eftir skilnað foreldra sinna og lífi móðurinnar eftir að dóttirin flutti að heiman. Grípandi saga um lífsþrótt og seiglu, rík af innileika og kímni.

255 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Fjár sjóður herra Isakowitz

Danny Wattin

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Hér segir frá því þegar Danny Wattin leitaði ásamt föður sínum og syni að horfnum fjársjóði fjölskyldunnar. Ljúfsár örlagasaga sem tekur á sig ýmsar myndir, saga um það að komast af og sjálfa lífshvötina sem mótaði þessar einstöku persónur.

245 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Flugnagildran

Fredrik Sjöberg

Þýð.: Sigrún Á. Magnúsdóttir

Viðfangsefnið eru þrjú, sagði skáldið Augusto Monterosso: Ástin, dauðinn og flugurnar. Í þessari einstöku bók tekst líffræðingurinn og rithöfundurinn Frederick Sjöberg á við flugurnar. Óvenjulegt meistaraverk, sem hefur verið þýtt á fjölda tungumála. Skemmtilegt, ljóðrænt, furðulegt.

Neon-bókaflökkurinn.

222 bls.

Bjartur

KIL



Framúrskarandi vinkona

Elena Ferrante

Þýð.: Brynja Cortes Andrésdóttir

Framúrskarandi vinkona segir frá vinkonunum Eleni og Lili, uppvaxtarárum þeirra í alþýðlegu hverfi í Napólí, á sjötta áratugnum, þegar heimurinn er að taka miklum stakkaskiptum. Þetta er saga af vináttu, umbreytingum og lífsins gangi. Fyrsta bókin í Napólí-seríunni sem allir eru að tala um.

Neon-bókaflökkurinn.

330 bls.

Bjartur

KIL



Frelsarinn

Jo Nesbø

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir

Á torgi í miðborg Oslóar er meðlimur Hjalpræðishersins skotin til bana. Bláaljósmyndari nær myndum af grunsamlegum manni en ásynnd hans virðist breytast frá einni mynd til annarrar. Harry Hole leitir andlitlausla morðingjans á meðan stökkfrosin stræti Oslóarborgar verða að vígvelli þar sem barist er upp á líf og dauða.

Forlagið – JPV útgáfa

RAF

ENDUR
ÚTGÁFA



Gleymdu stúlkurnar

Sara Blædel

Þýð.: Árni Óskarsson

Lögreglukonan Louise Rick er að hefja störf hjá sérstökum mannsvarfahóp. Það eru liðnir fjórir dagar síðan lík konu fannst í skóginum, en það er eins og enginn sakni hennar. Sara Blædel er einn vinsælasti glæpasagnahöfundur Danmerkur.

268 bls.

Bjartur

KIL



Gott fólk

Valur Grettisson

Sölvi og Sara kynntust við ofbeldisfullar aðstæður. Þau kysstust fyrst á Austurvelli með lungun full af gasi. Tveimur árum síðar banka tveir vinir Sólva upp á og birta honum bréf. Þar ber Sara hann þungum sökum. – Er hægt að beita ofbeldi án þess að átta sig á því? „Í Guðanna bænum lesið þessa bók!“ – Fbl.

308 bls.

Bjartur

KIL



Grasið syngur

Doris Lessing

Þýð.: Birgir Sigurðsson

Grasið syngur eftir nóbelsverðlaunahafann Doris Lessing fjallar um eldfimt samband hvíttra og svartra í Rhódesíu. Hin hvíta Mary giftist duglausum bónda en þráir svarta húspjóninn Móses. Hún er sundurtætt af togstreitu heitra tilfinninga og rótgröinna kynþáttafordóma. Eitthvað hlýtur að breyta.

278 bls.

Forlagið

KIL

ENDUR
ÚTGÁFA



Grimmsævintýri

fyrir unga og gamla

Philip Pullman


Þýð.: Silja Aðalsteinsdóttir

Safn Grimmsbræðra er þekktasta ævintýrasafn í heimi og er til í mörgum útgáfum. Hér velur rithöfundurinn vinsæli, Philip Pullman, þau 53 ævintýri sem honum þykja skemmtilegust, segir þau á sinn hátt og bætir við skýringum. Silja kemur svo með upplýsingar um íslenskar gerðir ævintýranna, séu þær til.

446 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Hamingjuvegur

Liza Marklund

Þýð.: Ísak Harðarson

Þegar Ingemar Lerberg finnst á ríkmannlegu heimili sínu, nær dauða en lífi eftir pyntingar, kemur í hlut lögreglukonunnar Ninu Hoffmann að rannsaka málið en blaðakonunnar Anniku Bengtson að skrifa um það. Því dýpra sem þær grafa eftir sannleikanum, hvor á sinn hátt, því fleiri leyndarmál koma upp á yfirborðið.

384 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL

RAF



Haugbúi

Johan Theorin

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Maður nokkur snýr heim til Norður-Ölands eftir langdvöl í öðru landi til að krefjast uppgjörs á gamalli skuld – og hann skilur eftir sig blóðuga slóð. Engan nema Gerlof Davidsson, gamla skútuskipstjórnann, grunar hver hann er. Mögnuð bók, æsispennandi og vel skrifuð.

464 bls.

Ugla

KIL



Hellisbúinn

Jørn Lier Horst

Þýð.: Örn Þ. Þorvarðarson

Ný glæpasaga eftir verðlaunahöfundinn Jørn Lier Horst einn fremsta glæpasagnahöfund Noregs.

Nágranni yfirlögregluþjónsins William Wisting finnst látinn á heimili sínu. Skömmu síðar finnst lík á skógarhöggssvæði. Líkfundurinn leiðir til mestu leitar í norski glæpasögu.

344 bls.

Draumsýn

KIL



Hilling38

Kjell Westö

Þýð.: Sigurður Helgason

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2014.

Bókmenntaverðlaun sænska útvarpsins 2014

Árið er 1938. Útþenslustefna Adolfs Hitlers hefur í för með sér bæði reiði og aðdáun, ekki síst í svonefndum Miðvikudagsklúbbum í Helsinki.

343 bls.

Draumsýn

KIL



Hrellirinn

Lars Kepler

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Lögrelunni berst myndskeld, tekið inn um glugga, af konu sem er að klæða sig. Daginn eftir finnst hún myrt á hroðalegan hátt. Svo berst önnur upptaka ... *Hrellirinn* var söluhæsta bók ársins 2014 í Svíþjóð. ***** „... spennusaga sem á eftir að halda fyrir þér vöku alla nóttina.“ VG

558 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Höllin

Franz Kafka

Þýð.: Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson

Í *Höllinni* segir af ferðalangri sem kemur í þorp nokkurt og kveðst vera landmælingamaður en fær blendnar móttökur. Þetta er saga um útleigð og útskúfun, um aðkomumanninn leitandi, um völd og valdleysi og um mörk tilfinninga, atvinnu, einkalífs og stofnana, sem reynast oft óljós.

432 bls.

Forlagið

KIL



Í nótt skaltu deyja

Viveca Sten


Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Ungur maður virðist hafa stytta sér aldur. En móðir hans er sannfærð um að sonur hennar hafi verið myrtur. Lögfræðingurinn Nóra Linde og rannsóknarlögrelumaðurinn Thomas Andreasson taka höndum saman við lausn ráðgátunnar. Ein allra besta Sandham-saga sænsku glæpasagnadrottningarinnar Viveca Sten.

370 bls.

Ugla

KIL



Júlíana Jensen

Jane Aamund

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Júlíana Jensen er framhald af *Klingivalsinum* sem kom út á íslensku árið 2012 og annar hluti Klingivalstrilógu danska rithöfundarins Jane Aamund.

Hugljúf fjölskyldusaga, yfirfull af ást, kærleika og húmor og lýsir lífsbaráttu í dönsku samfélagi um aldamótin 1900.

208 bls.

Urður bókafélag

KIL



Konan í lestinni

Paula Hawkins

Þýð.: Bjarni Jónsson

Konan í lestinni hefur setið á toppi metsölulista um allan heim síðan hún kom út snemma árs 2015. Övenjulegur og vel skrifaður reyfari, sem kemur sannarlega á óvart.

377 bls.

Bjartur

KIL



Krakkaskrattar

Anne-Cathrine Riebnitzky

Þýð.: Ísak Harðarson

Lisa gegnir herþjónustu í Afganistan þegar systir hennar reynir að fyrirfara sér. Á leið heim til Danmerkur rifjar hún upp erfið bernskuár: systkinin þroskuðust í ólíkar áttir en nú er komið að sársaukafullu uppgjöri. Mögnuð verðlaun saga um að taka fortíðina í sátt, og um að eiga samherja í lífinu.

373 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Leðurblakan

Jo Nesbø

Þýð.: Ævar Örn Jóseppson

Lík norskrar konu finnst undir sjávarhömrum í Ástralíu og allt bendir til þess að hún hafi verið myrt. Norsk yfirvöld senda ungan lögreglumann þvert yfir hnöttinn til að vera lögreglunni í Sydney innan handar við rannsókn málsins. Sá heitir Harry Hole.

Forlagið – JPV útgáfa

RAF ENDUR ÚTGÁFA



Líf á meðal villimanna

Shirley Jackson

Þýð.: Gyrðir Elíasson

Sérstæð og heillandi frásögn þar sem dregin er upp mynd af kostulegu heimilislífi bandarískrar barnafjölskyldu um miðbik síðustu aldar.

242 bls.

Dimma

SVK



Ljós af hafi

M. L. Stedman


Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Báti skolar á land á afskekktri eyju úti á regnhafi. Um borð eru dáinn maður og grátandi barn. Vitavörðurinn og konan hans standa frammi fyrir erfiðu vali. Reglurnar eru skýrar en freistingin að brjóta þær verður allri skynsemi yfirsterkari. Hjartnæm bók sem farið hefur sigurför um heiminn.

414 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Ljósmyndir af Guðs náð

Katja Kettu

Þýð.: Sigurður Karlsson

Hún er rangeygð, fyrirlitin og óskilgetin en hefur einstaka gáfu til að taka á móti börnum. Skelfingarsumarið 1944 hittir hún glæsilegan SS-foringja lengst norður í Finnlandi og verður á augabragði heltekin af honum. Kraftmikil og safarík skáldsaga um stríð, grimmd og villtar ástríður sem heillað hefur lesendur víða um lönd.

362 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Mamma, pabbi, barn

Carin Gerhardsen

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Þriggja ára stúlka vaknar alein. Hún er læst inni og enginn kemur að vitja hennar. Og dagarnir líða ... Tvö einkennileg mál hafna samtímis á borði lögregluforingjans Connys Sjoberg og hann og félagar hans velta fyrir sér hvort þau geti tengst. Ný glæpasaga eftir höfund *Piparkökuhússins* sem sló rækilega í gegn.

348 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Morðið í Austurlandahraðlestinni

Agatha Christie

Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

Nokkru eftir miðnætti verður hin fræga Austurlandahraðlest að nema staðar á miðri leið vegna snjóflóðs. Um morguninn kemur í ljós að einn farþeginn hefur verið myrtur í klefa sínum. Ein snjallasta bók drottningar sakamálasögunnar – og frægasta ráðgáta Hercules Poirots – kemur nú út í nýrri íslenskri þýðingu.

232 bls.

Ugla

KIL



Morgunn og kvöld

Jon Fosse

Þýð.: Hjalti Rögnvaldsson

Einstök og áhrifamikil frásögn um fæðingu barns og dauða gamals manns eftir einn þekktasta rithöfund Norðmanna sem hlotið hefur ótal verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín.

117 bls.

Dimma

SVK



Náðarstund

Hannah Kent

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Lesari: Hildigunnur Þráinsdóttir

Agnes biður þess að vera líflátin fyrir hrottalegt morð og rifjar smátt og smátt upp harmsögu sína og aðdraganda skelfingarnæturinnar á Illugastöðum. Hér er dregin upp margræð mynd af harðri lífsbaráttu, heitum tilfinningum og hörmulegum örlögum. Nístingssár saga af ást, svikum og togstreitu.

352 bls. / 15:00 klst.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL HLB ENDUR ÚTGÁFA

Hljóðbók frá Hljóðbók.is



Nemesis

Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Á upptöku úr eftirlitsmyndavél sést maður ganga inn í banka og beina byssu að höfði eins gjaldkerans um leið og hann heimtar peninga. Hann skipar konunni að telja upp að 25. Þegar hann fær ekki peningana afhenta innan frestsins er hún tekin af lífi. Lögreglumanninum Harry Hole er falið að rannsaka málið.

Forlagið – JPV útgáfa

RAF ENDUR ÚTGÁFA



Oona og Salinger

Frédéric Beigbeder

Þýð.: Friðrik Rafnsson

Jerry Salinger dreymir um að verða rithöfundur en þegar hann kynnist hinni kornungu Oonu, dóttur Nóbelskáldsins Eugene O'Neill, þróað vináttu þeirra fljótt í ástríðufullt samband. Salinger er kallaður í herinn en Oona flytur til Hollywood og þar verður hún ástfangin af Charlie Chaplin. Forvitnileg og eftirminnleg saga um einstakt fólk.

288 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL



Rachel fer í frí

Marian Keyes

Þýð.: Sigurlaug Gunnarsdóttir

„Hvernig lenti ég hérna? Meintur fíkill í meðferð úti í rassgati?“ Rachel Walsh heldur að Klausrið sé tómur lúxus með rokkstjörnum en annað kemur á daginn. Og af hverju segja allir að hún sé fíkill? Þetta er allt misskilningur! Allir geta lent í að taka of margar svefnpillur.

625 bls.

Bókstafur

KIL



Rauðbrystingur

Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Eftir óhapp við skyldustörf er Harry Hole sestur bak við skrifborð með bunka af skýrslum. Hann staldrar við tilkynningu um að úti í skógi hafi fundist tóm skothylki úr sjaldgæfum þýskum veiðirifli. Á sama tíma er fyrrum hermaður myrtur í húsasundi bak við veitingastað sem nýnasistar sækja. Tilviljun? Harry Hole trúir ekki á tilviljanir.

Forlagið – JPV útgáfa

RAF ENDUR ÚTGÁFA



Róttlaus

Dorothy Koomson

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Clemency var ættleidd sem barn og þekkir ekki uppruna sinn. Þegar hún flytur til fæðingarbæjar síns afhjúpast leyndardómurinn smátt og smátt en hún fer að velta því fyrir sér hvort sannleikurinn geti orðið henni of dyrkeyptur. Grípandi saga eftir geysivinsælan höfund um leyndarmál og leit að fortíð.

537 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Skuggadrengur

Carl-Johan Vallgren

Þýð.: Þórdís Gísladóttir

Sumarið 1970 hverfur lítill drengur á lestarstöð í Stokkholmi. Áratugum síðar hverfur bróðir drengsins, á full-orðinsaldri. Fjölskyldan leitar aðstoðar hjá gömlum vini, Danny Katz, sem er tungumálasníllingur með vafasama fortíð. Vel smíðaður sænskur krimmi, með eftirminnlegri söguhetju.

359 bls.

Bjartur

KIL



Skæri blað steinn

Naja Marie Aidt

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir

Hér er dregin upp vægðarlaus mynd af karlmennsku og flóknu sambandi föður og sonar. En líka kröftug saga um lítrika stórfjölskyldu og mátt skáldskaparins. – „Tilfinningaríkur, nákvæmur og kraftmikill texti.“ Politiken. – 4½ stjarna, af 5. *Morgunblaðið*.

Neon-bókaflokkurinn.

363 bls.

Bjartur

KIL

**Smáskammtar**

Ana María Shua

Þýð.: Kristín Guðrún Jónsdóttir

Úrval örsagna eftir einn virtasta rithöfund Argentínu. 100 sögur sem mynda ákveðna heild og leiða lesandann á framandi slóðir. Ana María Shua var gestur á bókmenntahátíð í Reykjavík 2015.

128 bls.

Dimma

SVK

**Snjókarlinn**

Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Fyrsti snjórin er kominn. Jonas vaknar einn í húsinu um miðja nótt og finnur ekki móður sína. Hann stígur í bleytu á gólfinu og sér að einhver hefur komið inn á skónum. Fyrir utan stofugluggann stendur snjókarl baðaður fölu tungsljósi. Af hverju er hann með trefilinn hennar mömmu um hálsinn?

Forlagið – JPV útgáfa

RAF

ENDUR
ÚTGÁFA**Spámennirnir í Botnleysufirði**

Kim Leine

Þýð.: Jón Hallur Stefánsson

Skáldsagan *Spámennirnir í Botnleysufirði* er lauslega byggð á sönnun atburðum í dansk-norska konungsveldinu í lok átjándu aldar. Sögusviðið eru nýlendabyggðir Grænlands, Kaupmannahöfn, Noregur og háskalegt sjómanslíf. Kyngimögnum frásögn og einstakur stílgaldur tryggðu höfundu bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2013.

500 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB

**Stjörnur yfir Tókýó**

Hiromi Kawakami

Þýð.: Kristín Jónsdóttir

Tsukiko er einhleyp skrifstofukona. Hún fer gjarna á veitingastaði eftir vinnu, og dag einn hittir hún fyrir tilviljun gamlan bókmenntafræðikennara sinn úr gagnfræðaskóla. Tilviljanirnar elta þau á röndum og vinátta þeirra þróast – þrátt fyrir áratuga aldursmun.

Neon-bókaflökkurinn.

208 bls.

Bjartur

KIL

**Stóra púsluspiðið***Leitin að elstu handritum Biblíunnar*

Hans Johan Sagrusten

Þýð.: Hreinn S. Hákonarson

Bókin rekur ótrúlega og spennandi sögu handrita sem texti Biblíunnar byggist á. Sagt er frá ævintýrlegum handrita-fundum á sorphaugum og í krúkkum í eyðimörkinni. Efnir sem rithöfundar á borð við Dan Brown og Tom Egeland hafa notað. Þessi bók gefur þeim ekkert eftir! Læsileg og stórfróðleg bók sem kemur á óvart!

258 bls.

Skálholtsútgáfan

SVK

**Stúlkan í trénu**

Jussi Adler-Olsen

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Roskinn lögreglumaður styttr sér aldur á síðasta starfsdegi. Í 17 ár hefur hann verið með sama málið á heilanum; þegar stúlka fannst dáið uppi í tré. Carl, Assad og Rose hjá Deild Q sjá sig tilneydd að rannsaka málið sem reynist flóknara en þau óraði fyrir. ***** „... hrikalega vel skrúfuð saman.“ *BT*

544 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL

**Stúlkan með náðargjafirnar**

M. R. Carey

Þýð.: Magna J. Matthíasdóttir


Spennutryllir sem á engan sinn líkan! Saga Melanie er átakanleg blanda af leit einmana barns að ást og fjölskyldu og hræðilegu ferðalagi þar sem hún hefur örlög síðustu lífandi manneskja á jörðinni í höndum sér. Lestu bókina áður en myndin kemur! „Einlæg, vægðarlaus og átakanlega mannleg ...“

438 bls.

Björt bókaútgáfa

KIL

RAF

**Sverðagnýr***2: Blód og gull*

George R.R. Martin

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Magnþrunginn sagnabákkur, kenndur við fyrstu bók bálksins, *Game of Thrones*, eftir hinum vinsælu sjónvarpsþáttum sem m.a. eru teknir upp á Íslandi. Starkættleggurinn er sundraður og Daenerys, síðasti erfingi drekakonunganna, setur stefnuna á Westeros með hefndarhug í hjarta.

630 bls.

Ugla

KIL

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 21.-22. NÓV. 2015

Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.bokmenntaborgin.is



Svo þú villist ekki í hverfinu hérna

Patrick Modiano

Þýð.: Sigurður Pálsson

Roskinn rithöfundur þarf að horfast í augu við fortíðina þegar dularfullt ungt par kemur inn í líf hans. Smám saman rifjast upp hálfgleymdar minningar. Patrick Modiano hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 2014, hann er talinn einn af stóru höfundunum á okkar dögum.

176 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Syndlaus

Viveca Sten

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Syndlaus eftir sænsku glæpasagnadrottninguna Viveca Sten er þriðja bókin í röð geysivinsælla glæpasagna sem gerast á Sandhamn-eyju, einni af sumarleyfisferlum skerjagarðsins fyrir utan Stokkhólm. Fyrstu bækurnar tvær, *Svikalogn* og *Í innsta hring*, fengu afbragðs viðtökur íslenskra lesenda.

418 bls.

Ugla

KIL



Undur

R. J. Palacio


Þýð.: Ólöf Eldjárn

Oggi er tíu ára og hann langar bara til að vera venjulegur strákur. Að allir hætti að glápa á hann eða hlaupa óskrandi burt. *Undur* er fyndin, mannleg, átakanleg og ótrúlega raunsönn, margverðlaunuð saga af vináttu, hugrekki og þrautseigju, sögð með samspili margra radda.

398 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Við

David Nicholls

Þýð.: Arnar Matthíasson

Lífefnafræðingurinn Douglas Petersen reynir að bjarga hjónabandinu með skemmtilegu fríi. Á ferð um Evrópu verður sú spurning áleitin hvort menningarreisur séu heppilegar til að bjarga hjónaböndum og bæta sambandið við soninn. Grátbrosleg saga, krydduð kaldhæðnum breskum húmor eins og hann gerist bestur!

Neon-bókaflokkurinn.

404 bls.

Bjartur

KIL



Víga-Anders og vinir hans

og fáeinir óvinir líka

Jonas Jonasson

Þýð.: Páll Valsson

Útsmoginn uppgjafaprestur, móttökustjóri á afleitu gistiheimili og margfaldur morðingi, nýsloppinn úr nær ævilangri fangelsisvist – þegar þau þrjú hittast og mynda bandalag gegn öllum hinum er voðinn vís. Ærslafull saga um dyggðir og lesti eftir höfund *Gamlíngjans sem skreið út um gluggann og hvarf*.

342 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB KIL RAF



Vorlík

Mons Kallentoft

Þýð.: Jón Þ. Þór

Fallegan vordag er kyrrðin skyndilega rofin í hjarta Linköping á ofsafenginn hátt. Fjórða bókin um rannsóknarlögreglukonuna Malin Fors. Mons Kallentoft er einn af þekktustu höfundum Svía og bækur hans um Malin Fors hafa notið mikilla vinsælda víða um heim, ekki síst á Íslandi. Skandinavískur krimmi eins og þeir gerast bestir.

464 bls.

Ugla

KIL



Zack

Mons Kallentoft og Markus Lutteman

Fjórar asískar konur eru myrtar í Stokkhólmi og sú fimmta finnst limlest fyrir utan sjúkrahús í borginni. Hún virðist hafa orðið fyrir árás einhvers konar villidýrs. Snýst þetta um kvenhatur, rasisma eða mansal? Mons Kallentoft er einn dádasti rithöfundur Svía um þessar mundir og hafa bækur hans verið gefnar út víða um heim.

432 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Það sem ekki drepur mann

David Lagercrantz

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Fremsti sérfræðingur heims í gervigreind er myrtur á heimili sínu í Stokkhólmi þrátt fyrir að vera undir lögregluvernd. Einhverfur sonur hans er vitni að ódæðinu. Blaðamaðurinn Mikael Blomkvist og tölvusnillingurinn Lisbeth Salander glíma við málið. „Velkomin aftur, Lisbeth Salander!“ Þjatt.is.

437 bls.

Bjartur

IB



Þú ert ætíð í huga mér

Mary Higgins Clark

Þýð.: Pétur Gissurarson

Mary Higgins Clark á lof skilið fyrir grípanði innsæi í mannlegt eðli og snilldarlýsingar á því hvernig heimur venjulegs fólks getur umbreytt fyrr en hendi er veifað í háskalega veröld þar sem er um lífið að tefla.

295 bls.

Bókaforlagið Bifröst

IB KIL



Þúsund og einn hnifur

og fleiri sögur frá Írak

Hassan Blasim

Þýð.: Sólvi Björn Sigurðsson

Sögusvið þessara áleitnu sagna er Írak nútímans eftir fall Saddams Hussein, þar sem ríkir vargöld og upplausn á flestum sviðum. Sögurnar veita einstaka innsýn í hugarheim og líf ungs fólks á þessum stríðshraða slóðum. Þær eru hispurslausar og harkalegar en líka oft ljóðrænar og fyndnar.

191 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL



Ævintýri

Jonas T. Bengtsson

Þýð.: Ísak Harðarson

Einu sinni voru feðgar í felum á jaðri samfélagsins. Faðirinn segir drengnum ævintýri til að útskýra flökkutilveru þeirra en dag einn breytist það í veruleika. Tíu árum síðar stendur drengurinn uppi með annað líf, annað nafn – og fer að leita að sjálfum sér. Mögnuð þroskasaga á mörkum ævintýris og dauðans alvöru.

437 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF

Ljóð og leikrit

Tvær ljóðabækur

50 ½ sonnetta / Kristalsaugað

Sölvi Björn Sigurðsson

Tvær nýjar ljóðabækur eftir höfund skáldsögunnar *Gestakomur í Sauðlauksdal* og fleiri bóka. Hér er á ferðinni nýr og margslunginn íslenskur skáldskapur í bland við þýðingar á ljóðum nokkurra þekktara erlendra skálda, eins og Charles Baudelaire og William Shakespeare. Bækurnar koma út samliða og eru ellefta og tólfta frumsamda verk höfundar síðan ljóðabókin *Ást og frelsi* kom út árið 2000.

68/72 bls.

Gallerý Brumm

IB

Almanakið

Ólafur Jóhann Ólafsson

Almannakið er fyrsta ljóðabók Ólafs Jóhanns Ólafssonar. Bókina prýða vatnslitamyndir eftir son hans og alnafna, Ólaf Jóhann.

„Almannakið er yfirtak fallegur og vel saminn ljóðaflokkur, áhrifamikill í látleysi sínu og innileik.“ *Þorsteinn frá Hamri*

80 bls.

Veröld

IB

Bikarinn tæmdur

Sigríður Ólafsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir er fædd 21. október 1945. Hún nam lögfræði og verkfræðiteikningar við Háskóla Íslands og stundaði framhaldsnám í afbrotufræði við Háskólann í Bonn í Þýskalandi. Hún starfaði meginhluta starfsævinnar við dómsstórf. *Bikarinn tæmdur* er fyrsta ljóðabókin hennar.

46 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB

Blýengillinn

Óskar Árni Óskarsson

Ný ljóðabók eftir meistara smáprósans og hvunn dagsins í íslenskum bókmenntum. Óskar Árni hefur sent frá sér fjölmargar ljóðabækur, verðlaunaða smáprósa og rómaðar þýðingar.

72 bls.

Bjartur

SVK

Brot hætt frum eind

Kári Tulinius

Brot hætt frum eind er fyrsta ljóðabók Kára og sú 13. í seríu *Meðgönguljóða* þar sem efnileg skáld eru kynnt til leiks með styttri verkum. Bókin er prentuð í takmörkuðu upplagi sem telur 200 eintök og er hver bók einstök, sérmerkt og handsaumuð.

24 bls.

Partus

SVK



Dreifar

Trúarljóð og sálmar


Jón Hjörleifur Jónsson

Dreifar er samsafn trúarkveðskapar eftir Jón Hjörleif Jónsson fyrrverandi prest og skólustjóra. Fyrri hluti bókar hefur að geyma ljóð sem sýna fjölbreytilegar hliðar preststarfsins, átakamál og andlega þanka. Síðari hluti bókar er helgaður sálum, bæði þýddum og frumortum.

240 bls.

Fjölskylda Jóns Hj.

SVK



Eilífðir

Úrval ljóða 1995–2015

Kristian Guitesen

Kristian Guitesen fagnar 20 ára skáldaafmæli á þessu ári, fyrsta bók hans, *Afturgöngur*, kom út árið 1995.

Ljóð Kristians hafa síðan verið þýdd á fjölmörg tungumál. Bókin *Eilífðir* geymir úrval úr fyrri bókum höfundar, átta að tölu.

168 bls.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

KIL



Elddropar

Einar Svansson

Elddropar er önnur ljóðabók höfundar. Yrkisefnin eru klassísk, lífsvilji og dauði, ást og fortíðarfíkn, heimspekilegar hugleiðingar um lífið og tilveruna. Formið er fjölbreytt, stutt og löng ljóð, nútímaleg að mestu með forna bragarhætti í bland.

72 bls.

Griffa

SVK



Fardagar

Þankar um hringleið

Ari Trausti Guðmundsson

gola hvíslar/ við undirleik hjartans / grjúglamur við fót ...

Fardagar er sjöunda ljóðabók Ara Trausta. Skáldið ferðast hér víðsvegar um Ísland og deilir skynjun sinni af landinu og náttúruöflunum með lesendum. Það leynir sér ekki að þessi ferðalangur þekkir land sitt í þaula og ber hag þess fyrir brjósti.

54 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Fljót er nóttin dag að deyfa

Sigurður Óskarsson

Ritstj.: Sigurður Þorsteinnsson og Pétur Már Ólafsson

Sigurður Óskarsson í Krossanesi í Skagafirði var landskunnur hagyrðingur á sinni tíð. Hér hefur loksins verið safnað saman úrvali lausavísna hans frá ýmsum tímum. „Betur verður ekki ort!“ Halldór Blöndal, *Morgunblaðinu*

74 bls.

Veröld

KIL



Framtíðin

Ásgeir H Ingólfsson

Framtíðin er núna. Gott ef hún er ekki nú þegar búin. Fortíð, nútíð og framtíð mætast í ljóðum um Jóhönnu af Örku og svifbretti, Henry Ford og Harrison Ford, Sarajevo og Krímskagann, gullgerðarlist og dróna, ambögur og amöbur, Guð og Evrópusambandið, Júpiter og Chernobyl. Fæst einnig á ensku.

60 bls.

Meningarsmygl

SVK

RAF



Frelsi


Linda Vilhjálmisdóttir

Ný bók eftir Lindu Vilhjálmisdóttur sætir tíðindum; ný ár eru síðan hún sendi síðast frá sér ljóðabók. *Frelsi* geymir beitt, pólitísk ljóð: meitlaðar og áhrifaríkar ljóðmyndir sem spegla samfélag og samtíma og kalla á afstöðu lesandans. Óflug og áhrifarík bók sem hreyfir við hugsunum og tilfinningum.

66 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Góðir farþegar

Sindri Freysson

Við erum stödd um borð í þotu á flugi til ókunnugs áfangastaðar og fáum að skyggast inn í hugskot farþeganna andartak. Um borð er einhver sem hefur illt í hyggju. Þessi frumlega og spennandi ljóðabók Sindra Freyssonar er innblásin af dularfullum flugslysum sem allir kannast við.

55 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Gráspörvar og ígulker

Sjó

Sjó hefur sent frá sér ljóð og skáldsögur, skrifað efni fyrir börn, samið óperur, leikrit og söngtexta – og nú nýja ljóðabók – hún er faguð og launfyndin, kraftmikil en persónuleg.

64 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



heim aftur


Sigurður Skúlason

Einlægt og persónulegt verk sem myndar einkonar loka-kafla í ljóðakvartett höfundarins.

57 bls.

Dimma

SVK



Hinn óljósi grunur

Sigurður Kristjánsson

Sigurður sleit barnsskónum á Tjörnesi og hefur m.a. fengist við bústörf, ættfræði, grjóthleðslur og skýrsluhald. Hér birtast sýnishorn af gullfallegum ljóðum hans bæði í lausu máli og bundnu.

101 bls.

Textasmiðjan

SVK



Hugmyndir: Andvirði hundrað milljónir

Halldór Halldórsson

„Eftir að hafa lesið þessa bók skildi ég Beethoven.“ – Ragnar Kjartansson, myndlistarmaður.

„Bókin er full af einkennilega ómstríðri – líka smá ómblíðri – fegurð.“ – Auður Ava Ólafsdóttir, rithöfundur

60 bls.

Bjartur

SVK



Humátt

Guðrún Hannesdóttir

Í þessari nýju ljóðabók Guðrúnar kraumar leikur að orðum og vísun í þjóðtrúna. Tónninn er kíminn en oft býr kvíða-blandin alvara undir. „Tölum saman á máli skugga / eðalsteina / bergmáls / brotinna fjaðra ...“

51 bls.

Textasmiðjan

SVK



Hvítir veggir

Sigrún Haraldsdóttir

Hér er á ferðinni fyrsta ljóðabók Sigrúnar Haraldsdóttur. Hún er þekkt sem einn fremsti hagyrðingur landsins en hún er ekki síðra ljóðskáld. Ljóðin hafa orðið til á nokkuð löngum tíma og yrkisefnin eru margvísleg.

Ljóðin eru einkar falleg, tær og einlæg og láta engan ósnortinn.

64 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



Icelandic Epigrams

Heimir Steinarsson

Heilræðavisur, samdar á ensku eftir íslenskri hefð. Þeim er ætlað að endurspeglar þjóðarsál Íslendinga, lífsspeki þeirra og kjark sem oft þurfti til að þræka á tímum erfiðleika og andstreymis. Tilvalin gjöf fyrir vini og vandamenn erlendis sem vilja kynna sér íslenska hugsun og heimsmynd í stuttum og hnitmiðuðum vísunum.

160 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Í heiminum heima


Einar Ólafsson

Í þessari áttundu ljóðabók Einars Ólafssonar kennir ýmissa grasa, í bland við náttúrlýrik og endurlit til horfins tíma er samfélagsleg gagnrýni, ádeila á stríð og súrrealískar stemningar, bjartsýni blönduð höflegum trega. Síðasta bók Einars, *Mánadúfur*, kom út árið 1995 þannig að þessi bók er afrakstur tuttugu ára tímabils.

95 bls.

Skrudda

KIL



Ígrip

Stefán Finnsson

Efni ljóðanna, sem eru eftir Stefán Finnsson lækni, er af ýmsum toga, saknaðarljóð, náttúrlýsingar, ýmsar tilfinningatengdar minningar úr æsku höfundar og margt fleira. Ljóðin eru öll ort undir hefðbundnum bragarháttum.

96 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Jólahljóð

Umsj.: Gylfi Gröndal

„Þau lýsa fegurst / er lækkar sól ...“ Jólahátíðin, helgi hennar og hlýjar minningar hafa orðið mörgum skáldum að yrkisefni að fornu og nýju. Í þessari litlu bók sem lengi hefur verið ófáanleg má finna jólahljóð af ýmsu tagi, hugljúf jafnt sem hárbeytt; þverskurð íslenskrar ljóðagerðar á 20. öld.

128 bls.

Forlagið

IB

ENDUR
ÚTGÁFA

**Leir**

ýmsir

Umsj.: Davíð Hjálmar Haraldsson

Póstlistinn Leir er landsþekktur, hann hefur verið við lýði í tæpan aldarfjórðung. Á Leir skiptast hagyrðingar á kveðskap sér til skemmtunar og vísur þær sem þar hafa birst skipta tugum þúsunda. Í bók þessari birtast vísur eða ljóð í léttum dúr sem félagar á Leir hafa sent sín á milli.

167 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB

**Ljóð og líf Helgu á Grjótá**

Helga Pálsdóttir

Hér birtist lesendum gluggi inn í horfið sveitasamfélag þar sem trúin og hörð lífsbarátta eru einkennandi þættir. Jafnframt sjáum við örla á kvenréttindabaráttu þar sem skáldið yrkir Konuvisur um húsfreyjur sveitarinnar í til efni af kosningarétti kvenna 1915. Skáldkonan Helga var ævilangt vinnukona í sinni heimasveit, Fljótshlíðinni, ógift og barnlaus.

172 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB

**Ljóðasafn**

Ingunn Snædal

Ingunn Snædal hefur sent frá sér fimm ljóðabækur, sem hafa vakið athygli og aflað henni vinsælda. Hún er margverðlaunuð fyrir ljóð sín. Hér er að finna heildarsafn ljóða metsölskaldsins frá Jökuldal, frá 1995 til 2015, ásamt áður óbirtum ljóðum.

320 bls.

Bjartur

IB

**Ljóðasafn**

Vilborg Dagbjartsdóttir

Vilborg gaf út sína fyrstu bók árið 1960 og hefur í áratugi verið meðal virtustu og vinsælustu skálda okkar. Ljóð hennar eru opin og auðskilin, fjalla oft um kjör og reynslu kvenna og barna, og formið afar fjölbreytt. Hér eru allar ljóðabækur hennar, frumsamin ljóð og þýdd, og fáein áður óbirt ljóð.

288 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB

**Ljóðaúrval 2003–2012**

Gyrðir Eliasson

Gyrðir Eliasson gaf út fyrstu ljóðabók sína árið 1983 og vakti þá þegar athygli fyrir ferskan og persónulegan stíl. Hér birtist úrval ljóða hans frá 30 ára tímabili, allt frá *Svarthvítum axlaböndum* til *Hér vex enginn sítrónuviður*.

155 bls.

Dimma

SVK

**Ljóðvegasafn**


Sigurður Pálsson

Í *Ljóðvegasafni* eru þrjár fyrstu ljóðabækur Sigurðar Pálssonar: *Ljóð vega salt* (1975), *Ljóð vega menn* (1980) og *Ljóð vega gerð* (1982). „Ef það er einhver ein lýsing sem á betur við skáldið Sigurð Pálsson en önnur þá er hún sú að hann sé lofsöngvari, haldinn ríki en kröfuharðri ást til lífsins,“ segir Kristján Þórður Hrafnsson um kollega sinn.

298 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK

**ENDUR
ÚTGÁFA****Mjálml**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Ljóðabókin *Mjálml* geymir 19 ljóðamyndir sem eru aðgengilegar öllum sannleiksleitendum, en bókin er frumraun höfundar.

45 bls.

Deus

SVK

**Norður**

Eyþór Árnason

Eyþór Árnason hefur vakið mikla athygli fyrir ljóð sín en hann hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir fyrstu ljóðabók sína, *Hundgá úr annarri sveit*.

Í *Norður* leitar Eyþór í sveitirnar norðan heiða – með nokkrum útdúrum.

102 bls.

Veröld

KIL

**Nýsnævi***Ljóðabýðingar*

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson


Safn ljóðabýðinga úr ólíkum áttum. 15 skáld frá Danmörku, Noregi, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Búlgaríu, Slóveníu, Möltu og Skotlandi.

Forvitnilegur og fjölbreyttur skáldskapur.

212 bls.

Dimma

SVK

**Passíusálmar Hallgríms Péturssonar**

93. prentun

Samant.: Smári Ólason

Kórútsætningar íslenskra þjóðlaga fyrir blandaðan kór. Smári Ólason skráði laggerðirnar úr munnlegri geymd.

Hér má finna alla 50 passíusálmana útsetta.

128 bls.

Skálholtsútgáfan

SVK

**Píslirnar hennar mömmu**

Urður Snædal

Ef þér finnst meðganga, fæðing og uppeldi ungra barna vera rómantískt, fullkomið og dásamlega fallett er þetta ekki bók fyrir þig. En ef þér finnst fyndið þegar börn gubba yfir fólk og/eða pissa á sig og aðra erum við í bisniss!

Þetta er fyrsta ljóðabók kaldhæðnu fyrirmyndarmóðurinnar Urðar Snædal.

56 bls.

Bókstafur

KIL

**Sálmasafn Hallgríms Péturssonar***Úrval andlegra ljóða*

Hallgrímur Pétursson

Inniheldur úrval andlegra ljóða Hallgríms Péturssonar, annarra en Passíusálmana. Þessi bók kom út árið 1947 og hefur lengi verið ófánleg. Bókin er dýrmæt perla sem gott er að hafa við hendina. Hér má m.a. finna erfljóð, sem skáldið kvað eftir unga dóttur sína, Steinunni.

225 bls.

Skálholtsútgáfan

SVK

**ENDUR
ÚTGÁFA**



Skapalón

Lubbi klettaskáld

Skapalón er fimmta ljóðabók Lubba klettaskálds. Hér veltr skáldið fyrir sér gárum, lundinni, átökum og einhverju öðru. Fyrri bækur skáldsins eru: *Kvæða hver?*, *Skrafl*, *Svart á hvítu* og *Kvæðahver*. Lubbi heitir réttu nafni Björgvin Gunnarsson og er frá Fellabæ.

48 bls.

Bókstafur

KIL



Stormviðvörðun

Kristín Svava Tómasdóttir

Stormviðvörðun er þriðja ljóðabók Kristínar Svövu Tómasdóttur, hún fór í prentun daginn sem Veðurstofan gaf út fyrstu stormviðvörðun vetrarinn.

Á bókarkápu segir: „Dagurinn á morgun verður verri en það þýðir ekki að dagurinn í dag sé ekki slæmur.“ – *Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur*

36 bls.

Bjartur

SVK



Sunnudagsbíltúr

Ljóðauirval

Ásdís Óladóttir

Árið 1995 kom út fyrsta ljóðabók Ásdísar Óladóttur. Í tilfni af tuttugu ára skáldafmæli hennar er hér gefið út úrval úr sjö ljóðabókum hennar.

„Rödd Ásdísar Óladóttur er einstök í ljóðaheiminum, hún er bæði frumleg, heit og litrík.“ *Vigdís Grímsdóttir*

143 bls.

Veröld

KIL



Til hughreystingar þeim sem finna sig ekki í samtíma sínum

lög og textar

Ragnar Helgi Ólafsson

Fyrsta ljóðabók höfundar, sem hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handritið. Ragnar Helgi hefur áður sent frá sér skáldsöguna *Bréffrá Bútan* og smásagnasafnið *Fundur útvarpsráðs þann 14. mars 1984 og mólandi áhrif hans á kynverund drengsins og fleiri sögur*.

66 bls.

Bjartur

SVK



Tilfinningarök

Þórdís Gísladóttir

Í þessari bók er ljósi varpað á líf fólks sem lesandinn telur sig ef til vill kannast við. Ef rýnt er í skuggana milli línanna kunna að leynast þar forvitnilegri atburðir en yfirborðið gefur til kynna. Þetta er þriðja ljóðabók Þórdísar Gísladóttur, sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir ljóðabókina *Velúr* árið 2015.

58 bls.

Bjartur

SVK



Tveir Elvis Presley aðdáendur og fleiri sonnettur

Kristján Þórður Hrafnsson

Höfundur beitir sonnettuforminu af mikilli hagsmælsku til að yrkja um mannlífið í samtímanum. Hvert ljóð er á sinn hátt sjálfstæð saga um fólk í ólíkum aðstæðum. Hér er ort af innsæi og næmi um mannleg samskipti, sársauka og togstreitu, ást og hrifningu, innri baráttu og ýmsar tilvistarspurningar.

34 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Undir fjöllum


Steindór Ívarsson

Hvernig horfir lífið við litlum dreng þegar móðir hans gerist ráðskona undir Eyjafjöllum á sjöunda áratug síðustu aldar? Steindór Ívarsson sýnir okkur æskustöðvarnar og segir okkur sögur af fólkinu, dýrunum og jafnvel draugunum á barnslega einlægan hátt í þessari fallegu ljóðabók.

42 bls.

Steindór Ívarsson

IB



Við landamæri

Matthías Johannessen

Úrval ljóða frá síðustu fimm árum. Enn hefur Matthías sig til flugs og skyggir loftin yfir borginni og landinu. Lesandinn fer með honum að mörkum drauma og ólífis, þrædd eru landamæri minninga, sýnar og blindu, rýnt eftir íslenskrari arfleifð í þokunni og spurst fyrir um skil guðs og dýrs í mannaverunni. Ástráður Eysteinnsson valdi ljóðin og ritar eftirmála.

123 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Við sem erum blind og nafnlaus

Alda Björk Valdimarsdóttir

Fyrsta ljóðabók Öldu Bjarkar sem hefur áður birt ljóð sín í *TMM* og *Stínu* og var valin Háskólaskáldið 2013 í ljóðasamkeppni *Stúdentablaðsins*. Ný rödd í íslenskrum ljóðagerð.

69 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Það sem áður var skógur

Valgerður Þóroddsdóttir

Það sem áður var skógur er fyrsta ljóðabók Valgerðar og sú 12. í seríu *Meðgönguljóða* þar sem efnileg skáld eru kynnt til leiks með styttri verkum. Bókin er prentuð í takmörkuðu upplagi sem telur 200 eintök og er hver bók einstök, sérmerkt og handsaumuð.

24 bls.

Partus

SVK



Þar sem bláklukkan grær

Jónbjörg S. Eyjólfsson

Jónbjörg S. Eyjólfsson (1931–2012) varð snemma kunn fyrir ljóðagerð sína þótt ljóð hennar komi ekki út á bók fyrr en nú, þeirri fimmtánda í flokknum Austfirsk ljóðskáld. Þekktust eru söngljóð Jónbjargar sem mörg eru helguð heimahögunum og hinni lifandi náttúru.

95 bls.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

IB



Öskraðu gat á myrkið

Bubbi Morthens

Bubbi Morthens er ekki síst þekktur og dáður fyrir textana sína, grípandi og myndræna. Nú sendir hann frá sér fyrstu ljóðabókina: óbundin og kröftug ljóð, þar sem dregnar eru upp sláandi myndir úr martraðarheimi vímu og ótta. „Bubbi hefur alltaf getað ort með hjartanu ...“ Gauti Kristmannsson / *Viðsjá*

85 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK

Listir og ljósmyndir

**I****Valdimar Thorlacius****Formáli: Einar Falur Ingólfsson**

Í ljósmyndum Valdimars Thorlacius af einbúum skynjar áhorfandi tengsl þeirra við umhverfi sitt, náttúruna og árstíðirnar. En einveran gerir líka að verkum að einbúarnir verða að takast á við sjálfa sig og harðneskju veðurs og vinda. Eftir stendur spurningin af hverju vilja sumir vera einir?

192 bls.

Crymgea**IB**

22 lugares de Islandia que no te puedes perder 22 Places – Kínverska

Myndir: Vigfús Birgisson

Nú er þessi vinsæla bók um Ísland fánleg í spænski og kínverski útgáfu.

96 bls.


Crymgea**SVK**

55 leiðir til þess að bera fram orðið Siglufjörður

Lefteris Jakúmakis**Þýð.: Róbert Viðarsson**

55 myndir eftir málarann Lefteris Jakúmakis og frásagnir innblásnar af lífinu á Norðurlandi. Umfjöllunarefni eru margbreytileg, hversdaglífið á Siglufirði, beitningarvinna, þjóðsögur staðarins og fegurð íslenskrar náttúru. Málarinn veltir líka fyrir sér afleiðingum af ófnýtingarstefnu, fjölgun ferðamanna og græðgi auðvaldsmaskínunnar.

88 bls.

Anagramma**SVK**

Andlit norðursins

Ragnar Axelsson**Formáli: Mary Ellen Mark**

Andlit norðursins var fyrsta bók Ragnars Axelssonar og kom honum á kortið sem einum fremsta heimildaljósmyndara heims. Bókin kemur nú út í algerlega breyttri og stóraukinni útgáfu með ítarlegum sögum um hverja mynd og ríkulegu nýju efni.

416 bls.

Crymgea**IB****Eiríkur Smith**

Á eintali við tilveruna

Ritstj.: Ólöf K. Sigurðardóttir

Á síðustu árum hefur Hafnarborg efnt til fimm sýninga sem spanna fjölbreyttan feril listmálarans Eiríks Smith. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur vann greiningu á ferli listamannsins en þau Aldís Arnardóttir og Heiðar Kári Rannverson listfræðingar hafa tekið saman yfirlit um helstu æviatriði Eiríks. Hér eru niðurstöður rannsókna gerðar aðgengilegar ásamt myndrænu yfirliti um feril þessa einstaka listamanns.

184 bls.

Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar**IB**

Ef ég hefði verið ...

Reykjavík 1950–1970**Nina Zurier****Inng.: Sigrún Alba Sigurðardóttir**

Með safnefni Ljósmyndasafns Reykjavíkur skapar bandaríski ljósmyndarinn og listamaðurinn Nina Zurier sér nýja ævisögu. Hún ímyndar sér líf sitt eins og það hefði verið ef hún hefði fæðst á Íslandi. Hrífandi og gullfalleg bók með ljósmyndum frá 6. og 7. áratug 20. aldar.

156 bls.

Crymgea**IB**

Fáfræði

Erna Mist

Fáfræði er bók fyrir þá fáfróðu og þá sem hafa gaman af fáfræði annarra.

Erna Mist er nemi í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Fáfræði er hennar fyrsta bók og er safn af örmyndasögum

100 bls.

Tindur**KIL****Stuff-bækur**

Heavenly Stuff

Puffin Stuff**Wild Stuff****Ari Trausti Guðmundsson og Ragnar Th. Sigurðsson**

Þessar handhægu ljósmyndabækur sýna glæsilegar og forvitnilegar svipmyndir af íslenskrar náttúru – leiftrandi norðurljósum, villtum dýrum í umhverfi sínu og tignarlegum lundum – og eru frábærir minjagripir um Íslandsheimsókn eða gjöf handa vinum og kunningjum erlendis.

84/82/84 bls.

Forlagið – JPV útgáfa**SVK**

Iceland Defense Force

Bragi Þór Jósefsson**Inng.: Guðmundur Brynjólfsson**

Ljósmyndir Braga Þórs Jósefssonar af mannláusu Miðnesi rétt eftir að Bandaríkjaher hvarf á brott. Byggingarnar hafa lokið upphaflegum tilgangi sínum og bíða þess sem verða vill, á valdi náttúrunnar og nýrra herra. Bæði á ensku og íslensku.

38 bls.

Crymgea**SVK**

Iceland Exposed

Páll Stefánsson

Í nær fjóra áratugi hefur Páll Stefánsson ferðast um Ísland og ljósmyndað landið á öllum árstímum og í öllum veðrum. Einstök innsýn hans í margbreytileika umhverfis og birtu hefur skapað honum sérstöðu sem einn fremsti náttúraljósmyndari Norðurlanda. Frábær gjöf til allra Íslandsunnenda.

148 bls.

Crymgea**IB**

Iceland in Miniature

Pálmi Bjarnason og Sigrún Kristjánsdóttir

Þessi litla bók hefur að geyma 158 fallegar ljósmyndir af minnisstæðum stöðum á Íslandi. Hverri mynd fylgir texti og staðsetning á korti. Bókin er einstök og afar vönduð.

320 bls.

Steinegg**IB**

**Inni**

Rut Káradóttir

Myndir: Gunnar Sverrisson

Formáli: Halla Helgadóttir

Innanhússhönnun Rutar Káradóttur markast af skýrum línunum, ríkulegu formskyni, hlýju og áherslu á vönduð efni og vinnubrögð. Manneskjan er í forgrunni, upplifun hennar og vellíðan þar sem öll skilningarvit eru virkjuð til að skapa gott umhverfi.

224 bls.

Crymogea

IB

**Ísland**

Okkar persónulega sýn I

Paula Chamlee

Formáli: Ómar P. Ragnarsson

Paula segir á einlægum hátt frá kynnum sínum af Íslandi og birtir fjölda ljósmynda sem hún hefur tekið á ferðum sínum um Ísland ásamt eiginmanni sínum Michael A. Smith. Bók Paulu fylgir DVD diskur með upptökum frá ferðalagi þeirra um Ísland.

144 bls.

Draumsýn

IB

**Ísland**

Okkar persónulega sýn II

Michael A. Smith

Formáli: Ómar P. Ragnarsson

Michael segir á einlægum hátt frá kynnum sínum af Íslandi og birtir fjölda ljósmynda sem hann hefur tekið á ferðum sínum um Ísland ásamt eiginkonu sinni Paula Chamlee.

108 bls.

Draumsýn

IB

**Kveðið í bjargi**

Ýmsir höfundar

Starf Þorgerðar Ingólfssdóttir kórstjóra í Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur markað djúp spor í íslenska tónlistarsögu og jafnframt mótað til frambúðar þau ungmenni sem átt hafa þess kost að taka þátt í því.

Í bókinni er brugðið upp svipmyndum af kórstarfinu þar sem tónskáld og kórfélagar leggja orð í belg. Bókina prýðir fjöldi mynda og henni fylgir geisladiskur með dæmum um söng Hamrahlíðakóranna gegnum tíðina.

143 bls.

Eyja útgáfufélag

IB

**Leiklist á Bíldudal**

Elfar Logi Hannesson

Sögusagnir eru ófáar. Ein er sú að Bílddælingar geri meira af því að skemmta sér en að vinna. Hitt er hinsvegar ljóst og marg vitað að list hefur allt frá upphafi þorpsmyndunnar á Bíldudal verið þar í miklum metum. Leiklist hefur jafnan verið þar fremst í flokki en fyrstu heimildir um leiksýningar á Bíldudal eru frá árinu 1894. Síðan þá hefur verið leikið í þorpinu af miklum krafti. Í þessari bók rekur höfundur, hina einstöku leiklistarsögu Bíldudals allt frá upphafi til vorra daga.

180 bls.

Kómedíuleikhúsið

KIL

**Make a Painting of Trees Growing in a Forest**

Erla S. Haraldsdóttir

Málverk Erlu S. Haraldsdóttur virðast við fyrstu sýn vera ofurraunsæ. En verkin eru ekki aðeins málverk í hefðbundnum skilningi, heldur afrakstur aðferðar listamannsins við að nota reglur og skipulag við sköpun verka sinna. Einstaklega fallega hönnuð og prentuð bók.

128 bls.

Crymogea

IB

**Myndir ársins 2014**

Press Photographs of the Year

Myndir: Ýmsir

Hér er komið árlegt úrval úr smiðju fréttu- og blaðaljósmyndara fjölmiðlanna. Ögrynni flottra mynda sem menn gleyma ekki svo glatt og eru um leið merkilegur annáll um atburði og mannlíf á því herrans ári 2014. Myndatextar eru bæði á íslensku og ensku og bókinn hentar því vel erlendum gestum.

142 bls.

Sögur útgáfa

SVK

**Nína Tryggvadóttir**

Bókin er gefin út í tengslum við yfirlitssýningu á verkum Nínu Tryggvadóttur (1913–1968) í Listasafni Íslands, LJÓÐVARP.

Bókin gefur yfirlit yfir list og líf Nínu Tryggvadóttur listamanns sem var einn af brautryðjendum ljóðrænnar abstraktlistar.

Bókina prýðir fjöldi ljósmynda af verkum Nínu, greinar og viðtöl, á íslensku og ensku.

96 bls.

Listasafn Íslands

SVK

**Raddað myrkur**

Karlotta J. Blöndal

Raddað myrkur er bókverk á mörkum myndlistar, sagnfræði og bókmennta. Í henni birtast í fyrsta skipti frumgögn Tilraunafélagsins í Reykjavík (1905–09), fyrsta félagið um rannsóknir á spiritisma á Íslandi, auk texta eftir valda höfunda um efnið.

282 bls.

kjbl

SVK

**Undir regnbogann**

Um ævi og verk

Steinunn Marteinsdóttir

Í þessari fallegu litprentuðu bók fjallar myndlistarkonan Steinunn Marteinsdóttir um ævi sína og störf, og bregður upp myndum af samferðarmönnum sínum. Jafnframt eru birtar ótal ljósmyndir af myndlistarverkum listakonunnar, bæði keramikverkunum sem hún er kunnust fyrir, og málverkum sem hún hefur fengist við í æ ríkari mæli á síðari árum.

200 bls.

Hulduhólar og Bókaútgáfan Opna

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

IB

**Út á spássínuna**

Teikningar og pír

Myndir: Jóhannes S. Kjarval

Umsj.: Kristín G. Guðnadóttir og Æsa Sigurjónsdóttir

Jóhannes S. Kjarval skildi eftir sig stórt safn teikninga og blaða þar sem skrift og teikning runnu saman. Í huga hans var texti ekki ofar mynd, eða mynd útfærsla á texta, heldur vildi hann samræma hvort tveggja. Þetta einstaka safn verka hans birtist nú almenningi í fyrsta sinn á glæsilegri bók.

208 bls.

Crymogea

IB

Saga, ættfræði og héraðslýsingar



Á hjara veraldar

Heimildasögur

Guðlaugur Gíslason frá Steinstúni

Enginn barnaleikur var að búa á afskekktustu jörðum þessa lands áður og fyrr. Erfiðleikarnir voru ótrúlegir. Til dæmis að sækja kirkju og koma látnum til geftrunar. Þar voru Hornstrandir sér á báti. Skjaldabjarnarvík við Geirólfsgrúp var einhver erfiðasta jörð á öllu Íslandi. Þar er söguviðið. 80 bls.

Vestfirski forlagið

KIL



Borgfirzk blanda

Sögur af fólki og eftirminnilegum atburðum

Bragi Þórðarson

Borgfirzk blanda – Sögur af fólki og eftirminnilegum atburðum. Inniheldur valda kafla úr bókaflöknum Borgfirzk blanda.

Rafbókin er nú fáanleg fyrir Kindle ásamt 10 öðrum titlum Braga á Amazon.

emma.is

Dreifing: Amazon

RAF



Borgfirzk blanda

Sögur af kynlegum körlum og fleira fólki

Bragi Þórðarson

Borgfirzk blanda – Sögur af kynlegum körlum og fleira fólki. Inniheldur valda kafla úr bókaflöknum Borgfirzk blanda.

Rafbókin er nú fáanleg fyrir Kindle ásamt 10 öðrum titlum Braga á Amazon.

emma.is

Dreifing: Amazon

RAF



Brunasandur – yngsta sveit á Íslandi

Mótun lands og samfélags

Yngsta sveit á Íslandi varð til á Brunasandi í Vestur-Skaftafellssýslu eftir að Skaftáreldahraun rann frá Lakagígum 1783–84. Jökulvatn var þá bundið í farveg sem áður hafði flæmst um eyðisanda og land tók að gróa upp. Níu fræðimenn á sviði sagnfræði, þjóðfræði, fornleifafraði, líffræði og jarðfræði hafa hér tekið saman einstakt rit um þróun og mótun lands og samfélags á Brunasandi, þessari sérstæðu byggð.

290 bls.

Dynskógar – Sögufélag Vestur-Skaftafellinga

IB



Helgistaðir við Hafnarfjörð

Saga Hafnarfjarðarkirkju og Garðaprestakalls á Álftanesi Gunnlaugur Haraldsson

Ritverk þetta fjallar um kristniöld í Garðaprestakalli hinu forna og síðan í Hafnarfirði og spannar þúsund ára sögu, frá landnámi til samtíðar. Hér segir frá því hvernig helgihald og kirkjuleg starfsemi hefur mótast og verið lifandi hluti menningar og mannlífs í Firðinum. Um leið er verkið glæsilegt og veigamikilið innlegg til íslenskrar kirkjusögu. 1575 bls. 3 bindi í öskju

Hafnarfjarðarkirkja

IB



Hornstrandir og Jökulfirðir 4. bók

Ýmsar frásagnir af horfnum mannlífi

Samant.: Hallgrímur Sveinsson

Í Hornstrandabókunum er sagt frá fólki sem bjó við ótrúlega erfiðar aðstæður. Árið 1942 bjuggu til dæmis 420 manns í Sléttuhreppi. Tíu árum seinna, 1952, voru allir horfnir á braut. Í bókunum er fjöldi frásagna sem fengur er að fyrir þá sem áhuga hafa á Hornströndum. 131 bls.

Vestfirski forlagið

KIL



Hornstrandir og Jökulfirðir 5. bók

Ýmsar frásagnir af horfnum mannlífi

Samant.: Hallgrímur Sveinsson

Fjölbreyttar, áhugaverðar og spennuþrungnar frásagnir fyrir alla sem áhuga hafa á Hornströndum. Eyðibygðir vekja upp ýmsar spurningar. Er ekki upplagt að kynna sér sögu fólksins sem þarna bjó? Hornstrandabækur okkar eru orðnar fimm talsins. Þær fást nú á sérstöku tilboði í pakka. 99 bls.

Vestfirski forlagið

KIL



Háski í hafi

Kafbátur í sjónmáli

Stríð og hrakningar við Ísland í seinni heimsstyrjöld

Illugi Jökulsson

Illugi Jökulsson hefur getið sér frábært orð fyrir að skrifa um söguleg efni á læsilegan hátt. Hér fjallar hann um átök og ofsaveður á hafinu kringum Ísland í seinni heimsstyrjöld. Íslenskir sjómenn og kafbátaforingjar Hitlers. Stríðsátök, hetjudáðir og óvæntur frami Íslandsvinar. 418 bls.

Sögur útgáfa

IB



Laxdæla saga

Lesari: Silja Aðalsteinsdóttir

Þetta er gripandi frásögn um upplausn í frændgarði vestur í Dölum, illvígur deilur þeirra Bolla Þorleikssonar og Kjartans Ólafssonar um ástir Guðrúnar Ósvífursdóttur. Konur í Laxdælu eru engir eftirbátar þeirra glæstu karlhetja sem standa keikar á sviði; sagan á köflum svo nærfærin að hún hefur verið eignuð konu.

7 klst.

Hljóðbók.is

HLB



Mínun Drottini til þakklætis

Saga Hallgrímskirkju

Sigurður Pálsson

Bókin er gefin út í tilefni 75 ára afmælis Hallgrímssafnaðar sem stofnaður var í bíosal Austurbæjarskóla árið 1940. Rakin er byggingarsaga Hallgrímskirkju og helgihaldi, safnaðarstarfi og listastarfi gerð góð skil. Þetta er frásögn af samstöðu og stórhug, mótlæti og sigrum í litríki sögu safnaðarstarfs og framkvæmda vð Hallgrímskirkju. 232 bls.

Hallgrímskirkja í Reykjavík

IB



Ofríki

Jón Hjartarson

Fyrir liðlega einni öld gerði bóndinn á Randversstöðum í Breiðdal Ólafur Ásgrímsson uppreisn gegn hreppsyfirlöndum í Breiðdalshreppi. Ástæðan var sú að yfirvöldin komu í veg fyrir að geðsjúk eiginkona hans fengi að leita sér lækninga og reyndu í framhaldinu að bola honum burt úr héraðinu. 144 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Reykjavíkurskákómót í 50 ár

Fyrri bindi 1964–1990

Helgi Ólafsson

Reykjavíkurskákómótið er mikilvægasta skákómót okkar Íslendinga. Hér er rituð saga skáklistarinnar á Íslandi, þar sem mótið hefur myndað þungamiðju skáklífs í hálföld. Helgi Ólafsson stórmeistari fer á kostum í frásögn sinni. 248 bls.

Sögur útgáfa

IB



Saga Garðabæjar – I-IV

Steinar J. Lúðvíksson

Hér er saga þessa sveitarfélags rakin allt frá landnámsöld. Áltaneshreppur hinn forni var öflugur en eftir að honum var skipt upp og Hafnarfjörður öðlaðist kaupstaðarréttindi stóð Garðahreppur eftir sem fátækur og fámennur sveitahreppur. Á undraskömmum tíma hefur hann orðið að einu blómlegasta bæjarfélagi landsins.

1900 bls.

Garðabær

IB



Saga lögreglunnar í Keflavík

Samant.: Einar Ingimundarson

Litríkar frásagnir af ballvöktum, brotamönnum, búfjársmölun, björgunarstörfum, sjúkraf lutningum, umferðarstjórn og fangavörslu sem gefa innsýn í líf lögreglumanna sem oft störfuðu við erfiðar aðstæður. Einnig æviskrár sjö lögreglustjóra og 260 lögreglumanna sem starfað hafa í Keflavík.

200 bls.

S. Stefánsson & Co.

IB



Vörubílstjórar á vegum úti

Saga vörubílstjórafélagsins Mjólnis 1941–2015

Anna Rósa Róbertsdóttir

Í þessu yfirgripsmikla verki er fjallað um sögu Vörubílstjórafélagsins Mjólnis frá 1941–2015. Bókina prýðir mikill fjöldi skemmtilegra ljósmynda og gefa þær, ásamt frásögnum félagsmanna, góða innsýn í tíðarandann hverju sinni. Ritið er greinargóð heimild um starfsemi félagsins og í því er einnig að finna félagatal Mjólnis. 350 bls.

Vörubílstjórafélagið Mjólnir

Dreifing: Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Þroskaþjálfar á Íslandi.

Saga stéttar í hálföld

Þorvaldur Kristinsson

Hér er sögð áhrifamikil saga stéttar, allt frá því að fyrstu þroskaþjálfarnir hófu störf á Kópavogshæli árið 1960. Margt hefur breyst í hugmyndaheimi þroskaþjálfara á hálfri öld en kjarninn í starfinu er ætíð sá sami – að standa vörð um mannvirðingu fatlaðs fólks og berjast fyrir rétti þess til fullrar þátttöku í samfélaginu.

272 bls.

Þroskaþjálfafélag Íslands

SVK



Þær ruddu brautina

Kvenréttindakonur fyrri tíma

Kolbrún S. Ingólfssdóttir

Barátta kvenna fyrir réttindum sem nú eru víðast talin sjálfsgöð kostaði blóð, svita og tár, niðurlægingu og útskúfun. Stórfróðleg bók með æviágripum kvenna sem hófu baráttuna víða um heim og ruddu brautina fyrir kvenfrelsisbaráttu seinni ára.

291 bls.

Veröld

IB

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL
NÝRRRA BÓKA Í SÖGU, ÆTTFRÆÐI
OG HÉRAÐSLÝSINGUM

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 21.-22. NÓV. 2015

Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.bokmenntaborgin.is

Ævisögur og endurminningar



Öll þessi ár **Bítlarnir telja í** Mark Lewisohn

Þetta er uppvaxtarsaga Bítlanna, ótrúleg saga af hljómsveit allra tíma. Lesendur eru leiddir áfram með markvissri og litríkri frásögn þar til fyrir framan þá standa fjórir skarpir drengir frá Liverpool á barmi heimsfrægðar sem á sér ekki hliðstæðu. Lestu sögu Bítlanna eins og hún var í raun og veru.

1032 bls.

Bókaútgáfan Hringur

IB



Bogi Th. Melsted *Ævisaga hugsjónamanns* Jón P. Þór

Ævisaga hugsjónamanns, afkastamikils fræðimanns, eins hinna svonefndu „aldamótamanna“ sem fremstir fóru í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Hér kemur margt fram um sögu sjálfstæðisbaráttunnar sem ekki hefur verið á almanna vitorði fram til þessa.

Vönduð ævisaga byggð á rannsóknum á áður lítt þekktum heimildum.

333 bls.

Urður bókafélag

IB



Brynhildur Georgía Björnsson

Ragnhildur Thorlacius

Lesari: Ragnhildur Thorlacius

Brynhildur Georgía ólst upp í stríðshráðu Þýskalandi og á Bessastöðum, seldi þvottasnúrur í Argentínu og sótti sjóinn á Suðurnesjum. Hún missti tvö börn, átti fimm menn og eyddi sautján síðustu árum ævinnar rúmföst í bílskúr í Reykjavík. Ragnhildur Thorlacius fréttamaður studdist við áður óbirtar heimildir við ritun sögunnar.

198 bls.

Bjartur

IB

HLB

Hljöðbók frá Skynjun



Dagar handan við dægrin

Minningamyndir í skuggsjá tímans


Sölvi Sveinsson

Minningamyndir frá æsku- og unglingsárum höfundar á Sauðárkróki á 6. og 7. áratug 20. aldar. Frásögnin er fjórleg, mannlysingar bráðlifandi og jafnan stutt í kímna.

367 bls.

Sögufélag Skagfirðinga

IB



Eftirlýstur

Bill Browder


Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Sönn saga Bill Browders, sjóðsstjóra sem eftir ævintýrlegan uppgang lenti upp á kannt við Putin forseta. Hörkuspennandi frásögn sem um leið er nístandi afhjúpun á raunverulegu stjórnfari í Rússlandi eftir fall Sovétríkjanna. Hér er fjallað um spillta olígarka, misnotkun valds, svik, mútur og misþyrmingar hvar sem lítið er.

374 bls.

Almenna Bókafélagið

IB



Egils sögur

– á meðan ég man

Páll Valsson og Egill Ólafsson

Lesarar: Páll Valsson og Egill Ólafsson

Egill Ólafsson er sagnamaður af guðs náð og lýsir hér af fjöri bernskuárum, Spilverkstímanum, Þursum og Stuðmönnum, leikhúsvinnu og kvikmyndagerð. Páll Valsson, sem hefur skrifað um Vigdís forseta og verðlaunabók um Jónas Hallgrímsson, leyfir hér rödd Egils að njóta sín í bráðskemmtilegri frásögn.

367 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB

HLB

Hljöðbók frá Skynjun



Eitt á ég samt

Endurminningar

Árni Bergmann

Um áratugaskeið hefur Árni Bergmann verið lykilmáður í íslensku menningarlífi. Hann hefur starfað sem blaðamaður og ritstjóri, skrifað um þjóðfélagsmál, bókmenntir og erlend málefni, ritað skáldsögur, þýtt og kennt við Háskólann. Í þessum skemmtilegu minningum koma margir við sögu og góð innsýn gefst í sögu síðustu aldar.

422 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



(Esenis tesenis tera) Viðrini veit ég mig vera

Megas og dauðasyndirnar

Óttar Guðmundsson

Magnús Þór Jónsson, Megas, hefur um langt skeið verið einn umdeildasti listamaður þjóðarinnar. Hann hefur gefið út fjölda hljómplata með eigin lögum og textum, þýtt og samið leikrit, skrifað skáldsögu og málað myndir.

Í bókinni er æviferill Megasar rakinn og verk hans skoðuð. Óttar veltir því fyrir sér hvað mótaði Megas og hvernig skáldið hefur sett mark sitt á samtíð sína.

314 bls.

Skrudda

IB



Fyrir sunnan

Tryggvi Emilsson

Æviminningar Tryggva Emilssonar þykja einstakur aldar-spegill. Fyrstu bækurnar tvær, *Fátækt fólk* og *Baráttan um brauðið*, voru tilnefndar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Lokabindið segir frá stjórn málaáttökum syðra og harðri lífsbaráttu í braggahverfum Reykjavíkur á eftirstrísárunum.

383 bls.

Forlagið

KIL

ENDUR
ÚTGÁFA



Hin hálu þrep

Lífshlaup mitt


Bjarni Bernharður Bjarnason

Höfundur skráir hér lífshlaup sitt, lífshlaupi sem segir frá barni sem er hafnað í foreldrahúsum, barni sem verður fyrir einelti og skólakerfið útilokar, frá vímuefnaneyslu, geðklofaköstum, manndrápi, dvöl á réttargeðdeild og loks glæstri endurreisn. Bókin hefur auk textans að geyma 31 persónuleg ljóð og er prýdd 28 litljósmyndum af málverkum eftir höfund.

182 bls.

Egoútgáfan

SVK



Í fangabúðum nazista

Leifur H. Muller

Haustið 1942 handtók Gestapó 22 ára íslenskan námsmann í Ósló, Leif H. Muller að nafni og sendi til hinna alræmdu Sachsenhausen-fangabúða í Þýskalandi. Ein fyrsta helfarabók sögunnar!

239 bls.

Veröld

KIL



Jörundur hundadagakonungur

Sarah Bakewell

Þýð.: Björn Jónsson

Saga Jörundar er lygilegri en nokkur skáldskapur enda hafa margir ritað skáldsögur sem byggjast á ævi hans. Þessi bók sýnir hins vegar að ekki þarf að skálda í eyðurnar til að rita æsilega sögu um þennan einstaka mann.

Þetta eftirminnilega ævintýri frá 19. öld leiðir fram sérkennilegan og tvístraðan mann og varpar nýju ljósi á breska heimsveldið sem er að vaxa til vegs og valda.

280 bls.

Skrudda

KIL



Ljósbrót liðinna stunda

Helgi Seljan

Helgi Seljan fyrrverandi alþingismaður er hnyttinn maður og húmoristi. Hér er ný bók úr safni hans: Gamansögur, glettnir bragir, leikið á léttu strengi, smásögur, kvæði og æviþættir.

288 bls.

Óðinsauga útgáfa

SVK



Loftklukkan

Páll Benediktsson

Páll Benediktsson fréttamaður deilir hér með okkur bernskuminningum og ættarsögu, af hreinskilni og næmleik þess sem kann að halda á penna. Við kynnumst Norðurmýrinni með öllum sínum leyndardómum og hrekkju-svínunum. En einnig forvitnilegum fjölskyldumeðlimum eins og Páli pólití, Árna Ben. sem er týndur og ómunnur sem aldrei dyfði hendi í kalt vatn.

236 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Mamúska

Sagan um mína pólsku ömmu

Halldór Guðmundsson

Hún var fædd í rússneska keisaradæminu og ólst upp á sveitabýli við kröpp kjör. Síðar fluttist hún til Vilnús, atti kappi við fegurstu konu heims um einn ríkasta piparsveininn á svæðinu og flúði með honum til Frankfurt í seinni heimsstyrjöld. Hlý og skemmtileg frásögn af óvenjulegri vináttu Halldórs Guðmundssonar og þessarar merkilegu konu.

220 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Með blóð á heilanum


Sólveig Árnadóttir

Með blóð á heilanum er einlæg en jafnframt spaugileg frásögn af tvítugri stúlku sem lendir óvænt inn í allt öðrum heimi en hún ætlaði sér. Það er ekki auðvelt að læra að ganga í annað skiptið á ævinni þegar maður er tvítugur en ef manni tekst að hafa gaman að því þá er allt hægt.

175 bls.

Bókaútgáfan Sólveig

KIL



Mótun framtíðar

Hugmyndir-Skipulag-Hönnun

Trausti Valsson


Ævisaga Trausta Valssonar. Hugmyndasaga skipulags og hönnunar á umbrotatímum. Skipulag í Reykjavík og á landsvísu. Breytingar á byggð með hnatrænni hlýnun. Trausti hefur iðulega hrist rækilega upp í umræðunni. Einnig nú! Í bókinni eru 700 myndir, flestar í lit.

Mynddiskur fylgir. FB-síða: Mótun framtíðar.

216 bls.

Fjölvi

IB



Munaðarleysinginn

Sigmundur Erni Rúnarsson og Matthías Bergsson

Lesari: Sigmundur Erni Rúnarsson

Matthías Bergsson hefur lifað viðburðaríku og dramatísku lífi. Foreldrar hans yfirgáfu hann á ungum aldri en eftir harðneskjulega æsku á sjötta áratugnum tók við eithvert óvenjulegasta lífshlaup sem nokkur Íslendingur hefur lifað.

268 bls.

Veröld

IB HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Mörk

Saga mömmu

Þóra Karítas Árnadóttir

Lesari: Þóra Karítas Árnadóttir

Vel falið leyndarmál fylgir Guðbjörgu Þórisdóttur alla tíð. Nú hefur dóttir hennar, Þóra Karítas Árnadóttir, skrifað sögu litlu stúlkunnar sem vissi ekki hve óeðlilegt var „að búa í tveimur aðskildum heimum, himnaríki og helvíti, í einu og sama húsinu“.

159 bls. / 3:30 klst.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK RAF HLB

Hljóðbók frá Skynjun



Nína S.

Nína Sæmundsson 1892–1965


Hrafnhildur Schram

Myndhöggvarinn Nína Sæmundsson var á tímabili þekktasti listamaður Íslendinga á alþjóðavettvangi. Ævi sveita-stúlkunnar úr Fljótshlíðinni var dramatísk og viðburðarík og leið hennar lá um höfuðborgir heimslistarinnar. Loksins kemur út vegleg bók um ævi og störf þessa fyrsta kven-myndhöggvara Íslands.

160 bls.

Crymogea

IB



Sigurgeir skar'ann

Sigurgeir Kjartansson

Hér er rakin uppvaxtar- og ævisaga drengs úr Mýrdalnum. Framtíðardraumar hans voru að verða bóndi, helst með kennslu í hjáverkum. Raunin varð önnur því hann var hvattur til náms sem fleytti honum yfir í læknisfræði og hann varð einn færasti skurðlæknir landsins á sinni tíð. Sigurgeir segir sögu sína af opinskáu hispursleysi og kímnin er aldrei fjarri.

340 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Steven Gerrard

Árin hjá Liverpool

Sigfús Guttormsson

Steven Gerrard er vafalaust í hópi bestu knattspyrnumanna sinnar kynslóðar. Hann dreymdi alltaf um að spila með Liverpool og draumurinn rættist. Hann átti glæstan feril hjá félaginu sem hér er rakinn í máli og myndum. Um leið er saga félagsins rakin á þeim tíma sem Steven lék þar.

Bókaútgáfan Hólar

IB



Týnd í Paradís

Mikael Torfason

Mikael segir sögu sína, foreldra sinna og forfedra. Guð, djöfullinn og Vottar Jehóva koma við sögu. Ennfremur hippar, læknar, sjómenn, bændur, húsmæður, drykkjumenn, reykingafólk og börn.

Þetta er ótrúleg saga en dagsönn.

260 bls.

Sögur útgáfa

IB



Undir fikjutré

Anna Lára Steindal og Ibrahim Faraj

Með falsað vegabréf í vasanum og dúndrandi hjartslátt fikraði Ibrahim sig í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Síðar óskaði hann eftir hæli sem pólitískur flóttamaður á Íslandi. Ibrahim fæddist í Líbíu undir ógnvænlegri harðstjórn Gadafis. Áhrifamikil lýsing og mikilvægt innlegg í umræðuna um stöðu flóttafólks í dag.

300 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Vinir Ferguson – Hringferð um landið gegn einelti


Karl Friðriksson

Skemmtileg ferðasaga Karls Friðrikssonar og Grétars Gústavssonar af hringferð þeirra í kringum landið á Massey Ferguson traktorum árgerð '63. Þá létu þeir 50 ára gamlan draum úr sveitinni rætast. Grétar náði einnig að vinna úr einelti sem hann varð fyrir í æsku. Ágóði af sölu bókarinnar rennur til Vináttu, forvarnarverkefnis Barnaheilla gegn einelti.

112 bls.

Litróf ehf

SVK



Yfir farinn veg með Bobby Fischer

Garðar Sverrisson

Lifandi og áhrifarík frásögn af hinum umdeilda Bobby Fischer, allt frá barnæskunni í Brooklyn til banalegunnar á Íslandi. Í bókinni kynnumst við loks manninum á bak við þann Bobby sem hingað til verið hefur heiminum ráðgáta. Hér fáum við í fyrsta sinn raunsanna mynd af tífningum hans og nánu sambandi við móður sína þar sem arfur gyðinga birtist í óvæntu ljósi. Einnig kynnumst við því hvernig kaþólsk viðhorf efldu með honum afstöðu sem átti ríkan þátt í því hvernig hann mætti örlögum sínum.

Skrudda

IB



Þá hló Skúli

Saga Skúla Alexanderssonar alþingismanns og oddvita undir Jökli

Óskar Guðmundsson

Skúli Alexandersson var maður eldheitra hugsjóna og leiftrandi framkvæmdagleði, með óbilandi áhuga á pólitík og þjóðlegri menningu – og haldinn stöðugri löngun til að betrubæta og bylta. Hér segir frá stjórn málaferli Skúla og atvinnuþátttöku, uppvexti og lífsævintýrum ýmsum.

360 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Þetta var nú bara svona

saga Jóns Magnússonar skipstjóra og útgerðarmanns á Patreksfirði

Jóhann Guðni Reynisson

Þetta er baráttusaga manns sem var ekki hugað líf fljótlega eftir fæðingu, hætti að reykja 12 ára og hefur farið sínar leiðir í lífinu, án þess að fylgja endilega straumnum. Jón er landsþekktur skipstjóri og aflamaður og hefur aldrei selt gramm af kvóta frá útgerðum sínum, enda vill hann að Patreksfirðingar hafi eins tryggja atvinnu og auðið er.

236 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



Ævi alþýðustúlku á fyrri hluta 20. aldar.

Pálmi Ingólfsson

Míningar alþýðustúlku frá barnmörgu heimili í Garðinum frá því hún fæddist 1917 og þar til hún giftir sig 1948. Hún var við nám í Kvinnaskólanum á Blönduósi veturinn 1936–1937 og hálfan vetur 1938–1939. Sumarið 1941 vann hún á Reyðarfirði í matsölu breska hernámsliðsins. Hún vann svo nokkur ár í sölubúð Alþýðubrauðgerðarinnar í Bankastræti í Reykjavík.

163 bls.

Pálmi Ingólfsson

KIL

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL
NÝRRRA ÆVISAGNA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 21.-22. NÓV. 2015

Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.bokmenntaborgin.is

Matur og drykkur



5:2-mataræðið

Michael Mosley og Mimi Spencer

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson

Bókin sem hrinti 5:2-bylgjunni af stað. 5:2 er enginn megrunarkúr heldur einföld, fljótverk og heilsusamleg aðferð til að grennast og bæta heilsuna. Í bókinni eru einfaldar uppskriftir með útreikningum á hitaeningum, hitaeningatöflu og góð ráð frá læknum og fólki sem hefur fylgt 5:2-mataræðinu með góðum árangri.

Forlagið – Vaka-Helgafell

RAF
ENDUR
ÚTGAFA



Café Sigrún

Hollustan hefst heima

Sigrún Þorsteinsdóttir

Allir sem hafa áhuga á hollu mataræði, heilsusamlegum lífsháttum og góðum uppskriftum kannast við CafeSigrun-vefinn sem Sigrún Þorsteinsdóttir hefur rekið undir kjör-orðinu Hollustan hefst heima. Og nú er komin glæsileg bók með fjölda hollra og girnilegra uppskrifta að góðgæti fyrir alla fjölskylduna.

304 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Djúsbók Lemon

Jón Arnar Guðbrandsson og Jón Gunnar Geirdal

Í *Djúsbók Lemon* er að finna fjörutíu sælkerasafa og þeytinga úr besta fánlega hráefni, einfalda, frísklega og stútfulla af hollefnum úr ávöxtum, grænmeti, skyri og náttúrulegu kryddi og bragðefnum. Drykkir sem bjarga deginum!

80 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Glútenfrítt líf

Þórunn Eva Guðbjargar Thapa

Glútenfrír lífsstíll. Snilldarbók fyrir fólk með ofnæmi og óþol og aðstandendur þeirra. Fræðsla, snyrtivörur og uppskriftir. Óháð því hvort þig langar til að taka út glúten til að lifa „heilbrigðara“ lífi eða þú þarft þess vegna heilsufarsástæðna þá er þessi bók fullkomin fyrir þig.

144 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Hollar og heillandi súpur

Rósa Guðbjartsdóttir

Súpur eiga alltaf við. Falleg bók með fjölda uppskrifta að ljúffengum og hollum súpum við allra hæfi. Matgæðingurinn Rósa Guðbjartsdóttir gefur hér fjölmörg ráð svo súpu-gerðin verður leikur einn. Súpur eru hollur, ljúffengur og hagkvæmur matur sem öllum líkar. Fyrirtaks máltíð – stútfull af næringu sem bætir og kætir. Eitthvað fyrir alla!

112 bls.

Bókafélagið

IB



Hreint mataræði

Dr. Alejandro Junger

Þýð.: Guðrún Bergmann og Nanna Gunnarsdóttir

Metsölubókin Hreint mataræði kynnir aðferð sem hægt er að nota til að endurbyggja sig, jafnt líkamlega og andlega. Þessi þriggja vikna áætlun er gerð með þarfir öllum kafins fólks í huga; einföld og hagnýt afeitrun sem hentar daglegum þörfum okkar og athöfnum.

312 bls.

Bókaútgáfan Salka

KIL



Pabbi, átt þú uppskrift?

Smári Hrafn Jónsson

Matreiðslubók fyrir byrjendur og lengra komna heimilis-kokka.

Vinsæl gjöf handa fólki sem er ný byrjað að búa.

Þægileg bók í A5 stærð.

Fæst hjá Eymundsson og á Facebooksíðu bókarinnar

Smári kokkur-Pabbi átt þú uppskrift?

Bók sem slegið hefur í gegn.

60 bls.

Pabbi, átt þú uppskrift?

GOR



Sætmeti

– án sykurs og sætuefna

Nanna Rögnvaldardóttir

Langar þig að segja skilið við sykurinn? Í þessari bók má finna uppskriftir að fjölbreyttu góðgæti þar sem hvorki er notaður unninn sykur, síróp, hunang eða annað slíkt né tilbúin sætuefni, heldur einungis ávextir. Borðaðu morgunkorn, konfekt, kökur og eftirrætti með góðri samvisku!

144 bls.

Forlagið – Iðunn

IB



Traditional Icelandic Food

A Gastronomic Guide to Iceland

Guðrún Helga Sigurðardóttir

Íslendingar hafa borðað mat af ýmsum toga til þess að lifa af. Oft var lífsbaráttan hörð og fólk þurfti að nýta það sem fyrir hendi var. Matarvenjur Íslendinga eru útskýrðar á glettinn hátt með sögum af matnum til að útskýra menningarlega stöðu hans og tengja hann jafnvel við staði og atburði í náttúru Íslands.

104 bls.

GHS Media

KIL



Vín

Unhverfis jörðina á 110 flöskum

Steingrímur Sigurgeirsson

Myndskr.: Rán Flygenring, Lóa Hjalmtýsdóttir og Sigga Björg

Á hæla metsölubókarinnar *Bjór* kemur nú fræðandi og stórskemmtileg bók um vín. Heimur vinsins er dásamlega töfrandi og hver flaska lýkur upp unaðslegum keimi af veðri, jörð og gróðri. Hvort sem það er rautt, hvítt, sætt eða með bólum, þá er hægt að fræðast um það hér.

256 bls.

Crymogea

IB



Ömmumatur Nönnu

Nanna Rögnvaldardóttir

Margir réttir sem fólk ólst upp við eða fékk hjá ömmu eru nú sjaldséðir. Í *Ömmumat Nönnu* eru yfir 80 uppskriftir að góðum og umfram allt heimilislegum mat sem töfrar fram notalegar minningar og er ómissandi hluti af íslenskrum matarhefð. Sumir réttirnir eru alveg hefðbundnir, aðrir ögn nútímalegri.

160 bls.

Forlagið – Iðunn

IB

Fræði og bækur almenns efnis



A Traveller's Guide to Icelandic Folk Tales

Jón R. Hjálmarsson

Þýð.: Anna Yates

Hér eru heimsóttir fjölsóttir staðir í alfaraleið, sem og nokkrir á fáfarnari slóðum. Jafnframt eru rífaðar upp í endursögn ýmsar gamlar og kunnar þjóðsögur og sagnir sem ættaðar eru frá þessum stöðum. Kjörinn förunautur handa öllum þeim sem ferðast um Ísland. Á ensku.

Forlagið

RAF
ENDUR
UTGÁFA



Af lífi

Greinasafn handa Vilhjálmi Rafnssyni

Ritstj.: Andri S. Björnsson, Katrín Kristjánsdóttir og Sigurður Y. Kristjánsson

Fjölbreytt umfjöllunarefni sem tengjast áhugamálum Vilhjálms, s.s. vísindi, Íslendingasögur, ferðalög og eðli orsakahugtaksins. Hann er afkastamikill vísindamaður og hefur rannsakað ýmsa þætti sem áhrif hafa á sjúkdóma og heilsu. Fjallað er um verk hans og Vilhjálmi sjálfan í lífi og starfi.

334 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Allt á hreinu

Einföld og umhverfisvæn húsráð

Margrét D. Sigfúsdóttir

Bók fyrir alla sem vilja halda heimilinu fallegu og hreinu á ódýran og umhverfisvænan hátt. Útskýrt er hvernig má ná betri tókum á skipulagi og ræstingu á heimilinu og umhírðu um fatnað, þvotti og frágangi. Einnig eru gefin fjölmörg gagnleg húsráð, gömul og ný. Höfundur er skólastjóri Hússtjórnarskólans í Reykjavík og hefur áratuga reynslu af að kenna þrif og heimilshald.

92 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Almanak fyrir Ísland 2016

Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk dagatals geymir almanakið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll, gang himintungla, stjörnukort, áttavítastefnur, tímabelti heimsins, yfirlit um hnetti himingseimsins, mælieiningar, veðurfar og merkisdaga næstu ára. Fjallað er um gammablossa og þvergöngu Merkúrjárar 2016.

96 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags 2016

Árbók Íslands 2014

Ritstj.: Jón Árni Friðjónsson, Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk Árbókar HÍB fyrir árið 2014 og dagatals geymir almanakið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll, gang himintungla, stjörnukort, áttavítastefnur, tímabelti heimsins, yfirlit um hnetti himingseimsins, mælieiningar, veðurfar og merkisdaga næstu ára.

176 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



Andersenskjölin – Rannsóknir eða ofsóknir?

Eggert Skúlason

Fangelsisdómur Hæstaréttar yfir Gunnari Andersen forstjóra FME er fordæmalaus kafli í íslenski réttarfarssögu. Eftir fall bankanna stóðu öll spjót á FME, sem við hvatningu margra hóf rannsóknir á hruninu. Eggert Skúlason, ritstjóri, fjallar hér um vinnubrögð og árangur þeirra rannsókna. Einstæð bók um einstakt tímabil í sögu þjóðarinnar.

280 bls.

Almenna Bókafélagið

SVK



Andvari 2015

Nýr flokkur LVII, 140. ár

Ritstj.: Gunnar Stefánsson

Aðalgreinin er æviþáttur um Rannveigu Þorsteinsdóttur, lögfræðing sem var meðal fyrstu kvenna sem sátu á Alþingi, 1949–53. Aðrar tvær greinar í ritinu eru um sögu kvenna og einnig er fjallað um skáldin Jónas, Grím, Einar Benediktsson og Kristmann.

170 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Áhrifasaga Saltarans

Gunnlaugur A. Jónsson

Áhrifasaga Saltarans fjallar um Davíðssálma í sögu og samtíð. Efnið er afar umfangsmikið og vitnar um ótrúlega víðtæk áhrif Sálmana á flestum sviðum mannlífsins, jafnt í gyðingdómi og kristni.

629 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Barnið sem varð að harðstjóra


Bogi Arason

Illræmdustu harðstjórar 20. aldar, Stalín, Hitler, Franco, Maó, Ceausescu, Pol Pot, Saddam Hussein, Khomeini og Idi Amin, voru ekki aðeins nöfn, heldur menn. Hvernig voru þeir sem börn? Hvað mótaði þá og rak þá til að fremja ódæði? Paulreyndur blaðamaður, Bogi Þór Arason, rekur hér leiðina úr vöggu til fjöldagrafa. Hann lýsir hæfileikum einræðisherranna og göllum. Stórfróðleg bók.

280 bls.

Almenna Bókafélagið

IB



Being Elvewhere

A Guide to the Hidden People of Iceland

Páll Ásgeir Ásgeirsson

Þýð.: Lowana Veal

Þeir sem ferðast um Ísland með opnum huga eiga á góðu von. Hér vísar landskunnur leiðsögumaður ferðafólki um þekktar álfaflóðir og rekur sögur af samskiptum álfa og mennskra manna, góðum og slæmum, að fornu og nýju.

Á ensku.

136 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Bláklædda konan

Ný rannsókn á fornu kumli

Ritstj.: Bryndís Sverrisdóttir

Í bókinni eru greinar eftir innlenda og erlenda fræðimenn um rannsókn á kumli landnámskonu sem fannst árið 1938 á Austurlandi. Inngang ritar Steinunn Kristjánsdóttir prófessor í fornleifafræði en formála Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður. Greinar í bókinni eru eftir sérfræðinga í mannabeinafræði, forvörslu, fornleifafræði og textíllfræðum. Greinarnar eru allar á íslensku og ensku.

71 bls.

Þjóðminjasafn Íslands

SVK



Bókabörn

Íslenskar barnabókmenntir verða til

Dagný Kristjánsdóttir

Bókabörn fjallar um upphaf íslenskra barnabóka. Þar eru ræddar hugmyndir manna um börn og bernsku og hvernig þær hafa endurspeglast í bókabörnunum. Fjallað er um fjóra fyrstu höfundana sem skrifuðu um og fyrir börn; Jónas Hallgrímsson, Nonna, Sigurbjörn Sveinsson og Jóhann Magnús Bjarnason.

260 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Bókin um vefinn

Sjálfsbjálfarkver fyrir metnaðarfulla vefstjóra

Sigurjón Ólafsson

Bókin er hugsuð sem handbók fyrir þá sem sinna vefstjórn, jafnt reynda vefstjóra sem nýgræðinga á þessu sviði. Höfundur hefur um árabil kennt þessi fræði og miðlað fróðleik um þau auk þess að sinna eigin ráðgjöf. Bókin er unnin í samstarfi við Hugsmiðjuna og Vefakademíu Hugsmiðjunnar.

187 bls.

IÐNÚ útgáfa

KIL



Breyttur heimur

Jón Ormur Halldórsson

Um þessar mundir eru ný stórveldi að eflast; þau eldri missa mátt sinn. Sagan kennir að slíkar breytingar á valda hlutföllum bjóða hættunni heim. Bókin *Breyttur heimur* varpar ljósi á ýmsar óraflóknar og hnattrænar átakalínur okkar tíma og sýnir þær sem samhangandi og skiljanlega heild.

448 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Bylting – og hvað svo?

Björn Jón Bragason

Bylting – og hvað svo? er nýstárleg bók um afdrifarík umskipti í íslenskrri sögu.

Bókin hverfist um stjórnskiptin 1. febrúar 2009; fram koma margvíslegar nýjar upplýsingar um aðdraganda þeirra og greint er frá órlagaríkum atbuðurðum sem fylgdu í kjölfarið.

210 bls.

Bókaútgáfan Salka

SVK



Dagbók 2016

Árið með heimspekingum

Sigríður Þorgeirsdóttir o.fl.

Ný dagbók um kvenheimspekinga til að henda reiður á tímanum og tendra hugann með viskubrotum. Í dagatalinu er að finna stutta texta um kvenhugsuði fyrir hverja viku ársins. Saga mannlegrar hugsunar birtist í öðru ljósi þegar hún er sögð út frá heimspeki kvenna.

120 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Dagbók barnsins

Mímingar sem geymast en aldrei gleymast

Þýð.: Jón Orri

Þessi sívinsæla bók er nú uppfærð og endurútfegin í 7. sinn! *Fyrstu ár barnsins.*

30 bls.

Setberg bókaútgáfa

IB

ENDUR
ÚTGÁFA



Dagrenning

Ingólfur Sveinsson

Hvernig kemur heimurinn börnum fyrir sjónir á fyrstu æviárunum? Í þessari bók sem hefur að geyma bernskumínningar, hugleiðingar um lífið og tilveruna og aldarfarslýsingu á Akureyri á fimmta áratug tuttugustu aldar svarar höfundurinn þessari spurningu fyrir sitt leyti á nýstárlegan og skemmtilegan hátt.

209 bls.

Urður bókafélag

KIL



Draugasögur við Þjóðveginn

Jón R. Hjálmarsson

Á ferð um landið á björtum sumardegum virðast óhreinir andar víðs fjarri. En það er aldrei að vita hvenær afturgöngurnar láta á sér kræla. Hér slást allir frægustu draugarnir okkar með í för og gera ferðalagið ógleymanlegt. Nýjasta viðbótin við vinsælan bókaflökk.

251 bls.

Forlagið

SVK



Eins og stelpa

Búningar, handrit og þor til að leika handritið á annan hátt

Emer O'Toole


Þýð.: Ingunn Snædal

Að vera kona er gjörningur – hvernig við klæðumst og breytum líkama okkar og lögum okkur að væntingum. Emer O'Toole hefur ákveðið að endurrita þetta gamla handrit og beygja reglur kyngervísins og breyta því hvernig við hugsum um kynin.

277 bls.

Bókstafur

KIL



Einstein, eindir og afstæði.

Tímamótagreinar Einsteins frá 1905

Þýð.: Þorsteinn Vilhjálmsson

Albert Einstein birti 5 greinar árið 1905 sem fjalla um stærð og eðli sameinda, um takmörkuðu afstæðiskennunguna og um skammtaeðli ljóss. Þær eru allar undirstöðurit í vísindum og tækni nútímans.

336 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

SVK



Erasmus

Upphefð og andstremmi

Stefan Zweig

Þýð.: Sigurjón Björnsson

Þessi bók sem segir frá lífi og störfum Erasmusar frá Rotterdam (1466–1536) kom fyrst á prent árið 1934. Af einhverjum ástæðum hefur hún þó ekki verið þýdd á okkar tungu fyrr en nú. Síðt á hún þó skilið að hafa verið höfð útundan því Erasmus var einhver merkasti maður sinnar samtíðar, húnarísi, fríðarsinni og líklega fyrsti Evrópsinninn sem um getur. Öll Evrópa var föðurland hans.

Skrúdda

IB



Erfið samskipti

Douglas Stone, Bruce Patton og Sheila Heen

Þýð.: Jóhann G. Ásgrímsson

Í þessari áhugaverðu bók er að finna aðgengilegar og vel ígrundaðar leiðir til að taka þátt í erfiðum samtölum með það að markmiði að finna lausnir sem allir geta verið sáttir við.

258 bls.

Veröld

KIL

**Erró***A Lifescape*

Aðalsteinn Ingólfsson

Þýð.: Philip Roughton

Erró, Guðmundur Guðmundsson, er einn þekktasti myndlistarmaður Íslands og mögnuð verk hans eiga sér aðdáendur um allan heim. Lífshlaup hans er ekki síður skrautlegt en ævisaga hans vakti verðskuldaða athygli þegar hún kom út á íslensku 1991. Einstök sýn í veröld lista- og lífsnautnsmanns, nú á ensku.

408 bls.

Forlagið

SVK

**Eyrbyggja saga***Efni og höfundareinkenni*

Elín Bára Magnúsdóttir

Í þessari bók um Eyrbyggja sögu er sjónum beint að ferli Snorra goða Þorgrímssonar í hugmyndafræðilegu ljósi og gerð grein fyrir valdaferli hans. Einnig er fjallað um höfundareinkenni verksins og stóðum rennt undir þá hugmynd að Sturla Þórðarson sé líklegur höfundur sögunnar.

300 bls.

Háskólaútgáfan

SVK

**Ég skapa þess vegna er ég***Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*

Soffía Auður Birgisdóttir

Bókmenntafræðingurinn Soffía Auður Birgisdóttir skoðar verk ólíkindatólans Þórbergs Þórðarsonar frá öllum mögulegum sjónarhornum í þessari skemmtilegu bók, sem bregður nýju ljósi á töfrum slunginn rithöfund. Þórbergur hefur haft gríðarleg áhrif á verk íslenskra höfunda sem á eftir honum komu. Bókmenntafræði eins og hún gerist best.

330 bls.

Bókaútgáfan Opna

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

SVK



Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

Fangelsisbréfin

Dietrich Bonhoeffer

Þýð.: Gunnar Kristjánsson

Bonhoeffer tók virkan þátt í andspyrnunni gegn Hitler og Þriðja ríkinu. Fyrir það galt hann með lífi sínu, örfáum dögum áður en dagar Hitlers voru taldir. Bréf Bonhoeffers og hugleiðingar frá þeim tíma er hann sat í fangelsi nasista hafa varðveist og hafa verið þýdd á fjölda tungumála.

360 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Hlunkurinn

Fánýtur fróðleikur

Samant.: The Useless Information Society

Þýð.: Ásgeir Berg Matthíasson

Þessi bók mun engu breyta um stöðu lands og þjóðar á nokkrum vettvangi. En hún varpar óneitanlega skemmtilegu ljósi á heiminn í kringum okkur. Vissir þú að þegar Einstein fékk bandarískan ríkisborgararétt kom hann sokkalaus til athafnarinnar? Og að þegar þú sleikir frímerkni innbyrðir þú 1/10 af hitaeiningu? 830 bls. af skemmtun!

830 bls.

Sögur útgáfa

KIL

**Fjörutíu ný og gömul ráð við hversdagslegum uppákómum**

Óskar Árni Óskarsson

Stundum missir maður af strætó. Þá er ráð að vera með Leiðarvísu um orðasöfnun eftir Þórberg Þórðarson í frakkavasanum. Ljóðskáldið og bókavörðurinn Óskar Árni Óskarsson leiðir lesendur sína um hina ýmsu kima hversdagslífsins og hefur ráð undir rífi hverju.

44 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB

**Fléttur***skref fyrir skref*

Laura Kristine Arnesen og Marie Moesgaard Wivel

Þýð.: Steinunn Stefánsdóttir

Laura og Marie kunna réttu fléttuna – hvort sem tilefnið er party, brúðkaup eða bara skólinn. Hér kenna þær ótal greiðslur sem byggjast á einfaldri grunntækni sem allir geta lært. Allar flétturnar í bókinni eru útskýrðar og myndskreyttar skref fyrir skref, og gefin eru ráð til að þróa þær áfram.

107 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB

**Frú ráðherra**

Ritstj.: Edda Jónsdóttir og Sigrún Stefánsdóttir

Í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar ísl. kvenna segja 20 konur sem hafa setið á ráðherrastóli hér sögu sína. Þessir fulltrúar þriggja kynslóða kvenna veita lesendum innýn í líf sitt og deila reynslu af stjórnmálaþátttöku, uppveiti og mótunarárum, líffsýn og viðhorfum til leiðtogahtverksins.

352 bls.

Háskólaútgáfan

SVK

**Fyrstu 1000 dagarnir***Barn verður til*

Sæunn Kjartansdóttir

Fyrstu 1000 dagarnir er aðgengileg handbók fyrir alla foreldra. Í bókinni eru gefin góð ráð um hvernig foreldrar geta búið sig undir fæðingu barns og annast það og örvað fyrstu árin með það að leiðarljósi að byggja upp heilbrigðan og ástríkan einstakling. Sæunn Kjartansdóttir hefur áður skrifað bókina *Árin sem enginn man*.

232 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK

**Gjafabækur***Perlur Laxness – tilvitnanir í skáldverk nóbelskhöfundar**Perlur úr ljóðum íslenskra kvenna*

Halldór Laxness

Ritstj.: Silja Aðalsteinsdóttir

Einstaklega fallegar bækur með íslenskum skáldskaparperlum: annars vegar hundruð tilvitnana í skáldverk Halldórs Laxness, hins vegar úrval úr ljóðum íslenskra kvenna – á annað hundrað persónuleg ljóð ort af um sextíu nafngreindum konum fyrr og síðar.

216/224 bls.

Forlagið

IB

ENDUR
ÚTGÁFA**Gleðilegt uppeldi – góðir foreldrar**

Margrét Pála Ólafsdóttir

Myndir: Bára Kristinsdóttir

Jákvæð og fróðleg bók eftir hina kjarnyrtu Möggu Pálu um leiðir til að stuðla að meiri gleði í uppeldinu. Í aðgengilegum köflum leiðir hún lesandann inn í þær ýmsu klípur sem barnafólk lendir í daglega og veitir síðan snarráð og einfaldar lausnir. Nú á tímum aukinnar tæknis og hraða er þessi bók öllum foreldrum fróðleiksnáma.

128 bls.

Bókafélagið

IB

**Glimt**

2. þrep

Myndskr.: Jens Monrad

Ritstj.: Randi Benedikte Brodersen og Brynja Stefánsdóttir

Ný kennslubók í dönsku fyrir nemendur á 2. þrepi í framhaldsskóla. Hún hefur að geyma 24 stutta texta á dönsku, bæði smásögur og ljóð en auk þess teiknimyndasögu og myndskreytingar. Höfundarnir eru frá Danmörku, Íslandi, Grænlandi og Færeyjum og sögunnar fjalla um margvísleg málefni ungs fólks.

132 bls.

IÐNÚ útgáfa

KIL



Góssið hans Árna

Ritstj.: Jóhanna Katrín Friðriksdóttir

Árið 2009 var handritasafn Árna Magnússonar, sem varðveitt er sameiginlega í Rvík og Khöfn, tekið upp á varðveisluskrá Menningarmálastofnunar SP, UNESCO – minni heimsins. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum efndi af því tilefni til fyrirlestraraðar um handritin sem hér kemur út á bók.

204 bls.

Háskólaútgáfan

IB



Gullfoss

Modet – mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet

Ritstj.: Auður Hauksdóttir o.fl.

Hér er m.a. dregin upp óvanleg mynd af samskiptum Danmerkur og Íslands. Kastljósi er beint að búsetu Dana á Íslandi og dönskum áhrifum á íslenskt samfélag og menningu á 20. öld. Hvernig aðlöguðust Danir mannlífi, héldu menningareinkennum og höfðu áhrif á íslenska menningu, viðskiptalíf og samfélag?

456 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Gæðastjórnun

Samræmi, samhljómur og skipulag

Helgi Þór Ingason

Þörfin fyrir fólk með faglega þekkingu á gæðastjórnun eykst stöðugt en hér er ljósi varpað á gæðastjórnun sem fræðigreini og hagnýta aðferðafræði. Höfundur bókarinnar hefur um árabíl unnið við gæðastjórnun sem fyrirlesari og fræðimaður og hefur veitt ráðgjöf við innleiðingu gæðakerfa í fyrirtækjum.

240 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Handbók húsmæðra-1000 húsráð

Er hiksti þig t.d. lifandi að drepa eða fló á skinni? Eru varirnar sprungnar og nefið rautt? Þarftu að losna við óþef úr íbúð og blett úr flik? Eru eggjin fúl eða kaffið svikið? Þarftu að fá páfagaukinn til að tala eða fæla burtu flugur og mýs? Svör við öllu þessu og svo miklu fleiru finnur þú í þessari gagnmerku bók. 1000 húsráð fyrir alla, jafnt konur sem karla.

239 bls.

Nýhöfn

KIL



Handbók í lyflæknisfræði

4. útgáfa endurskoðuð


Ritstj.: Ari J. Jóhannesson, Davíð O. Arnar, Runólfur Pálsson og Sigurður Ólafsson

Höfuðmarkmið nýrrar útgáfu er að styðja við skynsamlega nálgun og meðferð helstu sjúkdóma og vandamála sem heyra til lyflækninga og gjarnan hafa sérstaka tilvísun í aðstæður hérlendis. Fræðirit sem nýtist lyf-, heilsugæslu-, og almennum læknum og læknanemum auk fagfólks annarra heilbrigðisstétta.

498 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Heiður og huggun

Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld

Þórunn Sigurðardóttir

Bókin markar tímamót í rannsóknum á íslenskum bókmenntum 17. aldar. Fjallað er um erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði, sem voru vinsælar kvæðageinar áður fyrr en hafa ekki verið rannsakaðar að neinu marki fram að þessu. Birt eru kvæði úr handritum sem ekki hafa verið prentuð áður.

476 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Heilsubók Röggva nagla

Ragnhildur Þórðardóttir

Ragga nagli boðar ekki skyndiátak, heldur varanlegan lífsstíl. Stjórnaðu eigin heilsu, líðan og útliti með hugann að vopni. Já, þú last rétt: Hugann! Uppskriftir fylgja sem gera heilsufæði að sannkölluðum sælkeraréttum.

135 bls.

Sögur útgáfa

IB



Heimstyrjöldin síðari

Jón Þ. Þór

Í ár voru sjötíu ár liðin frá lokum seinni heimstyrjaldar, mesta hildarleik sögunnar. Í þessu læsilega riti rekur Jón Þ. Þór sagnfræðingur helstu atburði stríðsins, orrustur og átök austan hafs og vestan.

256 bls.

Sögufélag

KIL



Helleníka

Xenófon

Þýð.: Sigurjón Björnsson

Sagnaritarinn Xenófon rekur hernaðarsögu Grikkja til ársins 362 f. Kr. Frásögn hans yfir árin 411 f. Kr. til 362 f. Kr. er bókin Helleníka sem hér kemur á prent í íslenski þýðingu.

343 bls.

Sögufélag

IB



Hersetan á Ströndum og Norðurlandi vestra

Fríðþór Eydal


Greint er frá umsvifum og dvalarstöðum setuliðsins á stríðsárunum, reynslu og kynnum liðsmanna og heimamanna, hermenskulífi, loftárásum, mannskæðum slysförum og vofveifilegum atburðum.

Margar áður óbirtar ljósmyndir prýða bókina og fjallað er um braggabúðir, búnað og farartæki sem komust í hendur Íslendinga.

160 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



Hjúkrun

2. þrep – Hjúkrun fullorðinna

Ritstj.: Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir

Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir

Þetta er fyrsta bókin af þremur í ritröð kennslubóka í hjúkrun og fjallar um hjúkrun fullorðinna. Meginmarkmið bókarinnar er að auka þekkingu á hjúkrun sem byggir á umhyggju og virðingu fyrir mannhelgi einstaklinga um leið og kenndar eru aðferðir sem efla hæfni fagfólks til að veita gæðaþjónustu.

497 bls.

IÐNÚ útgáfa

KIL



Hóladómkirkjur til forna

Þorsteinn Gunnarsson

Í bókinni er varpað nýju ljósi á íslenskar miðaldadómkirkjur og fyllt í eyður í húsagerðarsögu landsmanna. Sagt er frá timburadómkirkjunum fjórum, sem stóðu á Hólum í Hjaltadal áður en núverandi steinkirkja var byggð 1757–1763.

550 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

SVK



Hrekkjalómáfélagið

Prakkarastrik og púðurkellingar

Ásmundur Friðriksson

Hrekkirnir eru ótrúlegir. Svín, trilla og stýrishús í afmælisgjöf, hrekkjalómur leynist undir rúmi brúðhjóna, ráðherra-hjónum er gert rúmrusk, Maggi Kristins „býður“ í afmæli, Geir Jón handtekur Tóta rafvirkja, Gaui Hjörleifs prófar sjónvarpssíma, Logi Snædal gengur berfættur á glerbrotum. Össur Skarphéðins er með skófarið á rassinum og hver var „Fyrsti klámkóngur Eyjanna“? Og margt fleira.

Bókaútgáfan Hólar

IB



hug/raun

Um nútíma bókmenntir og hugræna bókmenntafræði

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir

Safn greina um ljóð og frásagnir frá 20. og 21. öld. Í sömu mund er bókin kynning á nýjum anga bókmenntafræðinnar, hugrænni bókmenntafræði, sem hefur vaxið mjög síðustu tuttugu ár. Meðal annars er fjallað um nýja sýn á líkingar, tilfinningar, geðshræringar og samliðan, rými, hómur og íróni.

264 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Hugsaðu um hundinn þinn

Ritstj.: Paula Regan

Þýð.: Ísak Harðarson

Auðskiljanleg og ítarleg handbók með góðum ráðum í máli og myndum um mataræði, umhirðu, æfingar og leiki, til þess fallin að auka skilning hundaeigenda á dýrinu sínu. Nákvæmar upplýsingar um alls kyns kvilla og sjúkdóma. Nauðsynleg handbók fyrir alla hundaeigendur.

194 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Hugsaðu um köttinn þinn

Ritstj.: Sam Atkinson

Þýð.: Ísak Harðarson

Auðskiljanleg og ítarleg handbók með góðum ráðum í máli og myndum um mataræði, umhirðu, æfingar og leiki, til þess fallin að auka skilning kattaeigenda á dýrinu sínu. Nákvæmar upplýsingar um alls kyns kvilla og sjúkdóma. Nauðsynleg handbók fyrir alla kattaeigendur.

96 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Hugur 26 árg.

Ritstj.: Jóhannes Dagsson

Þemað að þessu sinni er hagnýt siðfræði. Fjölbreytt efnistöð og ólíkar nálganir gefa góða innsýn í þá miklu grósku sem er í heimspeki á Íslandi. Einnig er hér að finna þýðingar, viðtöl og aðsendar greinar.

266 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Hundrað leiðir fyrir hund til að þjálfa manneskjuna sína

Simon Whaley

Þýð.: Gunnar Kr. Sigurjónsson

Fólk heldur að við hundarnir séum hjarðdýr í leit að leiðtoga. En láttu ekki blekkjast! Í þessari bók geturðu fengið upplýsingar um hvernig þú getur fengið manneskjuna þína til að snúast í kringum þig eins og þú vilt! Þetta er bók sem allir hundar (og manneskjur) þurfa að lesa!

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Hvað er svona merkilegt við það?

Störfkvenna í 100 ár

Kristín Svava Tómasdóttir

Sýningarskrá gefin út í tengslum við samnefnda sýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Fjallað er um líf, störf og baráttu kvenna frá árinu 1915 til dagsins í dag og áhersla lögð á rödd kvennanna sjálfra. Sýningarskráin er ríkulega myndskreytt.

64 bls.

Þjóðminjasafn Íslands

SVK



Innileiki orðanna/An Intimacy of Words

Afmælisrit til heiðurs Péttri Knútssyni

Ritstj.: Mathew James Whelpton o.fl.


Pétur Knútsson lét af störfum sem dósent í enskum málvísindum við Hugvísindasvið H.Í. haustið 2012. Hér skrifa samstarfsmenn Péturs um efni á fræðasviðum hans.

350 bls.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan

Dreiging: Háskólaútgáfan

SVK



Íslandsatlas

Hans H. Hansen

Viðamesta kortabók yfir Ísland sem komið hefur út og sýnir landið allt á 132 nákvæmum kortum (1:100 000). Kortin, sem geyma 44.000 ornefni, hafa verið ítarlega endurskoðuð frá síðustu útgáfu. Inngangskafar um íslenska náttúru, ásamt sérkortum og ornefnaskrá, auka mjög á notagildi bókarinnar. Einstakt uppláttarverk sem ætti að vera til á hverju heimili.

216 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB

ENDUR
UTGÁFA

Íslandssaga A–Ö

– frá abbasid til Örlygsstaðabardaga

Einar Laxness og Pétur Hrafn Árnason

Íslandssaga A–Ö, sem nýst hefur söguáhugafólki í um fjóra áratugi, kemur nú út í nýrri handhægri útgáfu, uppfærð og ríkulega aukin. Hér er fjallað um sögu Íslands eftir uppflettiorðum, frá upphafi til okkar daga. Meðal nýjunga er persónusaga fjölmargra Íslendinga sem mótað hafa sögu þjóðarinnar.

600 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Íslensk knattspyrna 2015

Víðir Sigurðsson

Allt um íslenska knattspyrnu 2015 með sérstakan aukakafla um íslensku karla- og kvennalandsliðin. Bókin hefur aldrei verið stærri og glæsilegri.

272 bls.

Tindur

IB



Íslenska tvö

Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson

Ný og endurbætt útgáfa sem er skipt í fjóra þemakafla. Fengist er samhliða við lestur, ritun, málsögu, goðafræði og meðferð talaðs máls. Í bókinni eru þeir hlutar Snorra-Eddu sem lesnir hafa verið í flestum framhaldsskólum ásamt nafnaskrá. Ítarlegt hugtakasafn er aftast í bókinni.

250 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum

Konrad Maurer

Þýð.: Steinar Matthíasson

Maurer var hér á ferð 1858 og safnaði m.a. þjóðsögum, sem hann gaf út á þýsku. Áhrif hans á þjóðsagnasöfnun voru mikil og hvatti hann t.a.m. Jón Árnason og Magnús Grímsson til að halda áfram söfnun sinni. Efnisflokkun hans hefur orðið öðrum fyrirmynd. Hér birtist safnið í fyrsta sinn á íslensku.

296 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Íslenski vegaatlasinn

Loftmyndir

Íslenski vegaatlasinn er glæsileg kortabók, byggð á nýjustu upplýsingum. Bókinni fylgir aðgangur að rafrænu Íslands-korti sem hægt er hlaða niður í símann og spjaldtölvuna. Þegar ferðast er um landið er svo hægt að fylgjast með ferðum sínum á kortinu sem má stækka og minnka eftir þörfum.

176 bls.

Veröld

GOR



Íslenskir sláttuhættir

Bjarni Guðmundsson

Í *Íslenskum sláttuháttum* kappkostar fræðimaðurinn Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri að lýsa amboðum og áhöldum til sláttar og slætti allt frá landnámsöld til nútíma.

Bókin er litprentuð og búið fjölmörgum ljósmyndum og skýringarmyndum. Bjarna Guðmundssyni er einkar lagið að miðla fróðleik sínum á aðgengilegan hátt.

352 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag og Bókaútgáfan Opna

Dreifing: Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Jarðargæði

Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson

Kennslubókin fjallar um þau tvö öfl sem stöðugt eigast við á yfirborði jarðar; innrænu öflin sem byggja upp þurrlendið og útrænu öflin sem rífa landið jafnóðum niður. Í bókinni er einnig fjallað um þau gæði jarðarinnar sem lífskjör okkar byggjast á og sjálfbæra nýtingu þeirra.

Ný og endurskoðuð útgáfa.

272 bls.

IÐNÚ útgáfa

KIL



Kemur félagsfræðin mér við?

Kynning á félagsfræði, skyldum greinum og sýn hemmar á samfélagið

Björn Bergsson, Nína Rós Ísberg og Stefán Karlsson


Kennslubók í félagsfræði fyrir byrjunaráfanga í framhalds-skólum. Í henni eru grunneiningar samfélagsins skoðaðar frá sjónarhorni félagsfræðinnar, grundvallarkenningar í félagsfræði kynntar og fjallað um samfélagið í ljósi áhrifa þess á einstaklinginn og líf hans.

Ný og endurskoðuð útgáfa.

254 bls.

IÐNÚ útgáfa

KIL



Kirkjur Íslands

24. og 25. bindi

Ríttstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason

Hinum þrettán friðuðu kirkjum í *Múlaprófastsdæmi* er lýst í máli og myndum frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfraði og þjóðminjavörslu. Gersemar íslenskrar þjóðmenningar.

610 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL
NÝRRAR FRÆÐIBÓKA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGUNA 21.-22. NÓV. 2015

Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.bokmenntaborgin.is



Kristín Guðmundsdóttir

Híbýlafræðingur / Interior Designer

Ritstj.: Halldóra Arnardóttir

Kristín Guðmundsdóttir híbýlafræðingur er frumkvöðull á sínu sviði og fyrsti háskólamenntaði innanhússarkitektinn á Íslandi. Kristín var fyrst til að halda þeim viðhorfum á loft að eldhúsið, sem þá var einkum vinnustaður kvenna, þarfnadist heildstæðs skipulags.

247 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Kristján X

Dagbækur hans um samskipti við Íslendinga.

Þýð.: Borgþór S. Kærnested

Kristján hinn tíundi, síðasti konungurinn sem ríkti yfir Íslandi, hélt dagbók um íslensk málefni frá 1908 og fram á fjórða áratuginn. Borgþór S. Kærnested fékk einkaaðgang að þessum gögnum konungs og þýddi þau. Hér koma þessar einstæðu heimildir í fyrsta sinn fyrir almennings sjónir.

250 bls.

Sögufélag

IB



Kveikjur

Bolli Pétur Bollason

„Er hefnd einhvern tímann réttlætlanleg?“ „Hefur eitthvað hent þig í lífinu sem á sér engar röklegar skýringar?“ „Hefur þú pælt í því hvað þú myndir segja eða gera ef þú þyrftir að tilkynna sviplegt andlát?“ *Kveikjur* fela í sér atvik og aðstæður sem kalla á síðferðilegar vangaveltur. Rit sem eflir lífsleikni, rit sem allir ættu að lesa.

176 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Landnám og landnámsfólk

Bjarni F. Einarsson

Í þessari bók fjallar Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur um landnám Íslands, forsendur þess og aðdraganda. Í brennidepli er landnámsbýlið Hólmur í Nesjum sem rannsakað var árin 1997–2011, en þar voru rannsakaðar minjar um bæ og blót.

Í bókinni birtast á fjórða hundrað ljósmyndir, teikningar, uppdrættir og kort sem tengjast rannsóknunum.

477 bls.

Skrudda

IB



Landshagir 2015

Hagstofa Íslands

Enginn sem leitast upplýsinga um Ísland lætur ógert að fletta Landshögum. Í 25 ár hafa birst í Landshögum traustar hagtölur sem sýna á aðgengilegan hátt hvernig fólk á Íslandi lifir og starfar. Bókin er bæði á íslensku og ensku og skiptist í 24 kafla með yfir 300 töflum, 50 myndritum og fjölda ljósmynda.

470 bls.

Hagstofa Íslands

IB



Leiðarminni

Helgi Þorláksson sjötugur 8. ágúst 2015

Helgi Þorláksson

Helgi Þorláksson prófessor í sagnfræði hefur lengi verið meðal helstu miðaldasagnfræðinga Íslendinga. Í þessari bók er að finna úrval greina eftir Helga sem fjalla um fjölbreytt efni.

520 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Listamaður á sögslóðum

Johannes Larsen á ferð um Ísland 1927 og 1930

Vibeke Nørgaard Nielsen

Myndir: Johannes Larsen

Þýð.: Sigurlín Sveinbjarnardóttir

Einstakar teikningar danska listamannsins Johannesar Larsens af sögslóðum Íslendingasagna sem hann teiknaði í tveimur ferðum til Íslands 1927 og 1930. Vibeke Nørgaard Nielsen lýsir ferðum listamannsins um landið. „Menningarsöguleg gersemi.“ – Einar Falur Ingólfsson, *Mbl*.

208 bls.

Ugla

IB



Listin að dáleiða – fyrri bindi

Grundvallartæknin

C. Roy Hunter

Þýð.: Ingibergur Porkelsson

Listin að dáleiða gæti reynst hin fullkomna sjálfshjálparbók.

Þetta er fyrsta kennslubókin í dáleislu á íslensku, 260 síður af fróðleik um hvernig hægt er að dáleiða sjálfan sig og aðra til að gera breytingar í undirvitundinni til að ná árangri í námi, starfi, íþróttum, við að hætta að reykja eða stjórna þyngd.

260 bls.

Dáleisluakólí Íslands

SVK



Líðan framhaldsskólanemenda

Sigrún Harðardóttir

Tengsl sálfélagslegrar líðanar við upphaf náms í framhaldsskóla og námsframvindu voru rannsökuð. Spurt var: Hvert er samspil sálfélagslegrar líðanar við upphaf náms og námsframvindu á almennri braut borið saman við aðra nemendur? Hvað stuðlar að velgengni nemenda sem stríða við námserfiðleika?

256 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Lífið í blóma


Gunnlaugur Benedikt

Tvinnað er saman upplifunum og hugrenningum höfundar. Tvinnað er saman hefur íslenska blómamynd öðru megin og persónulega frásögn hinum megin. Sýnir að hrjóstrug íslensk náttúra gefur af sér fegurð og að mótlæti er hægt að breyta í hversdagslega sigra. Afurðin er ríkidæmi núvítundar og jákvæðni.

206 bls.

fetA

SVK



Lífspróttur, næringarfræði fróðleiksfúsra

Ólafur Gunnar Sæmundsson

Lífspróttur er veigamesta bók um næringarfræði sem gefin hefur verið út á Íslensku. Fjallað er um þætti eins og orkuefni og trefjar, vítamín, vatn og steinefni, offitu og hefðbundnar sem óhefðbundnar megrunaraðferðir, það að vera of grannur, næringartengda sjúkdóma og íþróttir og næringu. Einnig hefur bókin að geyma nokkuð ítarlegt neyslukerfi þar sem tilgreindar eru hitaæiningar fjölda afurða. Bók sem áhugasamir um næringarfræði ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

376 bls.

ÓS

IB



Lykilorð 2016

Orð Guðs fyrir hvern dag

Í Lykilorðum eru tvö biblíuvers fyrir hvern dag ársins auk sálmafers eða fleygs orðs, sem bæn eða til frekari ihugunar. Uppbygging bókarinnar og innihald biður upp á fjölbreytta notkun. Lykilorð hafa náð að festa sig í sessi sem daglegur förunautur margra á þeim rúma áratug sem þau hafa verið gefin út hér á landi.

144 bls.

Líffmótun

KIL



Mannorðsmorðingjar?

Björn Þorláksson

Hér er á ferðinni umfangullur um hlutverk og stöðu íslenskra fjölmiðla með sjálfsvæisögulegu ívafi. Björn Þorláksson er þaulreyndur fjölmiðlamaður og hlífir hvorki sjálfum sér né öðrum, og útkoman er ógrandi lesning, skemmtileg og upplýsandi.

216 bls.

Bókaútgáfan Salka

SVK



Manuscripts from the Arnarnagæan Collection

Ritstj.: MatheW James Driscoll og Svanhildur Óskarsdóttir

Ritið 66 handrit úr fómum Árna Magnússonar er nú komið út í enskri þýðingu. Hið stórmerka safn handrita sem varðveitt er undir nafni hans er gríðarlega fjölbreytilegt, eins og kemur fram í þessari bók. Þarna má m.a. finna bókmenntir og fræði, guðsorð og lögbækur, dagatöl og söngbækur.

238 bls.

Háskólaútgáfan

IB



Smárit Sögufélags

Með álfum

Ævisaga flökkukonunnar Ingiríðar Eiríksdóttur frá Haga í S-Þingeyjarsýslu 1777–1857

Yngvi Leifsson

Hér er sögð saga flökkukonu á Íslandi. Ævi hennar var erfið og áföllin ærin. Ingiríður Eiríksdóttir fæddist árið 1777. Barnung neyddist hún til að flytja frá bæ til bæjar á Norðurlandi, upp á náð og miskunn annarra komin þegar óvenju hart var í ári á Íslandi.

192 bls.

Sögufélag

SVK



Meðvirkni

– orsakir, einkenni, úrræði

Pia Mellody

Þýð.: Hilmar Ramos

Meðvirkni er ástand sem getur haft áhrif á allt líf okkar: fjölskyldu og frama, hugsanir, tilfinningar og hegðun. Pia Mellody er einn helsti brautryðjandinn í skilgreiningu á meðvirkni og hefur gefið út bækur og kennsluefni um greiningu, orsakir og meðhöndlun vandans. Grundvallarrit um meðvirkni.

288 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK



Meistarar skáksögunnar

Jón Þ. Þór

Í þessari fróðlegu og skemmtilegu bók segir Jón Þ. Þór sögu helstu meistara skáksögunnar frá Steinitz til Bobbys Fischers og Friðriks Ólafssonar. Hann rekur ævintýrilega ævi meistaranna, bregður upp lifandi mynd af skákferli þeirra og skýrir með mörgum stöðumyndum eftirminnilegustu skákir þeirra. Fjöldi ljósmynda prýðir þessa glæsilegu bók.

280 bls.

Ugla

IB



Meistari allra meina

Ævisaga krabbameins

Siddhartha Mukherjee

Þýð.: Ólöf Eldjárn

Verðlaunabók um vandmeðfarið efni; aðgengileg, ítarleg og traust. Hér er saga krabbameins rakin, sagt frá viðleitni til lækningar fyrr og síðar, sjúklingum, læknum og vísindafólki, þrotlausum rannsóknnum, uppgötvunum, mistökum, árangri og sigrum. Bók skrifuð af viðtækri þekkingu og persónulegri reynslu.

610 bls.

Forlagið

IB



Menningararfur á Íslandi

Gagnrýni og greining

Ritstj.: Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein

Hér er spurt gagnrýninnu spurninga um menningararf. Hvers vegna er sumu gömlu hampað sem ómetanlegum menningararf á meðan annað er léttvægt fundið? Arfinum er m.a. lýst sem sameiningar- og sundrunaraffli, hugtaki sem fólk tekur til handargagns, hreyfiafli er drifur áfram athafnir þess o.s.frv.

372 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Merking og tilgangur

Páll Skúlason

Í bókinni setur Páll Skúlason heimspeki sína fram á skipulegan hátt. Honum lánadist að ljúka við verkið skömmu áður en hann lést í apríl sl. Í verkinu glímur Páll við spurningar um stöðu og einkenni mannverunnar sem finnur merkingu í heiminum og þar með tilgang í lífinu.

250 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Milli mála 2015

Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir og Þórhallur Eypórsson

Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu er gefið út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Það birtir ritryndar fræðigreinar, þýðingar og viðtöl á síðunni <https://ojs.hi.is/millimala>.

200 bls.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan

Dreiging: Háskólaútgáfan

RAF



Norraenir guðir í nýju landi

Íslensk heiðni og guðsögur

Böðvar Guðmundsson og Heimir Pálsson

Heimir Pálsson segir hér frá heiðinni trú eins og hún var iðkuð og rekur örlög guðanna á Íslandi og Böðvar Guðmundsson endursegir allar norrænar guðsögur sem kunnar eru. Aðgengilegur fróðleikur um forn trúarbrögð Íslendinga helst hér í hendur við líflegar og skemmtilegar sögur af guðunum sem gátu verið fjarska mannleir.

263 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Nýja tilvitnanabókin

Kolbrún Bergþórsdóttir

Nýja tilvitnanabókin inniheldur á fimmta þúsund tilvitnanir víða að úr heiminum og frá umliðnum 3000 árum. Tilvitnanirnar eru af ýmsum toga – úr ræðum og ritum, íslenskum og erlendum bókmenntum, popplögum og Íslendingasögunum, svo nokkuð sé nefnt.

409 bls.

Veröld

IB



Orð að sönnu

Íslenskir málshættir og orðskviðir

Jón G. Friðjónsson

Stærsta safn íslenskra málshátta og orðskviða sem út hefur komið, í senn hagnýtt uppláttarrit og vandað fræðirit. Fjallað er um aldur, uppruna og merkingu um 12.500 málshátta, frá elstu heimildum til nútímans. ***** „... ótæmandi uppspretta fróðleiks og skemmtunar ...“

Árni Matthíasson / Morgunblaðið

736 bls.

Forlagið

SVK

ENDUR
ÚTGÁFA



Óðsmál (rannsóknaverkefni)
3 nýjar stórmerkilegar bækur Óðsmál
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
*Að leggja Bifröst
*Vitund og móðir náttúra
*Baldur Höður Loki
Til á íslensku og ensku.
www.odsmal.org
388 bls.
Freyjukettir, Norræn menning

KIL



Passíusálmarnir
Hallgrímur Pétursson
Umsj.: Möður Árnason
Ný útgáfa Marðar Árnasonar íslenskufraeðings á Passíusálmunum gerir þetta vinsælasta íslenska bókmenntaverk allra tíma loksins aðgengilegt. Skýringar, umföllun og samantektir gera efnið leikandi létt og glæsileg bókarhönnun hjálpar enn betur til.
656 bls.
Crymogea

IB



Pælingar III
Páll Skúlason
Greinar Páls falla í þrjá flokka: Stjórnmal og samfélag – tilfinningar og trú – siðfræði og menntun. Í þeim fjallar hann m.a. um stöðu fjölmiðla, framtíðarríkið, trú, elli, siðareglur og um tilgang náms og á því erindi við þá þeirra sem vilja yfirvega málefni samtímans með aðstoð heimspekinnar.
232 bls.
Háskólaútgáfan

SVK



Rabbað um veðrið og fleiri heimspekileg hugtök
Vilhjálmur Árnason
Í stuttum, læsilegum pistlum beitir höfundur heimspekilegri greiningu á ólík hversdagsleg málefni. Ádeilur, þar sem spjótum er beint að vinnubrögðum og viðhorfum í stjórnmálum, sem og hugleiðingar um tilvistarleg stef á borð við tilgang lífsins, hugrekki, ábyrgð, þakklæti og líðandi stund.
250 bls.
Háskólaútgáfan

SVK



Rétturinn til letinnar
Paul Lafargue
Þýð.: Guðmundur J. Guðmundsson
130 ára vakningarrít sem enn á erindi enda ádeila á soun og græðgi iðnaðarsamfélagsins. Höfundur sem var tengdasonur Karls Marx og einn af frumkvöðlum sósíalísmans deilir hér á almenna dyrkun vinnunnar. Ritið er eitt þekktasta rit 19. aldar sósíalista en birtist nú í fyrsta sinn á íslensku.
82 bls.
Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Ritið 1-3/2015
Ritstj.: Jón Ólafsson
1. hefti ársins 2015 er helgað ironíu, sem má í stuttu máli lýsa sem misræmi í ytri og eiginlegri merkingu; á því sem sagt er og raunverulega meint. Í 2. hefti eru birt sýnishorn af nýlegum doktorsritgerðum. 3. hefti er væntanlegt.
450 bls.
Háskólaútgáfan

KIL




Rof
Frásagnir kvenna affóstureyðingum
Ritstj.: Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir
Hér er fléttað saman frásögnum 76 ólíkra kvenna af sam-eiginlegri reynslu; kvenna sem vildu ekki rjúfa meðgöngu og öðrum sem þurftu að berjast fyrir því að komast í fóstureyðingu. Allar hjálpa þær lesendum að setja sig í spor kvennana og skilja aðstæður þeirra.
282 bls.
Háskólaútgáfan

SVK



Saga
Tímarit Sögufélags. LIII: 1 2015 og LIII: 2 2015
Ritstj.: Sigrún Pálsdóttir
Tímaritið *Saga* kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast m.a. greinar, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands.
199 bls.
Sögufélag

SVK



Saga bólusetninga
Sjúkdómar, blekkingar og tálsýnir
Dr. Suzanne Humphries, MD og Roman Bystryanyk
Þýð.: Ása Sigurlaug Harðardóttir
Saga Bólusetninga frá upphafi. Læknirinn Suzanne Humphries grefur upp áhugaverða og oft á tíðum ótrúlega sögu bólusetninga allt frá fyrstu tíð til okkar daga.
Fjölmargar tilvitnanir í hinar ýmsu rannsóknir gegnum tíðina gefa innsýn sem flestum hefur verið hulin til þessa.
502 bls.
Heimshorn

KIL




Saga Breiðafirðinga I
Fólk og rými frá landnámi til plágummar miklu
Sverrir Jakobsson
Ritstj.: Helgi Þorláksson
Breiðafjörður hefur sérstöðu meðal héraða á Íslandi hvað varðar stjórnmál, menningu og atvinnuhætti. Þar hefur sjórinn verið þjóðbraut fremur en farartálmi. Í þessu riti er fjallað um Breiðafjörðinn sem hluta af stærri heild Norður-Atlantshafsins en einnig um minni svæði innan héraðsins.
246 bls.
Háskólaútgáfan

IB



Saga Evrópusamrunans
Evrópusambandið og þátttaka Íslands
Ritstj.: Tómas Joensen o.fl.
Fjallað er um Evrópusamrunann á aðgengilegan hátt fyrir almenna lesendur. Saga hans er rakin frá síðari heimsstyrjöldinni og gerð grein fyrir ákvarðanatöku og málaflokkum Evrópusambandsins. Einnig er fjallað um EFTA, EES og Schengen. Bókin er kennslubók fyrir framhaldsskóla og háskóla.
150 bls.
Háskólaútgáfan

SVK



Sagnalíf
Sextán greinar um fornar bókmenntir
Jónas Kristjánsson
Úrval greina eftir Jónas Kristjánsson fyrrverandi forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og prófessor við Heimspekideild Háskóla Íslands. Í þeim fjallar hann um sigild viðfangsefni íslenskra fræða: aldur forsagna, leit að höfundum þeirra, mál og stíl, sannfræði og skáldskap.
422 bls.
Háskólaútgáfan

SVK



Skilnaður – en hvað svo?

Leiðsögn á vegi til betra lífs

Guðný Hallgrímsdóttir

Höfundur fylgir lesanda á leið sem gengin er eftir skilnað. Sjónum er beint fram á veg í flóknum veruleika í átt til betra lífs. Bjartsýni og von og slatti af húmor einkennir bókina. Sálgæslu- og sjálfhjálparbók fyrir konur og karla. 126 bls.

Skálholtsútgáfan

SVK



Skírnir – Tímarit HÍB

vor & haust 2015, 189. árg.

Ritstj.: Páll Valsson

Fjölbreytt og vandað efni m.a. um íslenskar bókmenntir, náttúru, sögu og þjóðerni, heimspeki, vísindi, myndlist og stjórnmál og önnur fræði í sögu og samtíð. *Skírnir* er eitt allra vandaðasta fræðatímarit Íslendinga. Nýir áskrifendur velkomnir; Sími 588-9060.

555 bls.

Híð íslenska bókmenntafélag

KIL



Skrifaðu bæði skýrt og rétt

Höskuldur Þráinsson

Bókin er hugsuð sem handbók og kennslubók, annarsvegar fyrir þá sem fást við fræðileg skrif og hinsvegar þá sem þurfa að meta slík skrif eða leiðbeina um þau. Fjallað er m.a. um skipulag og framsetningu fræðilegra texta, fræðilega röksemdafærslu, heimildanotkun og gagnrýnninn lestur. Gagnleg handbók.

332 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Snorra-Edda

á nútímamálsensku

Endurs.: Bjarki Bjarnason

Edda Snorra Sturlusonar var rituð á fyrri hluta 13. aldar; verkið hefur lengi verið kennsluefni í framhaldsskólum landsins og textinn reynst mörgum erfiður viðureignar. Í þessari útgáfu hefur Bjarki Bjarnason snúið hluta Snorra-Eddu á auðskiljanlegt nútímamál og opnað öllum almennig þetta stórkostlega verk.

168 bls.

Óðinsauga útgáfa

KIL



Spakmælabókin

Fleygar tilvitnanir og spakmæli frá ýmsum tímum

Samant. og þýð.: Torfi Jónsson


Spakmæli, snjallyrði og spaugilegar og djúpvittrar tilvitnanir geta orðið ómæld skemmtun og vakið til umhugsunar. Hér er að finna yfir átta þúsund tilvitnanir af ýmsu tagi, sumar alunnar en aðrar eru lítt þekktir gullmolar sem geta varpað nýju ljósi á veruleikann eða vakið hlátur.

524 bls.

Forlagið

IB

ENDUR
UTGÁFA



Spánverjavígin / Euskal baleazaleen hilketa /

La matanza de los vascos /

Slaying of the Basques 1615

Jón Guðmundsson lærði

Inng.: Már Jónsson

Þýð.: Hólmfríður Matthíasdóttir, Viola Miglio og Ane Undurraga
Árið 1615 drápu Íslendingar 31 baskneskan skipbrotsmann. Jón Guðmundsson lærði var ósáttur við þessar aðfarir og skrifaði þessa bók. Fyrir hana var hann dæmdur í útleð. Bókin er nú gefin út á fjórum tungumálum.

228 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Starfstengd leiðsögn

Kennaramenntun og skólaþróun

Ragnhildur Bjarnadóttir

Fjallað um starfstengda leiðsögn á sviði uppeldis og menntunar, einkum leiðsögn kennaranema í vettvangsnámi og nýliða í kennslu. M.a. er fjallað um samskipti þar sem stefnt er að menntun og fagmennsku í starfi, helstu kenningar um starfstengda leiðsögn og leiðsagnarhlutverk kennara og skóla.

150 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Sterbúsins fémunir framtöldust þessir

Synisbækur íslenskrar alþýðumenningar

Már Jónsson

Lögboðið var að skrá eignir nýlátins fólks vegna arfaskipta. Skráð var allt frá bústofni og verkfærum til búsmuna, fatnaðar og bóka. Markmið útgáfunnar er að vekja athygli á þessum gögnum, almennum lesendum til fróðleiks og skemmtunar, en jafnframt að leggja grunn að frekari rannsóknnum fræðimanna.

416 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915

Smári Geirsson

Í þessu mikla verki birtist í fyrsta sinn ítarleg rannsókn á hvalveiðum við Ísland síðan land byggðist uns þær voru bannaðar með lögum árið 1915. Gerð er grein fyrir veiðum Íslendinga en meginumfjöllunin er um hvalveiðar erlendra manna. Bókina prýða um 470 myndir og kort sem gæða umfjöllunina lífi.

586 bls.

Sögufélag

IB



Stríðsárin 1938–1945


Páll Baldvin Baldvinsson

Magnþrungnið stórvirki sem færir Ísland inn á landakort heimsstyrjaldarinnar síðari. Sýnt er hvernig landið varð órofa hluti af stríðinu sem fram fór um víða veröld. Grimmd, lífsþorsti, hetjudáðir og hryllingur stríðsátakanna er dreginn fram í fjölda frásagna, fréttaskeyta, leyniskjala, dagbóka og minningabrota auk þess sem verkið geymir aragrúa ljósmynda, innlendra sem erlendra, sem margar koma nú í fyrsta sinn fyrir almenningssjónir.

1088 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Sveppahandbókin

100 tegundir íslenskra villisveppa

Bjarni Diðrik Sigurðsson

Ómissandi handbók fyrir alla sem áhuga hafa á sveppum og sveppatíslu. Áttatíu tegundum villtra matsveppa eru gerð rækileg skil og sagt frá eitruðum sveppum sem ber að varast. Fjallað er um útbreiðslu og greiningu tegunda, sveppatíslu, meðhöndlun og nýtingu. Bókin er ríkulega myndskreytt.

287 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Sögur af orðum

Katrín Axelsdóttir

Breytingar á beygingakerfi íslensku eru flestar smávægilegar. Í þessari bók er fjallað um þróun nokkurra orða sem eiga það sameiginlegt að beygingin hefur breyst mikið frá elstu tíð. Beygingarþróun orðanna er einnig borin saman og litið á atriði eins og stefnu breytinga, erlend áhrif og mállýskumun.

684 bls.

Háskólaútgáfan

IB



Tíminn minn 2016

Björg Þórhallsdóttir

Hlý og fallega myndskreytt dagbók eftir íslensku listakonuna Björgu Þórhallsdóttur, sem nú er einn vinsælasti listamaður Noregs. Þessi dagbók er sniðin fyrir konur, full af jákvæðni og góðum ráðum. Kemur út þriðja árið í röð á Íslandi.

120 bls.

Bókafélagið

IB



Traktorar í máli og myndum

Ritstj.: Jemima Dunne

Þýð.: Friðrik Friðriksson

Traktorabókin leiðir okkur á ljóslifandi hátt í gegnum sögu þessa magnaða tækis sem umbylti landbúnaði heimsins á 20. öld. Hér er fjallað um ríflega 450 traktora, sögu vinsælustu tegundanna og mennina á bak við þær. Ómissandi upplýsingarit fyrir allt áhugafólk um vélknúin farartæki og vinnuvélar.

256 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Tröllabækur

Trolle – Philosophie und Weisheit

Trolls – Filosofía y Sabiduría

Tröll – Grufl og góð ráð

Brian Pilkington

Þýð.: Alexander Schwarz, Fabio Teixido og Guðmundur Andri Thorsson

Tröllin hans Brians eru friðsælar verur sem lifa í sátt við náttúruna. Glæsileg og djúpvitur bók fyrir alla aldurshópa.

65 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Tvær eyjar á jadrinum

Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar

Sumarliði R. Ísleifsson

Ímyndnafræði fjallar m.a. um hvernig ímyndir landa og þjóða verða til, áhrifavalda í þróun þeirra, hvernig framandleikinn birtist og hvaða áhrif þættir og hugtök eins og vald, miðja og jaðar, eyjar og útópíur og norðrið hafa haft á þróun og birtingaform þeirra, m.ö.o. hvernig orðræðan hefur mótast.

290 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Um hjartað liggur leið

Jack Kornfield

Þýð.: Sigurður Skúlason


Þessi bók er talin meðal albestu rita um andleg málefni. Höfundur stefnir saman austurlenskrí speki og hugsunarahætti Vesturlandabúa og leggur áherslu á gildi þess að losa sig við neikvæðar hugsanir.

297 bls.

Bókaútgáfan Salka

SVK

ENDUR
UTGÁFA



Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

Uns yfir lýkur

Alina Margolis-Edelman

Inng.: Markus Meckl

Þýð.: Jón Bjarni Atlason

Höfundur þessarar bókar, Alina Margolis-Edelman, fæddist í Lodz í Póllandi og var barn að aldri þegar heimsstyrjöldin síðari skall á. Hún var gyðingur og svo fór að hún var færð ásamt hundruðum þúsunda annarra í gættöld í Varsjá. Frásögn hennar er látlaus en ristir djúpt.

216 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Utangarðs?

Ferðalag til fortíðar

Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsdóttir

Myndskr.: Halldór Baldursson

Hér segir frá utangarðsfólki og förufólki á Vesturlandi og Vestfjörðum á 19. og 20. öld. Slóð utangarðsfólks leynist ótrúlega víða – og fjöldi þeirra kemur á óvart. Óhætt er að segja að þessi orlagabrunna grasrótarsaga bregði nýju og óvæntu ljósi á Íslandssöguna. Bókin er ríkulega myndskreytt.

196 bls.

Ugla

KIL



Útkall

i hamfarasjó

Óttar Sveinsson

Lesari: Óttar Sveinsson

Nýfundnalandsmið í febrúar 1959. Á þriðja hundrað íslenskir togarasjómenn horfast í augu við dauðann. Eitt allra versta sjóveður sem Íslendingar hafa lent í á öldinni. Togarasjúli frá Hafnarfirði er saknað með 30 mönnum. Fulllestaður liggur Þorkell máni frá Reykjavík eins og borgarisjaki á hliðinni. Hér er barist upp á líf og dauða við að berjja ís.

224 bls. / 📖 6:00 klst.

Útkall ehf.

IB

HLB

Hljóðbók frá Hljóðbók.is



Vasapési partýljónsins

Heilvæði, limrur og léttmeti í bland

Samant.: Pétur Bjarnason

Hér er komin ómissandi handbók fyrir veislustjóra, glaumgosa eða hvern sem er, til dæmis á þorablót eða árshátíðir. Brotið er aðgengilegt og smellpassar í vasa. Limrur og kvæði í pésanum eru eftir færustu hagrýðinga okkar og þau nánast orðin þjóðareign.

Þennan pésa má ekki vanta á gleðskapinn!

81 bls.

Flóki forlag

Dreifing: Nordic Games

KIL



Vegabréf, vísakort og lykklar að hjólinu


Unnur Sveinsdóttir og Högni Páll Harðarson

Hvað fær venjulegt fólk á miðjum aldri til að pakka á mótörhjól tjaldi, núðlupakka og nafium til skiptanna og hjóla svo í fimm mánuði? Bókin er ríkulega myndskreytt og fjallar um hvernig hjón á miðjum aldri frá Íslandi takast á við ýmislegt óvænt sem getur komið upp á í mótörhjólaferð um Mið-Asíu.

128 bls.

Allsherji ehf

IB



Veganesti

Páll Skúlason

Hvert er gildi menntunar? Hver er kjarni háskólastarfs? Hvað eiga þau, sem lokið hafa háskólanámi, sameiginlegt? Í brautskráningarræðum sínum, sem birtast allar í þessari bók, fjallar Páll um ofangreind efni og tekst auk þess á við fjölmargar spurningar sem blasa við hinum nýtskrifuðu kandidötum.

188 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Vegvísir um jarðfræði Íslands

Snæbjörn Guðmundsson

Hér er á skilmerkilegan hátt fjallað um jarðfræði og jarðsögu 100 áningarstaða í öllum landshlutum. Sagt er frá því hvernig viðkomandi staðir mynduðust, hvað einkennir þá og síðast en ekki síst hvað þar er merkilegast að skoða. Einstaklega glögg og fræðandi lýsing á náttúru Íslands.

312 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Vertu úlfur

wargus esto

Héðinn Unnsteinnsson

Mögnuð frásögn af ferðalagi manns inn í heim stjórnlýsis, heim sem sumir þekkja, margir óttast en allir ættu að leitast við að skilja betur. Þetta er öðrum þræði sigursaga Héðins Unnsteinnssonar en líka saga um baráttu við fordóma, kerfið og jafnvel tungumálið sjálft. Hvað er annars að vera heilbrigður?

192 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Vestfirðingar í dagsins önn

Gamansögur úr daglega lífinu á Vestfjörðum

Samant.: Hallgrímur Sveinsson og Bjarni G. Einarsson

Vestfirðingasögur þær sem hér eru settar á bókfell, eru hluti af arfi kynslóðanna á Vestfjörðum. Þær eru valdar úr miklum sagnabálki gamansagna. Sumar aldrei verið prentaðar áður. Um sannleiksgildi þeirra gildir hið fornkeðna: Ef sagan er góð þá er hún sönn!

Góða skemmtun.

86 bls.

Vestfirska forlagið

KIL



Vinur Landeyings

Thorvald Peter Ludvig Weitemyer

Þýð.: Ragnar Böðvarsson

Fjórleg saga frá landnemabyggðum Ástrala eftir danskan ævintýramann. Kom fyrst út 1892 undir heitinu Missing friend. Í frásögn þessari koma meðal annars fram afdrif Þorvaldar Halldórssonar frá Bryggjum sem var eini Íslendingurinn sem flutti til Ástralíu á tímum þjóðflutninga 19. aldar, þegar allt að fimmtungur þjóðarinnar fór til Vesturheims.

280 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Vísindablekkingin

Rupert Sheldrake

Þýð.: Jón Grétar Hafsteinnsson

Frakkar, skýrar og hárbeyttar fullyrðingar Sheldrakes eru sterk ögrun við grunnstoðir stofnanavísinda. Þær geta hneykslað eða vakið aðdáun en þeim mistekst aldrei að örva. Sheldrake hefur sérstaka hæfileika til að koma auga á veika bletti vísindalegs rétttrúnaðar.

– Prófessor Paul Davies, höfundur *The Goldilocks Enigma*.

420 bls.

Stjörnuútgáfan

KIL



Vísindabókin

Ríttstj.: Rob Colson, Camilla Hallinan og David John

